allt

STEINAR GUÐJÓNSSON

*Andmerkjamaður í flauelsjakka*

tíska heimili heilsa ferðir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SKARPHÉÐINN ÞRASTARSON

*Einlægur aðdáandi The Kinks*

Hlakkar til að sjá Ray Davies 14. apríl.

FÓLK 46






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. janúar 2006 — 18. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

### Alltaf jafn vinsælt



Hjónanámskeið Þórhalls Heimissonar hafa slegið í gegn en rúmlega 7000 manns hafa sótt þau. Ekki bara fyrir þá sem eru í krísu.

FÓLK 38

### Býður upp á soðningu með kartöflum og tómatsósu

Sigurður Bogi Sævarsson blaðamaður er 35 ára í dag.



TÍMAMÓT 42

### Sykurlaus eplakaka

Hildur Hilmarsdóttir gefur uppskrift af girnilegri köku sem er bráðholl.



MATUR 36

### Mikil prófraun



Viggó Sigurðsson segir að það komi í ljós eftir æfingaleikina tvo gegn Frökkum hvar íslenska landsliðið í handbolta standi í raun og veru. Stefnt er að húsfylli í höllinni í kvöld.

ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL FYRIR NORÐAN** Stöku snjó- eða slydduél vestan til og skúrir með landinu sunnanverðu. Skýjað með köflum fyrir austan. Bætir í vind syðra og á Vestfjörðum með kvöldinu. Hiti 1-3 stig syðra, annars frost.

VEÐUR 4




# Þurfa ekki að greiða fyrir ónýttan kvóta

**Dregin er upp dökk mynd af stöðu rækjuiðnaðarins í nýrri opinberri skýrslu. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að innheimta ekki veiðigjald af rækjukvótum. Fulltrúar rækjuverksmiðja ræða vanda greinarinnar ásamt erlendum kollegum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Ómögulegt er að segja til um hvenær rækjuiðnaður nær fyrri styrk. Þetta kemur fram í niðurstöðum skýrslu þriggja manna nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði í október síðastliðnum.

„Ástand rækjustofna hefur verið lélegt að undanförnu og er rækjuveiði við Ísland sú minnsta í 20 ár Verulegur aflabrestur hefur orðið í úthafsrækjuveiðum og innfjarðarækjuveiði er nú engin,“ segir í skýrslunni. „Í ársbyrjun 2005 voru ellefu rækjuverksmiðjur starfandi á Íslandi en í árslok 2005 voru þær einungis átta. Á sama tíma fækkaði störfum í rækjuvinnslu úr 450 í um 220.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að skýrslan dragi upp dökka mynd af stöðu iðnaðarins.

„En ég er sannfærður um það að rækjuveiðar og -vinnsla eiga sér framtíð hér á landi og nú höfum við brugðist við með tveimur megintillögum sem skýrsluhöfundar leggja til,“ segir Einar K. „Tillögurnar tvær fela það í sér að við innheimtum ekki veiðigjald af rækjukvótum enda er enginn rækjuveiði og því órökrétt að taka gjald fyrir kvóta af tegund sem ekki veiðist. Við höfum reyndar tekið gjald fyrir þetta fiskveiðiár en það verður endurgreitt. Og í annan stað verður gerð sú breyting að þeir sem ekki nýta hluta af rækjukvóta sínum munu ekki missa kvóta líkt og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir. Með þessu viljum við gera mönnum kleift að stíga ölduna uns þessar hremmingar ganga yfir.“

Einar K. segir það í raun ekki markmiðið með breytingunum að auðvelda rækjuútvegsmönnum að skipta um fiskveiðitegund. „Menn verða að taka sjálfir ákvörðun um það hvort þeiri söðli um en þetta er í raun áretting á því að stjórnvöld hafi trú á því að þessi grein eigi framtíð fyrir sér.“

Lágt verð og óhagstæð gengisþróun hefur gert það að verkum að greinin á undir högg að sækja víða í nágrannalöndunum. Fulltrúar allra rækjuvinnslna á Íslandi hafa tekið sig saman vegna vandans í greininni og munu þeir funda í dag með kollegum sínum frá Noregi, Danmörku, Grænlandi og Færeyjum. **- jse**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON SLÆR Á LÉTTA STRENGI** Steingrímur J. Sigfússon boðaði til blaðamannafundar á hjarta- og lungnaskurðdeild Landspítalans við Hringbraut í gær en þangað var hann fluttur af gjörgæsludeild eftir bílslys í Austur-Húnavatnssýslu. Steingrímur minntist meðal annars á að NMT farsímakerfið hefði reynst sér afar vel þar sem ekkert gsm samband hefði verið á slysstað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kötturinn Palli fannst feitur og vel haldinn eftir áralanga útivist:

# Að heiman í rúm fjögur ár

**DÝRAHALD** Kötturinn Palli er kominn heim eftir að hafa verið týndur í hátt á fimmta ár. Honum var vel fagnað af eigendum sínum í Garðabænum, hjónunum Ingibjörgu Sigurjónsdóttur og Guðmundi Sigurpálssyni. Hann tók upp sína fyrri siði strax á fyrsta degi, eins og hann hefði aldrei farið að heiman.

„Við fengum hann um jólin 1996, en hann týndist þann 18. júní 2001 þegar hann komst út um glugga hjá dóttur minni Sigríði Jónu sem við dvöldum þá hjá,“ segir Ingibjörg. „Ég hringdi annað slagið í Kattholt til að grennslast fyrir um hann, en án árangurs. Í fyrradag var svo hringt í mig af Dýraspítalanum í Víðidal út af eyrnamerktum ketti sem skráður var á okkur. Þar reyndist þá Palli vera kominn eftir áralanga fjarvist að heiman.“

Ingibjörg segist viss um að kötturinn hafi dvalið einhvers staðar í góðu yfirlæti því hann væri vel feitur og vel á sig kominn. Engu að síður hefði honum skotið upp hjá konu sem hefði ekki haft tök á að hafa hann og því farið með hann á dýraspítalann. **-jss**



**KOMINN HEIM** Kötturinn Palli í faðmi Sigríðar Jónu Guðmundsdóttur, í gær.



**ÚTFÖR SJÓLIÐA** Einn sjóliðanna sem látið hefur lífið í árásum skæruliða tamíla í Trincomalee borinn til grafar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Friðargæsla á Sri Lanka:

## Stjórnarherinn sendir liðsauka

**SRI LANKA, AP** Stjórnarher Sri Lanka sendi fjölmennan liðsauka til hafnarborgarinnar Trincomalee í gær, daginn eftir að friðargæsluliðar norrænu SLMM-sveitarinnar hættu eftirliti þar af öryggisástæðum.

Trincomalee er 230 km norðaustur af höfuðborginni Colombo og þar er mikilvæg flotastöð. Helen Ólafsdóttir, talsmaður SLMM-friðargæsluliðsins sem Norðmenn stýra, sagði á þriðjudag að öryggisástandið í borginni væri „óviðunandi“. Tveir aðrir Íslendingar starfa nú á vegum Íslensku friðargæslunnar í SLMM-eftirlitssveitunum. ■

Stefán Ólafsson prófessor:

## Skattbyrði hefur aukist

**STJÓRNMÁL** Skattbyrði hefur aukist hjá öllum á síðustu tíu árum nema hjá fjölskyldum sem hafa 1,2 milljónir eða meira í mánaðarlaun. Fullyrðing ríkisstjórnarinnar um að skattbyrði hafi lækkað hér á landi eru einhver mestu ósannindi íslenskra stjórnmála í marga áratugi. Þetta segir Stefán Ólafsson, prófessor.

Hann segir ennfremur að skattbyrði fjölskyldna sem höfðu minna en 250 þúsund krónur í mánaðarlaun árið 2004 hafi aukist um fjórtán til fimmtán prósent. Fólk í þeim hópi greiði frá 275 og upp í 448 þúsund krónum meira í skatt en það hefði gert væri skattaumhverfið eins og það var fyrir tólf árum. **- jse**





## SPURNING DAGSINS

*Guðlaugur, á ekki að friða nefið líka?*

Það hlýtur að koma að því fyrst menn eru byrjaðir. Ég vil að minnsta kosti ekki virkja það.

Nýlega voru Guðlaugstungur friðaðar og nú verður lögð fram þingsályktunartillaga um að stækka friðland Þjórsárvera enn frekar. Guðlaugur Þór Þórðarson er formaður umhverfisnefndar.

Vinnuhópur er skipaður var til lausnar deilna leikskólakennara í Reykjavík:

# Lauk störfum án niðurstöðu

**KJARAMÁL** Starfshópur sá er Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri kom á fót fyrir áramót að kröfu leikskólakennara vegna óánægju með starfskjör hefur lokið störfum án þess að komast að niðurstöðu.

Bundu margir leikskólastarfsmenn á höfuðborgarsvæðinu vonir við að starfshópurinn kæmist að niðurstöðu fyrir fund launanefndar sveitarfélaganna sem fram fer á föstudaginn. Var sú krafa gerð að hann yrði settur á laggirnir fyrir þann tíma til að koma í veg fyrir uppsagnir fjölmargra leikskólakennara innan Félags leikskólakennara.

Björg Bjarnadóttir, formaður félagsins, segir nú boltann hjá sveitarstjórnum. Starf hópsins sé ekki alveg fyrir bí þar sem fjölmargar tillögur og hugmyndir hafi verið reifaðar og geti komið að gagni á fyrirhugaðri launamálaráðstefnu. „Það er brýnt að tekið sé á málinu og gerðar ráðstafanir sem duga til að koma á friði í leikskólunum.“ **-aöe**



**TILKYNNT UM STARFSHÓPINN** Borgarstjóri tilkynnti reiðum leikskólakennurum að orðið yrði við kröfum þeirra um starfshóp til að fara yfir kjaramál þeirra fyrir áramót. Hópurinn hefur lokið störfum án árangurs.

Bústaður brann á Flúðum:

## Maður fékk reykeitrun

**SLÖKKVILIÐ** Flytja þurfti mann á sjúkrahús vegna reykeitrunar, eftir að eldur kom upp í sumarbústað skammt frá Flúðum um miðnætti í fyrrakvöld. Fjórir voru í bústaðnum, maðurinn, kona hans og vinahjón þeirra.

Jóhann Marelsson, slökkviliðsstjóri á Flúðum, segir slökkviliðið hafa komið á vettvang um tíu mínútur yfir miðnætti, sex mínútum eftir útkall. „Þeir sem voru í bústaðnum höfðu haldið eldinum niðri með vatni en kviknað hafði í þaki út frá reykröri frá arni sem er í bústaðnum.“

Skemmdir á bústaðnum eru töluvert miklar. **- gag**

Snjóflóð í Óshlíð:

## Ökumaður lenti í snjóflóði

**SLYS** Ökumaður ók inn í snjóflóð sem fallið hafði á veginn undir Óshlíð í gærmorgun. Vegfarendur, sem komu fljótlega að, hjálpuðu ökumanninum úr bifreiðinni en skömmu síðar var komið með snjóruðningstæki til að losa bifreiðina.

Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði, segir að mikið hafi snjóað um þetta leyti og var vegurinn lokaður um tíma. Hann segir að snjóflóðið hafi fallið á þeim stað þar sem fyrirhugað sé að gera jarðgöng samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar. Hann segir þó ekki svo algengt að snjóflóð falli þar og sýni þetta því hversu aðstæður séu ófyrirsjáanlegar á þessu svæði. **- jse**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kviknaði í Kádilják** Eldur kviknaði í mælaborði nýlegs bíls í Hveragerði í fyrradag. Verið var að gangsetja bílinn þegar kviknaði í honum. Lögreglan telur að bilun hafi orðið í rafkerfi bílsins.

**Á ferð án réttinda** Tveir próflausir ökumenn voru stöðvaðir í reglubundnu umferðareftirliti lögreglunnar á Selfossi í gær. Báðir voru þeir á miðjum aldri.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Brotum fjölgar en sakfellingum ekki

**Þótt fjöldi kynferðisbrotamála hafi tvöfaldast hefur sakfellingum ekki fjölgað. Jóhanna Sigurðardóttir bendir á galla í réttarvörslukerfi barna. Dómsmálaráðherra segir engar rannsóknir á bak við ályktanir Jóhönnu.**

**STJÓRNMÁL** „Umfang mála úr barnaverndar- og réttarvörslukerfinu, sem snerta kynferðisbrot gegn börnum, hafa nær tvöfaldast á tíu árum á sama tíma og sakfellingum fjölgaði aðeins um eina,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær.

Hún beindi fyrirspurn sinni til dómsmálaráðherra og sagði að málum hefði að jafnaði fjölgað úr 123 á ári í 222 frá árinu 2002. Sakfellingum hefði aðeins fjölgað úr 16 í 17 á sama tíma.

„Forstöðumaður Barnaverndarstofu hefur haldið því fram að breyting sem gerð var 1999 um meðferð opinberra mála hafi haft óheppileg áhrif í réttarvörslukerfinu,“ sagði Jóhanna.

Breytingin sem um ræðir fól meðal annars í sér að sakborningur og verjandi í kynferðisbrotamálum gegn börnum fengu heimild til þess að vera viðstaddir framburð barnsins.

„Engar rannsóknir liggja fyrir um að séu sakborningur og verjandi viðstaddir, leiði það til þess að ekki sé sakfellt í máli,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Fram kom einnig í máli hans að breytingin á lögunum árið 1999 væri í anda 6. greinar mannréttindasáttmála Evrópu. „Þetta var talið börnum til hagsbóta til þess að þau þyrftu aðeins einu sinni að koma fyrir dóm,“ sagði Björn.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, sagði í hæsta máta óeðlilegt að meintur ofbeldismaður væri viðstaddur. „Sjöttu grein mannaréttindasáttmála Evrópu er ekki ætlað að auðvelda ofbeldismanni að hagaræða málflutningi sínum,“ sagði Kolbrún. Hún taldi eðlilegt að meintur ofbeldismaður fengi að skoða gögn þolanda eftir að hann hefði sjálfur borið vitni.

Fram kom í máli dómsmálaráðherra að lög um meðferð opinberra mála eru nú til endurskoðunar og að umræddur þáttur laganna yrði einnig athugaður áður en frumvarpið fengi endanlegan búning.

Fram kom í máli Rannveigar Guðmundsdóttur, Samfylkingunni, að rannsóknir lækna á börnum, sem grunur léki á að hefðu verið beitt kynferðisofbeldi, hefðu legið niðri í eitt og hálft ár.

**johannh@frettabladid.is**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR, SAMFYLKINGU** Brotalamir eru í réttarvörslu kynferðisbrotamála að mati Jóhönnu.



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Lög um meðferð opinberra mála eru til endurskoðunar.



**AUSTURRÍKISKANSLARI** Wolfgang Schüssel talar í Evrópuþinginu í Strassborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Schüssel kynnir formennsku:

## ESB fái eigin skatttekjur

**STRASSBORG, AP** Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis sem nú gegnir formennsku í Evrópusambandinu, lagði í gær til að fjármögnun sambandsins verði komið í fastari skorður með því að því verði eyrnamerktur sérstakur skattur sem innheimtur yrði í öllum aðildarríkjunum. Schüssel bar tillöguna fram í ræðu þar sem hann kynnti dagskrá formennskumisseris Austurríkis fyrir Evrópuþinginu og virtist tillagan hugsuð til að sefa áhyggjur af langtímafjárhag sambandsins.

Sagði Schüssel að hægt væri að leggja þennan „ESB-skatt“ á flug og skammtímafjármagnsflutninga til að aftengja tekjulindir sambandsins sveiflukenndum fjárlögum aðildarríkjanna. ■

Ingvi Hrafn og Arnþrúður:

## Sættast um mál Útvarps Sögu

**DÓMSMÁL** Ingvi Hrafn Jónsson, Sigurður G. Tómasson og Arnþrúður Karlsdóttir hafa náð sáttum í málum sem Ingvi Hrafn og Sigurður höfðuðu gegn Arnþrúði og Útvarpi Sögu, en Ingvi og Sigurður töldu sig eiga peninga inni hjá útvarpsstöðinni síðan þeir voru þar starfsmenn.

Ingvi Hrafn, Sigurður og lögmaður þeirra óskuðu eftir því að ná sáttum um málið utan réttar og féllst Arnþrúður á það. **- mh**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Alþjóðlegar varnir gegn útbreiðslu fuglaflensu:

# Þjóðir heims heita stórfé

**KÍNA, AP** Þjóðir heims hafa brugðist snarlega við hvatningu alþjóðastofnana um að leggja fé í alþjóðasjóð til að verjast fuglaflensu og hafa nú þegar 1,9 milljarðar Bandaríkjadollara safnast í sjóðinn, um 117 milljarðar króna. Þar af eru um 900 milljónir dollarar í formi lána, en afgangurinn í styrkjum.

Sjóðurinn var samþykktur í Peking í Kína í gær á lokadegi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fuglaflensufaraldurinn sem um 700 manns frá 100 löndum sóttu. Meirihluta fjárins verður varið til heilsugæslu og dýralækninga í því skyni að koma í veg fyrir að veiran stökkbreytist og berist mann frá manni, auk rannsókna á veirunni.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur staðfest lát 79 manna úr veirustofninum H5N1 á síðustu þremur árum. Ef veiran stökkbreytist gæti hún valdið heimsfaraldri og orðið jafnvel milljónum manna að bana.

Í gær staðfestu stjórnvöld í Írak lát 14 ára stúlku og er það fyrsta mannslátið af völdum veirunnar þar í landi. Óttast er um líf fimm ára tyrknesks drengs sem liggur á sjúkrahúsi í Austur-Tyrklandi, en systir hans lést úr veikinni á sunnudag. Jafnframt leikur grunur á að 11 ára telpa hafi látist úr veirunni í Tyrklandi í gær. Fjölmörg börn voru lögð inn á sjúkrahús í gær í Tyrklandi, grunuð um að hafa sýkst af veirunni. Flestir sem sýkst hafa í Tyrklandi eru börn og unglingar. **- smk**



**FUGLAFLENSA** Svanur breiðir úr vængjum sínum í Kosovo í gær. Um 117 milljarðar íslenskra króna hafa safnast í alþjóðasjóð til að verjast fuglaflensu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM15962

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.01.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,28 | 61,58 |
| Sterlingspund | 108,35 | 108,87 |
| Evra | 74,26 | 74,68 |
| Dönsk króna | 9,953 | 10,011 |
| Norsk króna | 9,145 | 9,199 |
| Sænsk króna | 7,953 | 7,999 |
| Japanskt jen | 0,5322 | 0,5354 |
| SDR | 88,9 | 89,42 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**103,9022**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**KJÖTVÖRUR SELJAST VEL** Hver Íslendingur innbyrti um 80 kíló af kjöti á síðasta ári.

Kjötneysla Íslendinga eykst:

## Lambakjötið vinsælast

**LANDBÚNAÐUR** Svipað magn af kjöti var framleitt hér á landi á síðasta ári og árið á undan samkvæmt bráðabirgðatölum Bændasamtaka Íslands.

Heildarsala jókst þó lítillega, um 2,8 prósent, sem svarar til að hver íbúi landsins hafi innbyrt tæplega 80 kíló af kjöti. Var lambakjötið vinsælast sem fyrr en sala á alifuglakjöti jókst um tæp fimmtán prósent og seldist næstmest. Samdráttur varð í sölu á svína- og nautakjöti.

- aöe

Leikskólakennarar í Kópavogi:

## Skorað á bæjarstjórn

**KJARAMÁL** Trúnaðarmenn á leikskólum Kópavogs hafa skorað á bæjaryfirvöld í Kópavogi að umbuna starfsmönnum leikskóla sinna fyrir vel unnin störf.

Er farið fram á að launakjör þeirra verði leiðrétt á fyrirhugaðri launamálaráðstefnu sveitarfélaganna á föstudaginn kemur með þeim hætti að eftirsóknarvert verði á ný að starfa í leikskólum bæjarins.

- aöe

### FINNLAND

**Atkvæðagreiðsla hafin** Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í annarri umferð forsetakosninganna í Finnlandi hófst í gær og stendur hún í viku. Kosningarnar fara fram þarnæsta sunnudag.

Alþingismenn fá ekki enn gögn eftirlitsstofnunar EFTA um Ríkisútvarpið:

# Skortir gögn með frumvarpi

**STJÓRNMÁL** Engin gögn um afstöðu ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, hafa verið lögð fram á Alþingi með frumvarpi um breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði við upphaf þingfundar í gær að menntamálanefnd Alþingis hefði ekki fengið aðgang að samskiptum menntamála- og fjármálaráðuneytisins við ESA varðandi rekstrarform Ríkisútvarpsins þrátt fyrir að hafa beðið um þau margoft.

„Ég tel að ekki sé hægt að ræða málið nema fá gögnin í hendur,“ sagði Mörður.

Nokkrir þingmenn tóku undir kröfu Marðar. Kolbrún Halldórsdóttir, hjá vinstri grænum, sagði það tortryggilegt að liggja á gögnunum. Þingmenn yrðu að geta metið málefni Ríkisútvarpsins á sömu forsendum og ríkisstjórnin.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður menntamálanefndar, kvaðst einnig hafa beðið um gögnin fyrir hönd nefndarinnar. Fundur hefði verið í vikunni hjá ESA þar sem málefni Ríkisútvarpsins hefðu verið rædd. „Þessi gögn berast og það fyrr en síðar,“ sagði Sigurður Kári. - jh



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON, FORMAÐUR MENNTAMÁLANEFNDAR** Hann hefur einnig beðið um gögnin og segir þau berast von bráðar.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fimmtán árekstrar í Reykjavík**
Fimmtán ákeyrslur og árekstrar urðu síðasta sólarhring í Reykjavík. Lögreglan segir það ekki meira en vanalega en töluvert hafi verið um atvik þar sem ökumenn hafi stungið af eftir að hafa ekið utan í aðra bíla.

**Tveir stútar undir stýri** Maður á miðjum aldri var tekinn grunaður um ölvun við akstur á Breiðholtsbraut í Reykjavík í gærmorgun. Var hann á leið í áfengisverslun að sækja meira í sarpinn þegar lögreglan stöðvaði för hans. Annar var tekinn í fyrrinótt einnig grunaður um ölvun við akstur.

**Árekstur í Garðabæ** Ökumaður kenndi smávægilegra eimsla eftir að jeppa var ekið inn í hlið fólksbíls sem hann ók. Óhappið varð á Víðistaðavegi í Garðabæ í gærmorgun. Draga þurfti mikið skemmdan fólksbílinn burt. Ökumennirnir leituðu ekki til læknis.

# Traustur bíll og hlý föt björguðu Steingrími J.

**Steingrímur J. Sigfússon bar sig vel í gær þrátt fyrir að vera með þrettán brotin rifbein. Steingrímur var á vel búnum bíl og í hlýjum fatnaði sem hann segir hafa skipt sköpum.**

**SLYSFARIR** „Mér líður furðu vel þessa stundina, miðað við aðstæður,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, þar sem hann lá á hjarta- og lungnaskurðdeild Landspítalans við Hringbraut í gær.

Steingrímur braut þrettán rifbein og viðbein að auki í bílslysinu við Húnaver og eru áverkarnir sérstaklega alvarlegir vinstra megin á brjóstholi. Hann telur sig heppinn að hafa sloppið eins vel og raun ber vitni. „Ég held að það sé lán í óláni að ég eyðilagði ekki mikilvæg líffæri í slysinu. Það hefur eflaust hjálpað eitthvað til að ég var ágætlega á mig kominn líkamlega.“



**TÓMAS GUÐBJARTSSON LÆKNIR**

Tómas Guðbjartsson, læknir á Landspítalanum, segir líðan Steingríms vera eftir atvikum góða. „Steingrímur ber sig vel. Miðað við aðstæður held ég að hann hafi sloppið vel frá slysinu.“

Umfangsmikil björgunaraðgerð lögreglu, á Sauðárkróki og Blönduósi, og Landhelgisgæslunnar heppnaðist vel og sagðist Steingrímur þakklátur öllu því fólki sem að björguninni kom. „Ég vil fá að nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hjálpuðu til við björgunina. Allt frá starfsmanni Neyðarlínunnar sem talaði við mig meðan ég var hálf utangátta og vöruflutningabílstjóranum sem var fyrsti maður á slysstað, til allra þeirra sem að sjúkraflutningum og læknastörfum komu.“



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Á LANDSPÍTALANUM** Steingrímur bar sig vel þar sem hann lá á Landspítalanum við Hringbraut í gær. Á myndinni sést í bókina Hesturinn sem Steingrímur fékk að gjöf frá Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steingrímur sagðist alltaf hafa það að reglu að vera vel búinn þegar hann keyrir landshluta á milli. „Á þeim 35 árum sem ég hef verið bílstjóri hef ég aldrei lent í tjóni sem tryggingarfélag hefur þurft að bæta. Ég hef alltaf reynt að vera ágætlega klæddur á meðan ég ferðast. Þótt það sé hiti inni í bílnum þá getur það reynst dýrkeypt að vera á stuttermabol með funheita miðstöð. Ég hafði úlpu mér við hlið í bílnum sem ég gat dregið yfir mig. Svo var síminn skammt frá og það skipti sköpum.“

magnush@frettabladid.is

Ragnar kom að slysinu:

## Aðkoman var virkilega slæm

**BJÖRGUN** „Aðkoman að slysinu var nú ekki falleg. Steingrímur var mikið slasaður og ég reyndi að hlúa að honum eins og ég gat,“ sagði Ragnar Páll Jónsson, vöruflutningabílstjóri hjá fyrirtækinu Ragnari og Ásgeiri, en hann var á norðurleið þegar annar bílstjóri stoppaði hann og sagði honum að huga að bílljósum sem sást í þar sem Steingrímur lenti út af veginum.



**RAGNAR PÁLL JÓNSSON** Ragnar kom að Steingrími á slysstað.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Ragnar kemur að bílslysi. „Ég hef áður komið að bílslysi og reyndi því að bera mig rétt að við aðstoðina. Lögregla og sjúkralið komu fljótt á vettvang og tóku við stjórninni.“

Ragnar segist hafa gert sér grein fyrir því að um alvarlegt slys væri að ræða þar sem sterkbyggð jeppabifreið Steingríms var gjörónýt þegar hann kom að. „Ég sá strax að bíllinn var illa farinn og gerði mér grein fyrir því að um alvarlegt slys var að ræða. En það er gott að vita til þess að þetta fór betur en á horfðist í fyrstu.“

- mh


HJÓLHÝSASÝNING UM HELGINA:
Sýnum hin frábæru TABBERT og TEC hjólhýsi




Á hjólhýsasýningunni um helgina sýnum við m.a. hin margverðlaunuðu og stórglæsilegu TABBERT hjólhýsi, sem almennt er talin vera ein mesta gæðategund hjólhýsa erlendis ásamt TEC hjólhýsunum sem slegið hafa í gegn hérlendis. **Verið velkomin!**

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**VÍÐAST EINHVER ÚRKOMA**
Veðrið í dag byrjar frekar sakleysilega með hægri suðlægri átt en þó stífri norðaustanátt á norðanverðum Vestfjörðum. Þegar líður á síðdegið snýst vindur víðast til norðaustlægrar áttar og það er það sem koma skal á morgun. Norðlæg átt með kólnandi veðri.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hæg suðaustlæg átt, 3-8 m/s. Stöku skúrir eða slydduél. Hiti 1-3 stig. Snýst með kvöldinu til norðlægrar áttar með kólnandi veðri.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -1°C snjóél | París | 12°C léttskýjað | Alicante | 18°C léttskýjað |
| Osló | -4°C snjókoma | Berlín | -2°C léttskýjað | Mílano | 9°C skýjað |
| Stokkhólmur | -7°C hálfskýjað | Frankfurt | 6°C hálfskýjað | New York | 10°C léttskýjað |
| Helsinki | -19°C hálfskýjað | Madríd | 13°C léttskýjað | San Francisco | 13°C léttskýjað |
| London | 13°C hálfskýjað | Barcelona | 16°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 23°C skýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
398 kr./kg.
BAUTABÚRS SALTKJÖT
20 % Afsláttur
Af öllum þorramat
1.498 kr./stk.
GOÐA SÚRMATUR Í FÖTU 1,2 KG
GOÐI
súrmatur
Ora lúxussild 4 teg.
Verð frá
250 kr./stk.
HP rúgbrauð
159 kr./stk.
Stjörnu rófustappa
125 kr./pk.
Rófustappa
Stjörnu Ferskt salat
139 kr./pk.
Ferskt Salat
Myllu Brallarabrauð
149 kr./stk.
Vestfirskur harðfiskur hjallþurrkaður steinbítur 600g
1.598 kr./pk.
20% AFSLÁTTUR
Coca Cola light 4 x 2 L
599 kr./pk.
Rófur
99 kr./kg.
Hornafj. kartöflur gullauga 1 kg
99 kr./pk.
KARTÖFLUR
1kg
ÚRVALS GULLAUGA
Flash 1L hreinsilögur 2 teg.
279 kr./stk.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



## KJÖRKASSINN

*Óttast þú að vera ein(n) á ferli í miðborg Reykjavíkur?*

| | |
|---|---|
| Já | 57% |
| Nei | 43% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að gera jarðgöng frá Bolungarvík að Vestfjarðagöngum?*

Starfsmenn sorphirðunnar í Reykjavík hafa sjálfir þurft að moka gangstéttir:

# Snjórinn tefur sorphirðuna

**ÞJÓNUSTA** Sorphirða hefur tafist um tvo daga í höfuðborginni vegna snjóruðninga, þæfings og lélegs aðgengis að sorptunnum heimila.

Helgi Helgason, flokksstjóri við sorphirðu hjá Reykjavíkurborg, segir starfsmenn hafa verið afskaplega liðlega eftir að fór að snjóa. „Við höfum verið að plægja frá húsunum og fram á gangstétt. Við erum allir að vilja gerðir að hafa sorpgeymslur hreinar en fólk sefur á verðinum. Í fyrradag vorum við niðri í Lækjum og aðeins einn var búinn að moka frá sorpgeymslunni.“

Helgi segir að hann hafi ekki getað vikið úr leið svo bílar komist framhjá í íbúðagötunum vegna snjóruðninga. Hann hafi mætt mikilli þolinmæði frá íbúum borgarinnar.

Sorphirða Reykjavíkurborgar hvetur íbúa til að moka frá sorpgeymslum og færa bifreiðar til að sorphirða geti farið fram. Gott aðgengi að sorpgeymslum sé forsenda þess að hægt sé að veita góða þjónustu.

Helgi og flokkur hans tæmir til að mynda tunnurnar í Sundunum í dag og Voga- og Heimahverfi á morgun. Biður Helgi fólk að taka tillit til starfsmanna sinna og hreinsa frá ruslageymslum sínum. - gag



**RUSLIÐ TÆMT** Helgi Helgason og menn hans hafa tafist við sorphirðuna vegna þæfings og lélegs aðgengis að ruslatunnum borgarbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/

Deilur á Póllandsþingi:

# Forsetinn biður stjórninni griða

**PÓLLAND, AP** Forseti Póllands, Lech Kaczynski, hvatti í gær þingmenn allra flokka til að reyna að mynda meirihlutastjórn og koma í veg fyrir að kalla þurfi kjósendur að kjörborðinu í fjórða sinn á hálfu ári.

Minnihlutastjórn íhaldsflokksins Laga og réttlætis hefur ekki tekist að tryggja fjármálafrumvarpinu og fleiri mikilvægum frumvörpum brautargengi á þinginu.

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar skoruðu á forsetann að hjálpa til við að leysa úr átökum á þingi sem þeir segja til komin vegna tilraunar forystu stjórnarflokksins til að treysta enn frekar tök sín á völdunum. ■




# Íranar sýna engin merki um eftirgjöf

**Ráðamenn í Teheran sýndu í gær engin merki þess að þeir væru á þeim buxunum að láta undan í kjarnorkudeilunni sem Evrópuveldin og Bandaríkin vilja að öryggisráð SÞ taki fyrir. Rússar og Kínverjar halda sér til hlés.**

**ÍRAN, AP** Ráðamenn í Teheran fullyrtu í gær að það væri ólíklegt að Evrópuríkjunum og Bandaríkjunum tækist að vísa deilunni um kjarnorkuáætlun þeirra til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hinn yfirlýsingaglaði forseti Írans sagði að Vesturlöndum væri hollara að haga sér „rökréttar“ í deilunni.

Hinn storkandi tón var að heyra í ráðamönnum klerkastjórnarinnar er Frakkar höfnuðu beiðni Íransstjórnar um að miðlunarviðræður um kjarnorkuáætlun hennar héldu áfram. Frakklandsstjórn svaraði því til að fyrst yrðu Íranar að hætta vinnu við áætlunina.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Javier Solana, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, höfnuðu því einnig afdráttarlaust í gær að slíkar viðræður yrðu hafnar á ný. Solana sagði lítinn tilgang í því svo lengi sem „ekkert nýtt sé uppi á borðinu“.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi vilja að stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar komi saman til bráðafundar þann 2. febrúar og á þeim fundi verði ákveðið að vísa málinu til öryggisráðs SÞ.

Hins vegar eru Rússar og Kínverjar, sem ásamt Bandaríkjamönnum, Bretum og Frökkum hafa neitunarvald í öryggisráðinu, meira hikandi í málinu. Enda eiga Rússar og Kínverjar hlutfallslega meiri hagsmuna að gæta í því að ekki komi til viðskiptaþvingana gegn Íran, sem er eitt stærstu olíu- og gasútflutningsríkja heims.

„Það er ljóst að þetta á sér pólitískar rætur,“ sagði Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, spurður um drögin að ályktun um að vísa málinu til öryggisráðsins sem Frakkar, Bretar og Þjóðverjar eru að vinna að. „Við biðjum þá um að stíga niður úr fílabeinsturnum sínum og haga sér af smá skynsemi,“ tjáði hann blaðamönnum.

Vesturveldin grunar að Íranar séu leynt og ljóst að vinna að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum, en því neita talsmenn Íransstjórnar.

audunn@frettabladid.is



**MAHOMUD AHMADINEJAD** Forseti Írans ráðleggur ráðamönnum Evrópu að haga sér af meiri skynsemi gagnvart landi hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neytendasamtökin fá ekki að sitja í nefnd um matvælaverð:

# Vonbrigði að vera ekki með

**MATVÆLANEFND** Neytendasamtökin lýsa yfir undrun og vonbrigðum með að forsætisráðherra hafi ekki skipað fulltrúa samtakanna í tíu manna nefnd, auk þriggja starfsmanna, til að fjalla um helstu orsakaþætti á háu matvælaverði á Íslandi.

Forsætisráðuneytið skipaði nefndina á mánudaginn án fulltrúa neytendasamtakanna, þó að þau hafi fyrirfram óskað eftir þátttöku. Steingrímur Ólafsson, fjölmiðlafulltrúi forsætisráðuneytisins, segir að ákveðið hafi verið að fulltrúi samtakanna ætti ekki sæti í nefndinni heldur yrði haft náið samstarf við hann.



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir stóran mun á því að koma með sjónarmið inn í nefndina eða að taka þátt í stefnumótuninni. „Að því leyti teljum við ekki nægilegt að haft sé samráð við okkur og teljum fráleitt að gengið sé fram hjá heildarsamtökum neytenda í landinu.“ Hann vonast til þess að ákvörðuninni verði breytt.

Jóhannes bendir á að tólf þúsund félagsmenn séu í Neytendasamtökunum. Þau hafi verið í fararbroddi við gerð kannana á verðmun milli Íslands og annarra Norðurlanda. - gag



**Í MATVÖRUVERSLUN** Skoða á orsök á háu matvælaverði á Íslandi. Þrettán manna nefnd hefur verið skipuð án fulltrúa frá Neytendasamtökunum.


götu
markaður
verðhrun
Einungis 4 verð í gangi
enn meiri
verð-
lækkun
500kr
1000kr
1500kr
2000kr
nú á
allt að
seljast
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Aldrei meiri eftirspurn eftir innfluttu nautgripa- og alifuglakjöti:

# Slást um innlenda nautgripi

**LANDBÚNAÐUR** Skortur á nautgripa- og alifuglakjöti á Íslandi veldur því að kjötiðnaðarfyrirtæki sækjast í stórauknum mæli eftir innfluttum afurðum. Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska, segir framleiðendur berjast um innlenda nautgripi og verð fari hækkandi, bæði til bænda og neytenda.

Í upphafi árs auglýsti landbúnaðarráðuneytið eftir umsóknum vegna innflutnings á nautgripa- og alifuglakjöti, hvoru tveggja með lágum tollum. Ingvar segir eftirspurnina aldrei hafa verið meiri en 19 kjötiðnaðarfyrirtæki sóttu um leyfi til að flytja samtals inn 613 tonn af nautahakki og 15 fyrirtæki sóttu um leyfi til að flytja inn 406 tonn af kjúklingaafurðum. Landbúnaðarráðuneytið hefur hins vegar einungis heimilað innflutning á 80 tonnum af nautahakki á þessu ári og 50 tonnum af kjúklingaafurðum.

„Vegna mikillar eftirspurnar fer ráðuneytið eftir reglugerðum og er fyrirtækjunum gefinn kostur á að gera tilboð í innflutninginn. Þeir sem hæst bjóða munu hreppa hnossið og í næstu viku skýrist hverjir það verða,“ segir Ingvar.

- kk



**NORÐLENSK NAUT** Eftirspurn eftir íslenskum nautgripum er mun meiri en framboðið.

Þagði þunnu hljóði í níu ár:

# Kærð fyrir að leyna HIV-smiti

**SVÍÞJÓÐ** HIV-smituð kona á Skáni í Svíþjóð verður líklega ákærð fyrir gróft ofbeldi vegna þess að hún sagði ekki manninum sínum frá smitinu í níu ára sambúð þeirra. Konan smitaðist af HIV-veirunni þegar hún var á ferðalagi erlendis.

Hún fór til læknis þegar hún kom heim og greindist þá með HIV. Konan sagði lækninum að hún hefði ekkert líkamlegt samneyti við eiginmann sinn. Það reyndist ekki alls kostar rétt því hún eignaðist síðar með honum tvö börn. ■

## NOREGUR

**Herinn sparar** Norski herinn skar verulega niður útgjöld sín í fyrra eftir að hafa farið talsvert fram úr fjárveitingum árið áður. Þetta kom fram þegar skýrsla um varnarmálaútgjöldin var kynnt í gær. Í fyrra voru þau sem svarar 185 milljörðum íslenskra króna.



**UPPLÝST UM KAUPIN** Frá kynningu á kaupum íslenskra fjárfesta á sextíu prósenta hlut í Lateko-bankanum í Riga. Auk fjárfesta og eigenda bankans voru Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Artis Pabriks, utanríkisráðherra Lettlands, viðstaddir.

# Keyptu í lettneskum banka

**Íslenskir fjárfestar hafa keypt sextíu prósent í Lateko-banka í Lettlandi. Eignir bankans, sem rekur tíu útibú, nema um þrjátíu milljörðum króna.**

**VIÐSKIPTI** Íslenskir fjárfestar hafa keypt meirihluta í lettneska viðskiptabankanum Lateko. Bankinn rekur tíu útibú og um 67 minni afgreiðslustaði, en hjá honum starfa um 550 manns. Þá er bankinn með skrifstofur í London og Moskvu.

Straumborg ehf., félag í eigu Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, keypti 51 prósent en félög tengd Jóni Helga og Byko hafa verið með starfsemi í Lettlandi frá árinu 1993. Ice-Balt Invest ehf., sem er félag í eigu Þorsteins Ólafssonar og Vitalijs Gavrilovs, formanns vinnuveitendasambands Lettlands, keypti níu prósent. Helstu eigendur bankans fyrir kaupin, sem eru lettneskir, halda um 40 prósentum hlutafjár í bankanum.

„Okkur finnst þetta óskaplega spennandi verkefni og teljum að lettneski fjármálamarkaðurinn eigi eftir mikla og öra þróun á næstu árum,“ segir Jón Helgi Guðmundsson. „Okkur langaði, í framhaldi af því sem við höfum verið að gera í fjárfestingum í bankageiranum á Íslandi, að taka þátt í þessu hér. Við höfum náttúrlega verið nokkuð lengi með starfsemi í Lettlandi og höfum í gegnum hana öðlast nokkra tiltrú á þessu umhverfi og þykjumst skynja þann drifkraft sem hér er undirliggjandi.“ Jón Helgi neitar því ekki að fjárfestingum í Eystrasaltsríkjunum kunni að fylgja einhver áhætta. Hann telur þó að aðrar ástæður geti legið að baki því að bankar hér hafi látið vera að fjárfesta þar, svo sem að það gæti haft áhrif á lánshæfismat þeirra. „En ég þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu lánshæfismati,“ bætir hann við.

Jón Helgi segist bundinn trúnaði um kaupverð bankans, sem stofnaður var árið 1992, en eignir hans eru sagðar nema um 30 milljörðum króna. Ef miðað er við heildareignir er bankinn sá tíundi stærsti af tuttugu og þremur bönkum Lettlands. Þá var hann valinn besti banki ársins 2005 af tímaritinu The Banker.

Upplýst var um kaupin á blaðamannafundi í Riga síðdegis í gær. Auk fjárfestanna og annarra eigenda bankans voru á fundinum Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi sendiherra og utanríkisráðherra, og Artis Pabriks, utanríkisráðherra Lettlands.

olikr@frettabladid.is




Söfnuður Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi:

# Um 150 prósenta fjölgun

**TRÚMÁL** Fólki í kaþólsku kirkjunni fjölgaði um nær tólf prósent eða um 676 milli áranna 2004 og 2005. Því hefur fjölgað um rúm 150 prósent, úr 2.553 í 6.451, á áratug.

Jakob Rolland, kaþólskur prestur, segir fjölga mest í söfnuðinum fyrir austan vegna framkvæmdanna við Kárahnjúka og í Reyðarfirði. Einnig fjölgi kaþólsku fólki í sjávarþorpum, sérstaklega frá Póllandi og Filippseyjum.

„Fjárhagsstaðaokkar hefur batnað, en þó ekki endilega, þar sem fjölgunin hefur í för með sér töluvert aukna þjónustu. Við erum að byggja upp starfsemi úti á landi, til að mynda stendur til að stofna klaustur á Austurlandi.“

- gag



SÉRA JAKOB ROLLAND


Snjóbíll
Mitsubishi Outlander 4X4 með 2 lítra, 136 hestafla vél
Verð 2.290.000 kr.
Afborgun á mánuði er 30.790 kr.*
OUTLANDER
* Miðað við Bílasamning SP til 7 ára og 10% útborgun.
Einnig fáanlegur sjálfskiptur með 2,4 lítra 160 hestafla vél á 2.650.000 kr.
Afborgun á mánuði er 35.990 kr.*
Mitsubishi Outlander sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Hvort sem færðin er góð eða slæm þá kemstu það sem þú vilt á Outlander. Bíll fyrir þá sem gera kröfur um þægindi og notagildi.
Komdu og prófaðu hann!
MITSUBISHI OUTLANDER
DRIVE ALIVE
MITSUBISHI MOTORS
Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**AHERN Á INDLANDI** Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands, var fagnað að hætti hindúa við komu sína til Bangalore á Indlandi. Hann er þar í vikulangri opinberri heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Pakistans fordæmir loftárás sem CIA er sökuð um:

# Hættir ekki við Bandaríkjaför

**PAKISTAN, AP** Shaukat Aziz, forsætisráðherra Pakistans, segir að ekki sé hægt að una aðgerðum á borð við loftskeytaárás Bandaríkjamanna á föstudaginn sem kostaði minnst átján manns lífið. Skotmark árásarinnar er sagt hafa verið Ayman al-Zawahiri, hægri hönd Osama bin Ladens al-Kaídaleiðtoga. Hann kvað ekki hafa sakað.

Pakistanskir stjórnarerindrekar segja hins vegar að þeir hafi fengið upplýsingar um að fjórir eða fimm erlendir skæruliðar hafi fallið í árásinni, sem var gerð á fjallaþorp við landamærin að Afganistan. Hugsanlega séu nánir samverkamenn al-Zawahiris meðal hinna föllnu. Leyniþjónustumaður, sem ekki vildi láta nafns síns getið, sagði mennina talda vera egypska að uppruna.

Fréttirnar af árásinni vöktu reiði í Pakistan en Aziz lagði á það áherslu að hún breytti engu um þá staðreynd að tengslin við Bandaríkin væru mikilvæg og hann myndi ekki hætta við opinbera heimsókn sína til Washington. Sú heimsókn hófst í gær. Herskáir hópar múslima í landinu hafa heitið að efna til efldra mótmæla gegn Bandaríkjunum. - aa



**SHAUKAT AZIZ** Forsætisráðherra Pakistans talar við blaðamenn í Islamabad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ingvar Helgason sýknaður:

## Kona rekin í fæðingarorlofi

**DÓMSMÁL** Kona var dæmd til þess að greiða Ingvari Helgasyni hf. 225 þúsund krónur í málskostnað en hún höfðaði mál gegn fyrirtækinu eftir að henni var óvænt sagt upp störfum.

Konan fór í fæðingarorlof þann 1. janúar 2004 og átti að snúa aftur til vinnu ári seinna. Í millitíðinni var skipt um eigendur hjá fyrirtækinu og konunni í kjölfarið sagt upp störfum. Ástæða uppsagnarinnar var sögð vera skipulagsbreytingar.

Konan krafðist þess að fá bætur að upphæð rúmlega sjö hundruð þúsund króna, auk málskostnaðar. - mh




Námskeið fyrir millistjórnendur:

Verkstjórnarnámskeið

**Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi.**

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Samningatækni
- Hvatning og starfsánægja
- Áætlanagerð
- Valdframsal
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals *100 stundir* og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast *6. febrúar*, *6. mars* og *3. apríl*.

Nánari upplýsingar og skráning í *síma 570 7100* og á vefsíðu okkar *www.iti.is*

Iðntæknistofnun

STARFSMENNTUN

**Sóley Rut Ísleifsdóttir, þjónustufulltrúi hjá VÍS.**

„Ég fékk mjög gott starf á frábærum vinnustað. Tölvu- og skrifstofunámið hjálpaði mér að öðlast það sjálfstraust sem þurfti til að sækja um nýtt og krefjandi starf. Það er aldrei of seint að byrja að læra eitthvað nýtt. Fyrir mig var þetta góð fjárfesting og frábær tími í góðum félagsskap í skemmtilegum og krefjandi skóla.“



Tölvu og skrifstofunám

**Í þessu námi er tekið fyrir allt um tölvur, bókhald og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum.**
Sérlega viðamikið og hagnýtt 260 stunda nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Þetta nám hentar einnig sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með próf eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegum prófgráðum.

**Tölvugreinar**
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internet, MSN og Outlook tölvupóstur dagbók og skipulag.

**Margmiðlun**
PowerPoint kynningar, Stafrænar myndavélar og myndvinnsla, Tónlist í tölvunni, CD - DVD ofl.

**Persónuleg færni**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Enska, þjálfun í talmáli og ensk verslunarbréf, sölutækni og markaðsmál.

**Viðskiptagreinar**
Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhaldsgrunnur, tölvubókhald og tollskýrslur.

Morgun og kvöldnámskeið, hefst 25. janúar og lýkur 24. maí.
Verð kr. 189.000,- (Bjóðum VISA/EURO lán eða raðgr. og starfsmenntalán til 3ja ára.)

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is


# Forstjórinn hafnar áburði um einelti

**Forstjóri Landmælinga hefur sent umhverfisráðuneytinu greinargerð vegna eineltisskýrslu tveggja sálfræðinga. Hann segir að stéttarfélögin sem stóðu að baki úttekt sálfræðinganna hafi farið offari og unnið ófaglega.**

**ATVINNUMÁL** Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, kveðst hafa sent umhverfisráðuneytinu ítarlega greinargerð vegna úttektar tveggja sálfræðinga á samskiptum yfirmanna og undirmanna stofnunarinnar. Þar vísi hann ásökunum um einelti algerlega á bug með ýmsum rökum.

Það voru tvö stéttarfélög starfsfólks Landmælinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga og Útgarður, sem gengust fyrir því að fengnir voru tveir sálfræðingar til að gera ofangreinda úttekt eftir að sex starfsmenn höfðu sagt upp störfum hjá stofnuninni. Úttektin náði bæði til þeirra sem hættir voru og svo tíu starfsmanna af 31 sem starfa þar nú. Í niðurstöðum kom fram að sumir starfsmenn kváðust hafa orðið fyrir einelti yfirmanna.

Skýrslan var send Umhverfisráðuneytinu, sem taldi sig ekki geta hlutast til um málefni þeirra starfsmanna sem hættir væru hjá stofnuninni, til að mynda með öflun meðmæla þeim til handa. Forstjórinn fékk síðan skýrsluna til umsagnar frá ráðuneytinu.

Magnús kveðst álíta að stéttarfélögin hafi farið offari og nálgast málið á mjög ófaglegan hátt.

„Þessar ásakanir eru komnar til eftir að starfsmenn hætta og eru einungis frá þeim,“ segir hann. „Þegar vinnusambandi lýkur milli vinnuveitanda og starfsmanns, þá lýkur ákveðnum skyldum og trúnaði. Þessar ávirðingar um einelti komu ekki fram fyrr en eftir að þetta fólk hafði hætt. Þeirra var hvorki getið í uppsagnarbréfum, starfsmannaviðtölum né viðhorfskönnunum sem við gerum reglulega.



**FORSTJÓRI LANDMÆLINGA ÍSLANDS** Magnús Guðmundsson kveðst hafa veitt þeim tveimur starfsmönnum meðmæli sem hættir eru en báðu um þau..

Skýrslan byggðist fyrst og fremst á viðhorfum þeirra sem voru hættir. Aldrei var rætt við mig um það sem verið var að velta upp þar. Í svona einhliða umfjöllun, þar sem einhver ásökun kemur fram, er vaninn í siðuðu þjóðfélagi að spyrja þann sem ásakaður er hvort hann hafi einhver rök á móti. Það er góð stjórnsýsla. Þarna var þessu slengt fram en einskis spurt.“

Magnús bendir á nýlega könnun á því hvernig starfsfólki Landmælinga líði í vinnunni. Þar kemur fram að 92 prósent starfsmanna sögðu starfsandann góðan eða frekar góðan. 88 prósent voru mjög eða frekar ánægðir í starfi og 87 prósent voru mjög eða frekar ánægðir með samskipti við yfirmenn.

jss@frettabladid.is

Bæjarstjóri Kópavogs um uppkaupsmál í Gusti og Heimsenda:

# Gustur áfram á sama stað

**SKIPULAGSMÁL** „Við styðjum áfram Gust þótt félagsmenn séu að selja hús til einhverra aðila úti í bæ. Það verður engan bilbug að finna á bæjaryfirvöldum að hverfið verði þarna áfram,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, um uppkaup verktaka á hesthúsum á félagssvæði Gusts og sem jafnframt hafa teygt sig yfir í Heimsenda.

Gunnar segir að á skipulagi liggi fyrir allar reiðleiðir úr Gustshverfinu og upp í Vatnsenda í nýju hverfin. Búið sé að steypa urmul af undirgöngum, byggja góða reiðstíga og svo framvegis. Hestamönnum verði tryggðar reiðleiðir inn og út úr hverfinu.

Gunnar segir þær fullyrðingar, að stjórn Gusts hafi ekki fengið að fylgjast með yfirstandandi skipulagsvinnu, alrangar. Spurður um viðbrögð bæjaryfirvalda við uppkaupum verktaka á Gustshúsum segir Gunnar að húseigendur verði sjálfir að spyrja sig slíkra spurninga. Það séu þeir sem eru að selja, ekki bærinn.

„Við höfum reynt að sporna við þessari þróun af öllum mætti og með ýmsum ráðum til að tryggja stöðu hestamannafélagsins,“ segir Gunnar. „En Gustsmenn verða líka að standa saman sjálfir og taka til í eigin ranni. Vilji þeir verða þarna áfram þá selja þeir ekki hesthúsin sín. Við höfum ekki fengið neina ósk frá félaginu um að huga að nýju svæði.“ -jss



**HEIMSENDI** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segir bæjaryfirvöld hafa reynt að tryggja stöðu hestamannafélagsins Gusts af öllum mætti.

# OPIÐ HÚS

## LAUGARDAGINN 21. JANÚAR FRÁ 13-16

*Stuttar kynningar á öllum nám-skeiðum skólans á hálftíma fresti.*

***10 heppnir gestir fá gjafabréf að verðmæti 25.000 kr.***



**Skipti um starfsvettvang ...**

„Eftir að hafa starfað sem fótaaðgerðarfræðingur í 15 ár ákvað ég að breyta um starfsvettvang og taka nýja stefnu í lífinu. Eftir skrifstofu- og rekstrarnámið hjá NTV fékk ég vinnu sem innheimtu- og fjármálastjóri hjá ATH markaðslausnum og hef miklu meiri tíma fyrir börnin mín fjögur og kallinn ... ;-) “

***Arnheiður Hafsteinsdóttir***
*Innheimtu- og fjármálastjóri hjá ATH markaðslausnum*



## MARKVISST STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR MEÐ VINNU

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jöfn áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn, þjálfa hann í verki sem og sjálfstæðum vinnubrögðum.

**Skrifstofu- og tölvunám** (258 stundir)
**Fjármál og rekstur** (132 stundir)
**Sölu- og markaðsnám** (264 stundir)
**Skrifstofunám & hönnun** (414 stundir)
**Sölunám & hönnun** (420 stundir)
**Skrifstofu- og rekstrarnám** (462 stundir)
**Sölu- , markaðs- og rekstrarnám** (396 stundir)

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Frá stofnun skólans hefur verið lagður mikill metnaður í að vera í forustu á sviði kennslu í grafík og margmiðlun. Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

**Auglýsingatækni** (156 stundir)
**Photoshop Expert** (96 stundir)
**Vefsíðugerð 1 -2 & 3** (210 stundir)
**Photoshop fyrstu skrefin & stafrænar myndavélar** (30 stundir)
**Myndbandavinnsla með Adobe Premiere** (36 stundir)

## ALMENNT TÖLVUNÁM OG STYTTRA NÁM

Tölvan er stór og ört vaxandi þáttur í daglegu lífi fólks og í rekstri fyrirtækja. Því er símenntun einstaklingsins oft það forskot sem ræður úrslitum við ráðningu starfsfólks.

**TÖK tölvunám fyrir byrjendur** (78 stundir)
**TÖK tölvunám fyrir lengra komna** (36 stundir)
**Tölvunám fyrir byrjendur** (60 stundir)

## BÓKHALDSNÁM

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna ítarlega öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Síðan er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem er mjög víða notað.

**Grunnnám í bókhaldi** (108 stundir)
**Tölvubókhald - framhald** (24 stundir)
**Navision viðbótarnám** (sjá www.ntv.is)

## SÉRHÆFT DIPLOMA NÁM

NTV hefur frá stofnun skólans 1997 lagt mikla áherslu á sérhæft nám sem tengt er alþjóðlegum prófum. Námið hefur verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

**Tölvuviðgerðir** (72 stundir)
**MCP XP netstjórnun** (126 stundir)
**MCSA 2003 netstjórnun** (150 stundir)
**Kerfisstjórinn** (198 stundir)
**Forritun og kerfisfræðin** (240 stundir)

ntv.is

**Nýi tölvu- & viðskiptaskólinn | Hlíðasmára 9 | Kópavogi | Sími 544 4500 | www.ntv.is**





Fjölbreytileiki íslensks samfélags fer vaxandi:

# Þjóðerni í Reykjavík um 120

**FÓLKSFJÖLDI** Íbúar í Reykjavík eru nú af tæplega 120 mismunandi þjóðernum samkvæmt tölum Hagstofunnar og segir það sína sögu um þær breytingar sem átt hafa sér stað í margbreytileika íslensks samfélags á undanförnum árum.

Langflestir eru með íslenskt ríkisfang en Pólverjar eru næstfjölmennastir eða um 430. Filippseyingar eru þriðji fjölmennasti hópurinn eða um 400 manns, þar næst koma Danir sem eru um 370. Um 330 manns í Reykjavík koma frá ríkjum fyrrum Júgúslavíu og Bandaríkjamenn losa rétt um 300 manns.



**FRÁ FUNDI UM INNFLYTJENDAMÁL Í ALÞJÓÐAHÚSI** Samsetning íslensk samfélags verður æ fjölbreyttari og nú eru íbúar Reykjavíkur alls af um 120 mismunandi þjóðernum.

Síðan koma Taílendingar sem eru um 270, Litháar sem eru um 250, Þjóðverjar eru ríflega 200 og Víetnamar eru sömuleiðis um 200 manns.

Í mörgum tilfellum eru ekki margir einstaklingar að baki hverju þjóðerni, þannig eru þeir þjóðernishópar sem tíu eða færri teljast til alls um helmingur heildarfjöldans eða um 60. Og þar af eru þeir sem einungis einn tilheyrir um 20.

Til samanburðar við þessar tölur eru Kópavogsbúar alls af rúmlega 60 mismunandi þjóðernum og Akureyringar af um 40.

- ssal

Mál gegn dönskum lækni:

# Sinnti ekki hjartveikum

**DANMÖRK** Danskur læknir á fangelsisdóm yfir höfði sér fyrir að hafa í maí 2004 gengið fram hjá meðvitundarlausum og deyjandi manni á götu, að sögn Berlingske Tidende. Maðurinn fékk hjartaáfall sem dró hann til dauða.

Þetta er í fyrsta sinn sem réttað er í máli sem þessu, en samkvæmt dönskum lögum ber öllum dönskum borgurum skylda til að hjálpa til eftir fremsta megni komi þeir að einhverjum í lífshættu. Málið er talið alvarlegra þar sem hinn ákærði er læknir.

Verði læknirinn fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að tveggja ára fangelsisdóm. ■

Íbúar Kristjaníu ætla að stefna danska ríkinu:

# Fimmtíu hús rifin

**DANMÖRK** Íbúasamtök Kristjaníu í Kaupmannahöfn íhuga málshöfðun á hendur ríkinu í kjölfar ákvörðunar um framtíðarskipulag svæðisins. Hluti núverandi byggðar stendur á gömlum virkisgarði



**KRISTJANÍA** Íbúarnir telja fyrirvarann of skamman og ekki komi fram hverjir megi búa á svæðinu.

sem yfirvöld hyggjast endurreisa. Því þarf að rífa eða flytja fimmtíu og þrjú hús á svæðinu. Aðrir íbúar svæðisins fá að búa áfram í húsum sínum næstu 18 mánuði en þurfa að þeim tíma loknum að greiða leigu. Íbúum Kristjaníu var kynnt þessi ákvörðun stuttu fyrir jól.

Íbúar „fríríkisins“ Kristjaníu hyggjast stefna ríkinu vegna þessarar ákvörðunar að sögn talsmanns þeirra í dagblaðinu Politiken. Segir hann að fyrirvarinn sé of skammur og ekki liggi fyrir hvernig málum verði háttað í framtíðinni. Til dæmis hafi ekkert komið fram um hversu há leigan verði eða hverjum verði heimilt að búa á svæðinu.

Í júní 2004 náðist þverpólitísk samstaða fyrir því á danska þinginu að breyta skipulagi byggðarinnar í Kristjaníu.

- ks




**TILLÖGUR UM JARÐGÖNG MILLI ÍSAFJARÐAR OG BOLUNGARVÍKUR**

Steinþór Bragason verkfræðingur kynnti eftirfarandi tillögur á fundi íbúa og sveitarstjórnarmanna við norðanvert Ísafjarðardjúp.

| Tillaga | Lengd í kílómetrum | Áætlaður kostnaður í milljörðum |
|---|---|---|
| 1. Gegnum Óshyrnu í fyrsta áfanga, nyrsti áfanginn, og síðar tvenn önnur göng um Óshlíð í áföngum* | 1,2 | 1,0 |
| 2. Frá Skarfaskeri við Hnífsdal að Fremriós við Bolungarvík | 5,7 | 3,4 |
| 3. Úr Hnífsdal í Syðridal | 2,3 | 2,2 |
| 4. Úr Múlalandi í Syðridal | 6,0 | 3,6 |
| 5. Úr Tungudal í Syðridal | 5,3 | 3,1 |
| 6. Úr Syðridal að Gatnamótum Suðureyrar- og Flateyraraflеggjara í Vestfjarðargöngum | 6,1 | 3,9 |
| 7. Úr Syðridal að Suðureyraraflеggjara í Vestfjarðargöngum | 5,2 | 3,2 |

* Sú tillaga sem Vegagerðin er að kanna. Lengd og kostnaður m.v. 1. áfanga.

# Vilja göngin frá Syðridal

**Fyrirhuguð gangagerð um Óshyrnu minnkar áhættuna við að aka til Bolungarvíkur um 60 prósent. Heimamenn krefja yfirvöld um heildarlausn.**

**SAMGÖNGUR** Íbúar og sveitarstjórnarmenn sem sátu fund í Bolungarvík á laugardag um samgöngur milli þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum skoruðu á samgönguyfirvöld, þingmenn og ráðherra að beita sér fyrir því með öllum ráðum að tryggja varanlega lausn í samgöngumálum á svæðinu. Í ályktun fundarins segir að tryggja verði öruggar samgöngur milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og svo milli Ísafjarðar og Súðavíkur svo líta megi á svæðið sem heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.

Fyrirhugað var að Sturla Böðvarsson yrði viðstaddur en af því varð ekki þar sem ekki var hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli.

Ríkisstjórnin samþykkti í september síðastliðnum að Vegagerðin skyldi hefja undirbúning að jarðgangagerð í janúar, það er að segja í þessum mánuði, svo að framkvæmdir gætu hafist næsta haust. Í tillögunni fellst að gerð verði 1.220 metra löng göng milli Einbúa og Hrafnakletta, eða gegnum Óshyrnu, og síðar verði hugsanlega bætt við fleirum göngum á leiðinni. Harpa Grímsdóttir, forstöðumaður Snjóflóðasetursins á Ísafirði, kynnti niðurstöðu skýrslu sem hún hefur unnið en þar kemur fram að fyrirhuguð göng gegnum Óshyrnu tækju aðeins 60 prósent af áhættunni sem fylgir því að aka þessa leið daglega.

„Það sem nær allir voru sammála um á þessum fundi var að þeir vildu heildræna lausn en ekki margar skyndilausnir,“ segir Pálína Vagnsdóttir sem fer fyrir hópi áhugafólks um málefnið. Um 1500 hafa skrifað undir þá kröfu hópsins um að ein göng verði lögð frá Syðridal við Bolungarvík og í Vestfjarðargöng.

Steinþór Bragason, verkfræðingur og áhugamaður um bættar samgöngur á svæðinu, kynnti nokkrar jarðgangatillögur á fundinum en hafði einnig í farteskinu skóflu með vestfjarðakjálkann útskorinn á skóflublaðið en hann hugðist gefa samgönguráðherra gripinn til að halda honum við efnið.

Vegagerðin hóf í þessum mánuði rannsóknir á berginu við Óshlíð vegna fyrirhugaðar gangagerðar.

jse@frettabladid.is


NISSAN
PATROL LUXURY
SKIPT_um væntingar




ENDIST ENDALAUST

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajeppi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

| Tegund | Verð |
|---|---|
| Patrol Luxury beinskiptur | 3.990.000,- |
| Patrol Luxury sjálfskiptur | 4.090.000,- |

Tilboð – 250.000,- kaupauki
33" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.

Veiðikortið 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbnum í kaupbæti!

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00


Hvað dreymir þig um að eignast?
Aðeins
13,35%
vextir
Óvenju hagstætt lán...
...fyrir hverju sem er
Sæktu um lán...
www.s24.is
Helstu kostir:
● Betri vextir, aðeins 13,35%* óverðtryggðir og breytilegir
● Lægra lántökugjald, aðeins 1%
● Lán til allt að 8 ára
● Engin lágmarksupphæð
● Þú þarft ekki að byrja að borga af láninu fyrr en eftir 3 mánuði. Fyrsta greiðsla er einungis vaxtagreiðsla, síðan byrja venjulegar afborganir
● Þú þarft ekki að vera í viðskiptum hjá S24 til þess að fá lán
S24
...og þú hagnast
533 2424 – Sætún 1
* Miðað við vaxtatöflu S24 11. 12. 2005 • Miðað við að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar • Tilboð þetta gildir til 20. 01. 2006.

# Suite Hotel Princesa Yaiza ☀☀☀☀☀+

Verð frá: **61.900,-** 6. júní – 20. júní m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur.
**89.800,-** m.v. 2 fullorðna



Yaiza er heill heimur út af fyrir sig og eitt besta hótel sem við höfum séð. Frábær aðbúnaður og afburða þjónusta á fáguðu strandhóteli þar sem öll herbergi eru svítur og allt er eins og það á að vera.





## Princesa Yaiza – svítur

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | 50 m |
| **Aðstaða** | |
| Bar | Já (inni og úti) |
| Veitingastaður | Já (5) |
| Sundlaug \| Garður | Já \| Já |
| Barnalaug \| Leiksvæði | Já \| Já |
| Sólbekkir \| Handklæði | Já \| Já |
| Skemmtidagskrá \| Fyrir börn | Já \| Já |
| Heilsurækt | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Fundaraðstaða | Já |
| Aðstaða fyrir fatlaða | Já |

## LÚXUSSVÍTUR

Svítur og fjölskyldusvítur með stórum svölum, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishólfi og vel búnum baðherbergjum. Þrif og þjónusta alla daga vikunnar.

Skoðaðu fleiri gistimöguleika á Playa Blanca á sumarferdir.is



Líf og fjör á Lanzarote









# Puerto del Carmen

Á lengstu strönd Lanzarote er líf og fjör allan sólarhringinn. Hér er að finna glæsilegar strendur og skemmtileg hótel, verslunarmiðstöð með öllum helstu merkjunum á fáránlegu verði, óteljandi veitingastaði með mat frá öllum heimshornum og fyrir þá hressustu eru næturklúbbarnir opnir alltof lengi. Þetta er staður fyrir fólk sem vill skemmta sér í fríinu!




## Gististaðir í Puerto del Carmen

### Apartamentos Lanzaplaya ☀☀☀

**46.900,-** 6.–20. júní m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur





Sérlega gott íbúðahótel á frábærum kjörum við hjarta verslunargötunnar og ströndina í Puerto del Carmen.

### Apartamentos Playa Club ☀☀

**44.275,-** 6.–20. júní m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur

Hentug gisting og frábær staðsetning.
**Tveggja svefnherbergja íbúðir í boði!**

### El Dorado ☀☀☀

**46.550,-** 6.–20. júní m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur



Tilvalið fjölskylduhótel með stórum sundlaugargarði.
**Tveggja svefnherbergja íbúðir í boði!**



Suite Hotel Princesa Yaiza, fimm stjörnu hótel eins og þau gerast best

**LÚXUS**
**á lágu verði**

# Lanzarote!

Ævintýraeyjan Lanzarote er eins og lítið heitt Ísland við strendur Afríku. Loftslagið er frábært, sólin skín og hitastigið er alltaf stillt á mátulegt. Fólkið er vingjarnlegt og umhverfið til fyrirmyndar, allt frá snyrtilegum ströndum upp í náttúrundur fjallanna. Eyjan er vinsæll ferðamannastaður allt árið en mannfjöldinn nær aldrei að skyggja á sérkenni þessarar dásamlegu eyju. Á Lanzarote bjóðum við stórkostleg lúxushótel sem slógu eftirminnilega í gegn í fyrra, ásamt vönduðum gæðahótelum og íbúðahótelum á verði sem enginn keppir við.

Bókaðu núna:
**www.sumarferdir.is**
**Sími 575 1515**

**SUMAR FERÐIR**
– ERU BETRI EN AÐRAR!

Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni
www.kreditkort.is

**www.sumarferdir.is**

**Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn**

## „ORÐRÉTT“

*Keppir hann með bolta?*

**„Garcia má fara að æfa með okkur á allra næstu dögum, hann fær að æfa með bolta sem hann hefur ekki getað gert að undanförnu.“**

EINAR ÞORVARÐARSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HSÍ, UM LANDSLIÐSMANNINN GARCIA, NÍU DÖGUM FYRIR EM. MORGUNBLAÐIÐ.

*Hefur þetta ekki heyrst áður?*

**„Það er nokkuð ljóst að framgangurinn á þessu var ekki með þeim hætti sem hann hefði átt að vera.“**

BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON BÆJARSTJÓRI Í VESTMANNAEYJUM UM VEÐSETNINGU VATNSTANKA BÆJARINS. FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HARALDUR FREYR GÍSLASON TROMMULEIKARI OG NEMI

# *Botnleðja byrjar að nýju af krafti*

„Ég er nú á síðustu önninni í námi í mínu í Kennaraháskóla Íslands en þar er ég að læra að verða leikskólakennari,“ segir Haraldur Freyr en hann er þekktastur fyrir að tromma í rokkhljómsveitinni Botnleðju, sem nú er að byrja að nýju eftir hlé.

Haraldur hefur komið víða við en að undanförnu hefur hann starfað við dagskrárgerð í sjónvarpi. „Ég er nýbúinn að ljúka upptökum á spurningaþáttum um Eurovision-söngvakeppnina en ég og Heiða í Unun, eins og hún er oftast kölluð, stjórnum þeim þáttum. Það var virkilega gaman að vinna við þessa þætti og við hlógum mikið meðan á upptökum stóð.“

Hljómsveitin Botnleðja hefur ekki verið mikið starfandi upp á síðkastið en bassaleikari sveitarinnar hefur búið í Barcelona á Spáni síðustu mánuði. Haraldur Freyr segir hljómsveitina hvergi nærri hætta og segir þá félaga ætla að byrja upptökur á nýjum diski hið fyrsta. „Við munum koma saman á næstunni og þar mun ég auðvitað slá í takt á trommunum. Við eigum mikið efni núna sem við ætlum að taka upp sem fyrst. Það verður kærkomið að byrja aftur eftir langt hlé og ég er viss um að við munum koma frá okkur skemmtilegu efni.“

Haraldur Freyr er mikill áhugamaður um fótbolta og spilar hann einu sinni í viku í Reiðhöllinni, með félögum sínum.

Hann er mikill stuðningsmaður FH í íslenska fótboltanum og er einn af aðalmönnum Hafnarfjarðarmafíunnar svokölluðu, sem lætur vel í sér heyra á leikjum FH í Landsbankadeildinni. „Mér líst ágætlega á FH-liðið fyrir næsta tímabil en er þó hóflega bjartsýnni. Það er erfitt að halda liði á toppnum ár eftir ár. FH hefur orðið Íslandsmeistari í tvö ár í röð og það er alveg ljóst að FH þarf að hafa mikið fyrir því að vinna næsta sumar.“



## SJÓNARHÓLL

**ENGIN KONA Í FJÓRUM EFSTU SÆTUM Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISMANNA Í GARÐABÆ**



ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR

### *Agalegt að heyra*

„Ég er nú ekki sjálfstæðiskona en auðvitað finnst mér agalegt að heyra að konur séu ekki jafn sterkar í pólitík og karlmennirnir,“ segir Þórey Edda Elísdóttir stangarstökkvari um úrslit kosninga í prófkjöri sjálfstæðismanna í Garðabæ. Þar náði engin kona kosningu í fjögur efstu sætin.

Þórey Edda segist að vísu ekki hafa fylgst mikið með prófkjörinu í Garðabæ en finnst vont að heyra að konur séu að gefa svona mikið eftir.

Upp hefur komið sú hugmynd að einhver karlanna í efstu sætunum gefi sæti sitt eftir fyrir konu. Þórey Eddu líst tæplega á þá hugmynd. „Það er erfitt því það var jú fólkið sem valdi þetta og kosningar eru einu sinni þannig að meirihlutinn ræður,“ segir hún.

# Þorgrímur í Vinabandinu smíðar munnhörpurnar sínar sjálfur

**Þorgrímur Kristmundsson, rennismíðameistari, söngvari og munnhörpuleikari í Vinabandinu, leikur á heimasmíðað hljóðfæri með hljómsveitinni. Hann smíðaði munnhörpuna sína sjálfur og segir hljóminn í henni mjög góðan.**

„Þjóðverjar smíða heimsins bestu munnhörpur og þær eru gerðar úr silfri,“ segir Þorgrímur sem kominn er á níræðisaldur. Slíkar munnhörpur kosta sitt eða um og yfir fimm hundruð þúsund krónur. „Ég hafði ekki efni á því og smíðaði mína því sjálfur með hjálp fagmanna,“ segir hann.



**SILFURMUNNHARPAN** Nýtt út úr búð kostar svona hljóðfæri um hálfa milljón króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÞORGRÍMUR KRISTMUNDSSON MUNNHÖRPULEIKARI** Fann hinn eina sanna hljóm í silfurmunnhörpunni sinni. Hann seldi harmonikuna sína til að fjármagna munnhörpusmíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorgrímur hefur smíðað þrjár munnhörpur um ævina, þá fyrstu úr kopar en form hennar var ekki rétt. „Þá smíðaði ég aðra úr kopar og hún kom ágætlega út en hljómaði þó ekki eins og silfurmunnharpa. Ég vil aðeins það besta og fékk mér því silfur enda vil ég hafa þetta almennilegt.“ Og almennilegt er það, hljómurinn er mjög góður og Þorgrímur alsæll með hljóðfærið sitt.

Hann keypti efnið frá hljóðfæraframleiðandanum Hohner en þar á bæ er byggt á reynslunni; Hohner hefur framleitt hljóðfæri frá 1857. „Ég keypti raddplöturnar og fjaðrirnar og setti munnhörpuna saman. Þetta er mikið nákvæmnisverk og það má bara skeika hundraðasta parti úr millimetra svo hljómurinn verði ekki falskur,“ segir Þorgrímur sem vitaskuld byggði á menntun sinni og kunnáttu þegar hann setti munnhörpuna saman. Rennismíðameistari til áratuga kann jú ýmislegt fyrir sér.

Þorgrímur er músíkalskur og hefur leikið á munnhörpu frá blautu barnsbeini. Hann lék líka á harmoniku og var að eigin sögn með harmonikudellu en seldi nikkuna sína til að fjármagna munnhörpusmíðina. Og tónlistin er líf og yndi Þorgríms eftir að hann hætti að vinna. „Við í Vinabandinu förum vítt og breitt um borgina og spilum fyrir eldri borgara til að lífga upp á þá. Það hefur verið mín aðalvinna undanfarin ár.“ **bjorn@frettabladid.is**




Áratuga gamalt verksmiðjuhúsnæði víkur fyrir hjúkrunarheimili fyrir aldraða:

# Lýsi jafnað við jörðu

Unnið er að niðurrifi verksmiðjuhúsnæðis Lýsis við Grandaveg í Reykjavík. Húsið var reist í kringum 1940 og hýsti meginstarfsemi Lýsis allar götur þar til í fyrra er flutt var í nýtt húsnæði í Örfirisey.

Í grennd við Lýsi, ofar við Grandaveginn, var um árabil fiskverkun á vegum Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Þau hús voru rifin fyrir um tuttugu árum og íbúðir byggðar í staðinn. Síðan þá hefur Lýsi staðið eitt og yfirgefið í túnfæti íbúðahverfis, við hlið húss Jóns Loftssonar þar sem nokkrar verslanir eru.

Íslenskir aðalverktakar keyptu lóðina af Lýsi og er fyrirhugað að á henni rísi þjónustuíbúðir fyrir aldraða en að því verkefni koma Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes.



**LÝSI VIÐ GRANDAVEG RIFIÐ** Bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða rís á lóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Tilboðin gilda í viku 3 til sunnudags 22. jan. eða á meðan birgðir endast
...fyrir góðan dag!
EKKERT BRUDL
Lambakjöt
LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
898 kg KR.
MERKT VERÐ 998KR.
Frosið og snyrt lambalæri
LAMBABÓGUR
FRYSTIVARA -18°C
FROSINN LAMBABÓGUR
599 kg KR.
Frosinn KS lambabógur
bonus.is
Bragð sem allir elska
Lambakjöt tilheyrir þeim fæðuflokkum sem minnst eru líklegir til að valda fæðuóþoli. Prótíninnihaldið er hátt og það er ríkt af B-vítamínum auk þess að vera góður járn og sink gjafi. Fitu þess ætti að snæða af kurteisi þar sem hún er mettuð og kalóríurík.
FROSIN, VERKUÐ SVIÐ
379 kg KR.
MERKT VERÐ 398KR.
Frosin og verkuð svið
I. flokks frosið KS súpukjöt
Súpukjöt
I. fl. frosið KS súpukjöt
398 kg KR.
MERKT VERÐ 499KR.
www.bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Nemar í flugumferðarstjórn hjá Flugmálastjórn Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MANNÁT

# Fátíðara en ætla mætti af frásögnum

Fátt veldur fólki meiri hryllingi en frásagnir af mannáti, en slíkar frásagnir hafa fylgt mannkyninu frá því sögur hófust. Fyrir dómi í Frankfurt í Þýskalandi er nú verið að rétta á ný í máli tölvunarfræðingsins Armin Meiwes, sem dæmdur var fyrir manndráp árið 2004 fyrir að hafa drepið og etið að hluta mann sem gaf sig fram til þess.



**Hvað er mannát?**
Mannát er eins og liggur í orðsins hljóðan þegar maður leggur sér til munns hluta af líkama annars manns. Ýmsir þjóðflokkar hafa í gegnum söguna verið sagðir hafa ástundað mannát, oftast í tengslum við trúarlegar athafnir. Það er hins vegar mjög umdeilt meðal mannfræðinga hversu algengt slíkt hafi verið í raun. Sumir mannfræðingar hallast að því að mannát hafi nær aldrei átt sér stað, en aðrir segja það hafa verið allalgengt í frumstæðum samfélögum. Þekktar eru frásagnir fyrstu Evrópumannanna sem komust í kynni við indíánasamfélög Vesturheims af helgisiðum meðal þeirra sem fólu í sér mannát. Þar sem Ísabella Spánardrottning leyfði landvinningamönnum sínum aðeins þrælkun indánaþjóða sem stunduðu mannát urðu frásagnir af mannætuindíánum stórlega ýktar.

**Eru til staðfest dæmi um mannát í nútímanum?**
Staðfest tilfelli mannáts á síðari tímum tengjast flest annaðhvort hungursneyð, stríði eða geðbiluðum einstaklingum. Dæmi um mannát eru þekkt úr hungursneyðinni miklu í Úkraínu á fjórða áratugnum, í umsátrinu um Leníngrad í síðari heimsstyrjöld, í borgarastríðinu í Kína á fimmta áratugnum og meðal japanskra hermanna í Kyrrahafsstríðinu. Í október 1972 hrapaði flugvél í Andesfjöllum. Eftir nokkurra vikna sult tóku nokkrir úr hópi þeirra sem komust lífs af úr slysinu að borða kjöt af frosnum líkum fólks sem fórst. Meðal þekktra glæpamanna sem dæmdir hafa verið fyrir mannát á 20. öld eru Albert Fish, Ed Gein, Sascha Spesiwtsew, Fritz Haarmann („slátrarinn frá Hannover") og Andrei Chikatilo, „hinn sovéski Hannibal Lecter". Þessir menn voru allir raðmorðingjar sem borðuðu hluta af fórnarlömbum sínum.

**SPURT & SVARAÐ**

ÓTTI KVENNA Í MIÐBÆNUM

## Aldrei fundið fyrir óöryggi



**BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
Íbúi í miðborginni

Um 80 prósent kvenna telja sig finna fyrir miklu óöryggi í miðborginni um helgar, af því er fram kemur í nýlegri könnun. „Ég hef aldrei fundið fyrir óöryggi í miðbænum,"segir Birna Þórðardóttir sem er búsett í 101.

**Er þessi ótti kvenna skiljanlegur?** Að sumu leyti. En svo er sagt að óöryggið komi innan frá. Þar sem fólk er saman komið er misjafn sauðurinn og maður verður að taka mið af því hvort sem maður er staddur í Róm eða Reykjavík.

**Hefur samsetning mannlífsflórunnar breyst?** Breytingin sem ég merki fylgir í kjölfar á breyttum opnunartíma skemmtistaða. Það að fólk skuli vera að djamma, djúsa og þess vegna að dópa til sjö eða átta á morgnana getur haft ýmislegt í för með sér. Það er kannski þannig á sig komið að hægt er að gera því ýmislegt, því það er ekki fært um að passa sig. Þá hefur verið meira af spíttdópi í gangi sem getur gert fólk ofbeldissinnað. Það eru samþættar ástæður sem valdið hafa ákveðnum breytingum.

# Vill stuðning fyrir prófmál

**Sænskir byggingamenn hafa sent hingað til lands sendinefnd til að afla stuðnings við prófmál fyrir Evrópudómstólnum. Málið snýst um það hvort kjarasamningar gistilandsins eða heimalandsins gilda þegar vinnuafl er sent milli landa. Niðurstaðan ræður úrslitum um þróun vinnumarkaðarins.**



**PRÓFMÁL FYRIR EVRÓPUDÓMSTÓLNUM** Lettneskt fyrirtæki kom með lettneska byggingamenn til Svíþjóðar og greiddi þeim samkvæmt lettneskum kjarasamningum sem eru langt undir þeim sænsku. Ef niðurstaða í Evrópudómstólnum verður Lettunum í vil kemst norrænn vinnumarkaður í uppnám. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sendinefnd á vegum Norræna bygginga- og tréiðnaðarsambandsins er komin hingað til lands til að afla stuðnings stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar í prófmáli fyrir Evrópudómstólnum. Málið snýst um það hvort kjarasamningar heimalandsins eða gistilandsins eigi að gilda þegar fyrirtæki í löndum þar sem laun eru lág tekur að sér verkefni í löndum þar sem laun eru hærri og fær með sér vinnuafl að heiman.

Um er að ræða svokallað Vaxholm-mál en lettneska fyrirtækið Laval tók að sér að byggja skóla í Vaxholm, nálægt Stokkhólmi. Fyrirtækið flutti inn vinnuafl frá Lettlandi og ætlaði að hafa það á lettneskum kjörum sem eru mun lægri en gilda í Svíþjóð. Bæði byggingamenn og rafiðnaðarmenn mótmæltu harðlega og var málið sent fyrir félagsdóm.

**Lægri eða hærri laun**
Vaxholm-málið snýst um grundvallaratriði á norrænum vinnumarkaði. „Það snýst um það hvort kjarasamningar gistilandsins eða heimalandsins gilda," segir Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, sem hefur kynnt sér þetta mál.

„Það eru aðilar innan ESB sem vilja að kjarasamningar heimalandsins gildi. Það bætir stöðu verktakafyrirtækja í fátækari löndum en gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir Norður-Evrópu þar sem launastigið er hærra."

Fyrir Evrópudómstólnum er því tekist á um jafnvægi



Hraðskreiðasta geimfarinu skotið á loft til að rannsaka Plútó:

# Mun ná síðustu plánetu sólkerfisins eftir níu ár

Til stóð að Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, myndi skjóta mannlausa geimfarinu Nýr sjóndeildarhringur á loft í gær, en miklir vindar í Flórída seinkuðu geimskotinu fram á þriðjudag.

Geimfarinu, sem er á stærð við meðalpíanó, er ætlað að fljúga til Plútó, síðustu plánetu sólkerfisins sem enn hefur ekki verið rannsökuð. Jafnframt er því ætlað að kanna svæðið í kringum frostköldu plánetuna Kuiperbeltið, sem liggur við útjaðar sólkerfisins, en í því eru ókunnir hnettir hlutir á sveimi.

Vísindamenn NASA telja að það taki geimfarið níu ár að komast til Plútó. Ferðin er síðasti liðurinn í fyrstu rannsókn NASA á sólkerfinu, en hún hófst á sjöunda áratugnum þegar mannlaus geimför voru send til Mars, Merkúrus og Venus.

Plútó, sem er að finna í Kuiperbeltinu svokallaða, var uppgötvuð árið 1930. Vísindamenn deila um hvort Plútó sé í raun og veru pláneta, því ísaður massi hennar er svo ólíkur grjótinu sem finnst á öðrum plánetum sólkerfisins.

Í Kuiperbeltinu er að finna fjölmarga hálfgerðar plánetur sem virðast hafa hætt að þróast af ókunnum ástæðum og vonast vísindamenn NASA til þess að frekari upplýsingar um þær auki skilning manna á tilurð plánetanna.

Geimfarinu var ætlað að ferðast á nærri 58 þúsund km/klst hraða frá jörðinni og ná tunglinu á eingöngu níu tímum. Gert er ráð fyrir að það nái Júpíter eftir 13 mánuði. **- smk**



Heimildir: NASA
Andy Fowle • AP

efnahagslegra og félagslegra markmiða ESB og sjálfstæði aðildarríkjanna gagnvart ESB þegar kemur að félagslegum markmiðum og skipulagi vinnumarkaðarins. Jafnframt snýst málið um það hvort fyrirtæki “sem eru innblásin af láglaunasamkeppni nýfrjálshyggjunnar og njóta mikils frelsis um starfsemi sína á Evrópska efnahagssvæðinu,“ eins og verkalýðshreyfingin orðar það í tilkynningu, geti beitt félagslegum undirboðum á vinnumarkaði.

Íslenska verkalýðshreyfingin hefur rekið þá stefnu að íslenskir kjarasamningar gildi á Íslandi og „við viljum ekki láta sniðganga þá en Lettarnir telja að íslensku og sænsku reglurnar brjóti gegn reglum ESB,“ segir Skúli.

**Frestur til 26. janúar**

Atvinnuástand er bágborið í Eystrasaltsríkjunum og atvinnuleysi er upp undir 40 prósent þannig að launþegar þar hafa tilhneigingu til að taka hvaða vinnu sem er á hvaða kjörum sem er. Aðeins lítill hluti launafólks er í verkalýðsfélögum. Verkalýðshreyfingin í Eystrasaltsríkjunum hafði litla tiltrú almennings meðan Sovétríkin voru við lýði og henni hefur lítið vaxið ásmegin eftir að ríkin urðu frjáls. Norræna verkalýðshreyfingin er þó að aðstoða við uppbygginguna hennar.

Norræna sendinefndin hefur óskað eftir því að íslensk stjórnvöld sendi Evrópudómstólnum erindi þar sem hefðum á íslenskum vinnumarkaði er lýst. Sam Hägglund, framkvæmdastjóri Norræna byggingamannasambandsins, sagði að þeirri málaleitan hafi verið vel tekið. Íslensk stjórnvöld hafa frest til 26. janúar til að senda athugasemdir til Evrópudómstólsins.

Svíarnir reyna að afla stuðnings sem flestra ríkja og þó að íslensk stjórnvöld hafi ekki gefið út afstöðu sína stefnir allt í að norræn samstaða náist í málinu. Þá er talið að Frakkar og Þjóðverjar muni styðja Svíana.

**Traust og trú fyrir bí**

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, rifjar upp orð Jacques Chirac Frakklandsforseta sem hefur sagt að falli dómur ekki Svíunum í vil muni evrópskur vinnumarkaður taka hraðlest í átt til lægstu kjara á ESB-svæðinu, samkeppnisstaða myndi skekkjast og norræna velferðar- og vinnumarkaðsmódelið væri í hættu. Hägglund telur að þar með væri traust fyrir bí á vinnumarkaðnum og menn missi trú á Evrópusambandinu.

Norræna verkalýðshreyfingin er bjartsýn á jákvæða niðurstöðu fyrir Evrópudómstólnum en telur þó ekkert víst í þessu efni og er því að reyna að afla málflutningi sínum fylgis.

Niðurstaða fæst ekki í málið fyrr en eftir eitt til tvö ár. Niðurstaðan er talin hafa fordæmisgildi um alla Evrópu og skipta höfuðmáli hvað varðar þróun vinnumarkaðarins. Ef dómur fellur lettneska fyrirtækinu í vil þá geta fyrirtæki, bæði innlend og erlend, flutt vinnuafl hingað til lands á öðrum kjörum en hér gilda. Leikreglum á vinnumarkaði og í atvinnulífi væri þar með kollvarpað. Annars heldur norræna vinnumarkaðsmódelið eins og það hefur verið.


**NORRÆN OG ÍSLENSK VERKALÝÐSFORYSTA** Magnús Norðdahl, yfirlögfræðingur ASÍ, Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, Sam Hägglund, framkvæmdastjóri Norræna byggingamannasambandsins, Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, og Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**SAM HÄGGLUND** Sam Hägglund, framkvæmdastjóri Norræna byggingamannasambandsins, telur að falli dómur Lettunum í vil missi menn almennt trú á Evrópusambandinu og traust verði fyrir bí á vinnumarkaði.


**SKÚLI THORODDSEN** Sænsk sendinefnd er komin hingað til lands til að afla stuðnings stjórnvalda við mál fyrir Evrópudómstólnum. Málið getur haft fordæmisgildi varðandi það hvort kjarasamningar gistilands eða heimalands gilda á vinnumarkaði.


FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD
ghs@frettabladid.is



## Útgjöldin

> Verð á kílói af kjúklingi í febrúar. Miðað við verðlag á öllu landinu.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** EYRÚN MAGNÚSDÓTTIR SJÓNVARPSKONA

## *Rússneska loðhúfan sem týndist*



Eyrún Magnúsdóttir, einn umsjónarmanna Kastljóssins í Ríkissjónvarpinu, hefur keypt margt nytsamlegt um ævina en nefnir þó fatnað í báðum tilvikum, þegar hún er innt eftir því hvað séu bestu og verstu kaup sem hún hafi gert. Eyrún nefnir strax rússneska loðhúfu sem upphálds flíkina sína en lýsir um leið eftir henni, þar sem hún hefur verið týnd í dágóðan tíma. „Ég held að ég verði að nefna loðhúfu sem ég keypti á Rauða torginu í Moskvu sem bestu kaup sem ég hef gert. Hún kostaði tæplega þúsund krónur en er afskaplega hlý og notaleg. Þó að það sé af mörgu að taka get ég ekki staðist að nefna þessa húfu því hún hefur reynst vel. Því miður hef ég ekki fundið hana lengi og lýsi hér með eftir henni."

Eyrún segir útsölur oft hafa leikið sig grátt þar sem hún freistist til þess að kaupa á þeim föt sem hún hafi lítið með að gera, einungis hagstæða verðsins vegna. „Ég get ekki nefnt neinn einn hlut sem verstu kaup ævinnar en ég hef lært í gegnum tíðina að forðast útsölur fatabúðanna, þar sem ég enda alltaf á því að labba út úr búðunum með föt sem ég hef ekkert með að gera. Þetta á einungis við um föt en ekki alla hluti."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SKIPULEGGJA HEIMILISÞRIFIN

■ *Vigdís Stefánsdóttir, nemi í erfðaráðgjöf, segir að eitt besta húsráðið sem hún viti um sé að skipuleggja vel heimilisþrifin og dreifa þeim yfir vikuna þannig á hverjum degi sé eitthvað smávegis þrifið.*



„Þá þarf aldrei að þrífa allt í einu og heimilisþrifin vaxa manni ekki í augum. Maður getur til dæmis skipulagt sig þannig að á mánudögum þrífur maður baðið, á þriðjudögum svefnherbergin, á miðvikudögum forstofu og svo framvegis," segir hún. „Stærri verkefni eins og að taka skápa í gegn er gott að setja á lista sem mánaðarverk og skipuleggja þá hvenær í mánuði gengið er í þau verk."

■ **Hvað kostar... að leigja iðnaðarryksugu**

## Hærra verð fyrir fyrsta daginn



Þegar farið er í framkvæmdir getur borgað sig að leigja iðnaðarryksugu til að ná upp sagi og jafnvel vatni sem venjulegar heimilisryksugur ráða ekki við. Hjá Byko kostar leiga á ryksugum 3.000 krónur fyrir fyrsta daginn og 1.500 fyrir hvern dag eftir það. Ef leigutíminn er innan við fjórir tímar er leigugjaldið 1.500 krónur. Einnig er hægt að leigja vatnsryksugur og kostar þá fyrsti dagurinn 2.330 krónur. Hver dagur eftir það, sem og hálfur dagur kostar 1.165. Þá þarf að kaupa ryksugupoka sem kostar 850 krónur.
Hjá Húsasmiðjunni kostar leigan á iðnaðarryksugu 2,682 fyrir fyrsta sólarhringinn, en 1.490 fyrir hvern sólarhing eftir það. Ef leigutíminn er innan við fimm klukkustundir er verðið 1.490 krónur. Þá er hægt að leigja ryksugu eftir klukkan fjögur á daginn og skila henni fyrir níu morguninn eftir og greiða 1.490 kr.

■ **Verslun og þjónusta**

## Nú er hægt að reikna út raforkusparnað



Á heimasíðu Neytendastofu er nú hægt að reikna út hversu mikið er hægt að spara í raforkukostnaði með því að færa viðskipti frá einu orkufyrirtæki til annars. Annars vegar er hægt að slá inn póstnúmer og í hvernig húsnæði er búið og reiknast þá út hvað meðalársreikningur hvers heimilis yrði hár, miðað við að kaupa rafmagnið frá helstu sölufyrirtækjunum. Ef slíkur útreikningur gefur ekki rétta mynd af orkunotkun heimilisins, er hægt að endurreikna og styðjast við réttan fjölda kílówattstunda sem notuð eru.

■ **Verslun og þjónusta**

## Tryggingafélag með styttri binditíma

elísabet

Nýtt íslenskt tryggingafyrirtæki, Elísabet, hefur hafið starfsemi hér á landi en fyrirtækið lofar viðskiptavinum auknu frelsi og lægra verði en gengur og gerist.
Jón Páll Leifsson, talsmaður fyrirtækisins, segir að þessu geti þeir lofað þar sem yfirbygging er engin og öll starfsemi fer fram á netinu. Meðal nýjunga sem Elísabet býður upp á er meðal annars styttri tryggingatími. Viðskiptavinir þurfa aðeins að binda sig þann tíma sem þeir sjálfir kjósa og hafa meira val um hvað þeir tryggja en þekkst hefur áður. Allar upplýsingar um tryggingafélagið má finna á elisabet.is




# Mikill verðmunur á vetrardekkjum

**Þeir sem enn hafa ekki skipt yfir á vetrardekk gætu sparað sér talsverðar upphæðir með því að gera verðsamanburð en tugum þúsunda getur munað á vetrardekkjum milli dekkjaverkstæða. Landsbyggðin stendur sig vel.**



**ANNRÍKI** Mikið annríki hefur verið á dekkjaverkstæðum borgarinnar alla vikuna. Á Gúmmívinnustofunni í Skipholti höfðu menn hraðar hendur enda margir sem biðu.

Mikill atgangur hefur verið á hjólbarðaverkstæðum víða um land alla þessa viku en sérstaklega suðvestanlands, eftir að snjó fór að festa á jörð.

**Gerið verðsamanburð**

Samkvæmt úttekt Neytendasamtakanna borgar sig að gera verðsamanburð áður en ný dekk eru keypt undir fjölskyldubílinn. Á meðfylgjandi töflu má sjá að verðmunur er talsverður milli verkstæða og eins landshluta þegar kemur að kaupum á dekkjum og umfelgun þeirra. Mesti munurinn er á verði loftbóludekkja og umfelgun á milli BS Bílaverkstæðis á Neskaupstað og Hjólbarðaverkstæðis Ísafjarðar, en munurinn er um 40 þúsund. Vitaskuld er um gæðamun að ræða milli dekkjategunda en ekkert mat er lagt á það í þessari könnun. Aðeins var farið fram á að viðkomandi staðir gæfu upp verð á ónegldum og negldum vetrardekkjum sem viðkomandi mælti með undir meðal fjölskyldubíl.

Að auki var tekið með verð á svokölluðum loftbóludekkjum sem mörgum þykja góð enda sýna rannsóknir að þau standa nagladekkjum að mörgu leyti framar. Hafa ber í huga að til eru ýmsar tegundir slíkra loftbóludekkja og ekki er alltaf um sömu tegund að ræða hér.

Umfelgun ein og sér kostar á flestum stöðum milli fjögur og sex þúsund krónur og þá upphæð geta þeir sparað sér sem hafa til þess tíma og aðstöðu.

**Sami fjöldi á sumardekkjum**

Fregnir hafa borist af því að undanförnu að mikið sé af bílum í umferðinni sem séu illa búnir til vetraraksturs og margir jafnvel á sumardekkjum.

Að sögn ýmissa sem rætt var við á hjólbarðaverkstæðunum er ekki meira um það nú en venjulega en alltaf fjölgi þeim þó sem reyni að komast hjá því að skipta enda hefur veturinn styst í báða enda á flestum stöðum á landinu síðustu ár. Þess misskilnings hefur víða gætt undanfarið að óheimilt sé að vera á sumardekkjum í ófærð á borð við þá sem verið hefur í höfuðborginni síðustu dægrin. Það er rangt en hafa ber í huga að tryggingafélög geta takmarkað bætur sínar þyki sannað að slitin dekk eða sumardekk hafi átt þátt í að slys eða árekstur átti sér stað.

**albert@frettabladid.is**

**VERÐKÖNNUN Á VETRARDEKKJUM***

| | Bræðurnir Ormsson Reykjavík | BS Bílaverkstæði Neskaupstað | Dekkjahöllin Akureyri | Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar | Bæjardekk Mosfellsbæ | Hjólbarðahöllin Reykjavík | Sólning Kópavogi | Gúmmívinnustofan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ný vetrardekk + umfelgun | 37.000 | **20.704** | 31.347 | 43.952 | 32.725 | 37.420 | 31.150 | 34.048 |
| Ný nagladekk + umfelgun | 43.000 | **26.704** | 37.347 | 50.752 | 38.546 | 43.600 | 38.350 | 40.223 |
| Loftbóludekk/sambærileg + umfelgun | 45.000 | **24.664** | 45.000 | 65.488 | 52.730 | - | - | - |

** Í öllum tilfellum er um að ræða fjóra hjólbarða sem umræddir söluaðilar mæltu með en ekki endilega þau ódýrustu. Ekkert mat er lagt á gæði eða aðra þjónustu. Dekkjastærðin er algeng fólksbílastærð: 195/65/15. Hafa ber í huga að ekki er um tæmandi lista að ræða.*

**MATUR & NÆRING** | BRYNHILDUR BRIEM MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐINGUR HJÁ UMHVERFISSTOFNUN

## Bættar matarvenjur – mataræði þrep fyrir þrep



Það er ekki eins flókið og margir halda að temja sér hollar matarvenjur. Í því samhengi er gott að muna að margt smátt gerir eitt stórt. Ef breyta á matarvenjum eru skyndiátök og áhlaup ekki líkleg til varanlegs árangurs. Þess vegna er frekar mælt með hægfara breytingum þar sem einstaklingar venja sig á hið nýja mataræði þrep fyrir þrep. Fyrst þarf að skoða hverju þarf að breyta, byrja svo smátt og smátt og áður en maður veit af hefur maður tamið sér nýjan lífsstíl.

Almennt má segja að fjölbreytni í fæðuvali sé lykilatriði hvað varðar hollt mataræði. Með fjölbreyttu fæðuvali er átt við að borða úr öllum fæðuflokkum, kornvörur (brauð, morgunkorn, pasta), ávexti og grænmeti, mjólkurvörur, kjöt, fisk og baunir. Æskilegt er að hafa fitunotkun í hófi og nota frekar mjúka fitu (svo sem matarolíu) en harða (smjörlíki, smjör). Hægt er að draga úr fitunotkun með því að velja fituskertar (léttar) mjólkurvörur, fituminna viðbit á brauðið og sniðganga mjög feitan mat eins og bjúgu, djúpsteiktan mat og feitar sósur. Þá er einnig æskilegt að fara sparlega með sykurinn.



Reglulegar máltíðir og hóflegt magn er nauðsynlegt til að halda þyngdinni í skefjum. Til að tryggja fjölbreytni í máltíðum má hugsa sér að matardiskunum sé skipt í þrjá jafna hluta. Á einn hlutann fer grænmetið, á annan kartöflur, pasta eða hrísgrjón og svo kjöt, fiskur eða baunir á þann þriðja. Sá sem er ekki vanur að borða grænmeti með matnum getur byrjað með að hafa grænmetishlutann minni en stækkað hann svo smátt og smátt. Sem dæmi um hvernig hægt er að venja sig á léttar mjólkurvörur er mælt með því að sá sem er vanur að drekka nýmjólk skipti fyrst yfir í léttmjólk og þegar hann hefur vanist henni má snúa sér að fjörmjólk eða undanrennu. Eins er hægt að draga úr fitunotkun með því að smyrja brauðið sparlega og jafnvel sleppa alveg að smyrja undir feitt álegg. Með því að nota matreiðslurjóma eða kaffirjóma í staðinn fyrir venjulegan rjóma sparast líka fita. Þegar allar þessar smábreytingar eru lagðar saman kemur í ljós að heildarfituneysla einstaklings yfir árið hefur minnkað um mörg kíló.

**www.mni.is**



hagstæðustu heildarinnkaupin
meira fyrir minna
gott á brauðið!
Holta Kjúklingur
25% afsláttur við kassa
Holta kjúklingabringuálegg
frábært verð!
40% afsláttur við kassa
1.379 kr.kg.
Ísfugls kjúklingabringur
GOÐI -alltaf góður
þorramaturinn er kominn!
50% afsláttur við kassa
Saltkjöt blandaðir bitar
KEA
40% afsláttur við kassa
KEA sagaður hangiframpartur
Rófustappa
99 kr/ds
Stjörnu rófustappa
GOÐI -alltaf góður
svið og rófustappa!
50% afsláttur við kassa
Goða svið
góður með þorramatnum!
Egils PILSNER
39 kr/ds
Egils pilsner
199 kr/kg
Avocado
99 kr/kg
Spánskar appelsínur
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 19. -22. janúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Taka verður stöðu Ríkisútvarpsins á markaði með í reikninginn ef smíða á ný fjölmiðlalög.

## Boðberar aukinna ríkisafskipta

Ýmsir hafa orðið til að hylla þá ákvörðun Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að skipa ekki nýja fjölmiðlanefnd án þátttöku stjórnarandstöðuflokkanna. Vissulega er sú leið gæfuríkari að fela sérfræðingum að semja tillögur um ný fjölmiðlalög út frá skýrslu þverpólitísku fjölmiðlanefndarinnar frá síðasta ári og í samráði við alla flokka, í stað þess að leggja upp í aðra vegferð án stjórnarandstöðunnar eins og gert var í byrjun árs 2004 og endaði með synjun forseta á fjölmiðlalögum ríkisstjórnarinnar. Þetta samráð má lofa en það er hins vegar allt annað mál hvort skýrsla fjölmiðlanefndarinnar frá síðasta ári sé heppilegt vinnugagn.

Það er í raun illskiljanlegt af hverju menntamálaráðherra hafnaði hugmynd stjórnarandstöðunnar um nýja fjölmiðlanefnd sem tæki fjölmiðlamarkaðinn í heild til skoðunar, þar með talið stöðu og hlutverk RÚV. Því hefur áður verið haldið hér fram að þátttaka ríkisljósvakamiðlanna á auglýsingamarkaði sé í raun samkeppnishindrun sem komi í veg fyrir að fleiri aðilar geti spreytt sig á ljósvakamarkaði.

Í skýrslu þverpólitísku nefndarinnar frá því í fyrra kemur fram að „aðgangsþröskuldurinn“ inn á íslenskan fjölmiðlamarkað sé enn mjög hár og er talið upp því til stuðnings að nýir ljósvakamiðlar og prentmiðlar þurfi að tryggja sér dreifingu á efni sínu til almennings og að verð á ýmsu ljósvakaefni sé orðið mjög hátt. Þessi atriði eru hins vegar bæði yfirstíganleg. Útsendingarásir sjónvarps eru ekki lengur takmörkuð auðlind og framboð af sjónvarpsefni er yfirdrifið nóg. Íslenskt auglýsingafé er hins vegar takmarkað og um það berjast ríkisfjölmiðlarnir við einkafyrirtæki með kjafti og klóm.

Í skýrslu nefndarinnar frá því í fyrra er í fjölmörgum atriðum tæpt á mikilvægi þess að hér starfi fjölbreyttir fjölmiðlar. Í skýrslunni kemur líka fram sú skoðun að með arðsemiskröfu til fjölmiðla verði þeir háðir auglýsendum og reyni þar af leiðandi að ná til sem flestra sem aftur komi niður á almannaþjónustukröfunni. Ef gengið er út frá þessum punktum sem hér hafa verið nefndir úr skýrslunni væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi ef RÚV færi af auglýsingamarkaði, annars vegar skapaðist stóraukið svigrúm fyrir samkeppni á ljósvakamarkaði og hins vegar gæti stofnunin einbeitt sér að almannaþjónustu í stað þess að standa í vinsældakeppni við einkastöðvarnar.

Hitt er svo ekki síður umhugsunarefni hversu heppileg þessi skýrsla er sem bakgrunnur fyrir ný fjölmiðlalög. Einn helsti heimildarmaður síðustu fjölmiðlaskýrslu er bandaríski fjölmiðlafræðiprófessorinn Robert McChesney. Um hann hefur meðal annars verið skrifað að sem fjölmiðlafræðingur hafi hann fyrst og fremst áhyggjur af því sem hann álítur vera ósamkvæmni milli annars vegar fjölmiðlasamsteypna sem eru mettaðar af auglýsingum og drifnar áfram af einbeittri hagnaðarvon, og tjáskiptakröfum lýðræðisþjóðfélags hins vegar. Hugmyndafræði McChesney gengur út á að leysa þessa meintu ósamkvæmni með stórfelldum niðurgreiðslum til fjölmiðla sem eru ekki gerðar arðsemiskröfur til, öflugum auðhringamálarekstri til höfuðs fjölmiðlasamsteypum og strangri reglusetningu um fjölmiðla sem eru ekki í ríkiseign.

Þessi einn helsti heimildarmaður fjölmiðlaskýrslunnar, sem forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sagt að gangi að þeirra mati of skammt, er sem sagt langt til vinstri við bandaríska Demókrataflokkinn og talsmaður mikilla ríkisafskipta og niðurgreiðslustjórnmála. Er nema von að maður klóri sér í kollinum?

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stóriðjustefnan ræður

Staðan sem komin er upp í málefnum friðlandsins í Þjórsárverum og Norðlingaölduveitu kemur vafalaust mörgum í opna skjöldu.
Sumir hafa haft á orði að ekki sé hægt að slá framkvæmdirnar af fyrir fullt og allt án þess að bent sé á aðra kosti til orkuöflunar fyrir Landsvirkjun.
Á hinum enda þessa máls er vitanlega sú stefna sem í gildi er af hálfu stjórnvalda og gengur undir nafninu stóriðjustefna eða sú stefna að laða að erlendar fjárfestingar í orkufrekum iðnaði.
Verði horfið frá þeirri stefnu blasir við að engin þörf verður fyrir stórvirkjanir á fimm ára fresti hér í landinu. Orkuþörfin ykist hugsanlega um tvö prósent til almenna nota ár hvert ef engin væri stóriðjustefnan.
Þrýstingurinn á nýtingu vatns- og jarðgufuaflsins er með öðrum orðum til kominn vegna viðleitni stjórnvalda til að efla þjóðarhag með þess háttar nýtingu auðlindanna. Þessi áhersla er fyrst og síðast pólítísk stefna.

### Að „eyjabakka“ út úr málinu



Stjórnarliðar virðast nú einn af öðrum vera að „eyjabakka“ út úr Norðlingaölduveitu. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, er meðflutningsmaður að þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Tillagan var lögð fram á Alþingi í gær. Kristinn er varaformaður umhverfisnefndar Alþingis og kveðst hafa hlýtt á orð formanns nefndarinnar, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar Sjálfstæðisflokki sem sagt hefur að tilfinningarök séu einnig gild rök í málinu. Hann skorar á Guðlaug að fylgja sér og minnir á friðun Guðlaugstungna norður í landi sem umhverfisráðherra tilkynnti um fyrir skemmstu. Kristinn ljóðar á formann sinn í nefndinni með svofelldum hætti:
Umhverfisnefndarformaðurinn er
fremstur af þingmönnum ungum.
En vill hann nú verja Þjórsárver
að vernduðum Guðlaugstungum?
Kristján Möller þingmaður frá Siglufirði hlýddi á vísuna á göngum þingsins og spurði um hæl: „ Má ekki bæta við 0,001 fermetra við friðland Guðlaugstungna og friða í leiðinni tungu Guðlaugs.

johannh@frettabladid.

## Súrsun og símaþjónusta

Í DAG
SÚRSUN



ÞORVALDUR GYLFASON

*Snjallir og útsjónarsamir framkvæmdastjórar í Bandaríkjunum og Evrópu sáu það í hendi sér, að það gat borgað sig að súrsa símaþjónustuna með því að senda hana til Indlands.*

Heimurinn er alltaf að breytast sem betur fer. Flest erum við hætt að súrsa bringukolla og sundmaga til manneldis. Bændur halda þó áfram að súrsa hey, þótt plastpokar hafi leyst gömlu súrheysturnana af hólmi. Súrsun er gömul og góð geymsluaðferð til sjós og lands og gengur nú í endurnýjun lífdaganna í iðnaði, verzlun og þjónustu. Hér segir frá því.

Þetta byrjaði í þjónustugeiranum, þar sem fjarskiptabyltingin hafði keyrt símakostnað niður í næstum ekki neitt, einnig milli landa í krafti frívæðingar í viðskiptum. Snjallir og útsjónarsamir framkvæmdastjórar í Bandaríkjunum og Evrópu sáu það í hendi sér, að það gat borgað sig að súrsa símaþjónustuna með því að senda hana til Indlands. Hvers vegna skyldu þeir nota dýran mannskap heima fyrir til að svara í símann hjá sér, ef þeir gátu keypt sömu þjónustu á Indlandi við miklu lægra verði? Indverjar kunna ensku, engin fyrirstaða þar. Þeir héldu m.a.s. námskeið til að kenna indverskum símsvörum margs konar málhreim, svo að símtölum frá Texas er svarað þýðum suðurríkjarómi. Hringjarinn hefur ekki hugmynd um, að hann er að tala við Indland. Teningunum var kastað.

Súrsun út á við í atvinnurekstri er í reyndinni geymsluaðferð eða kannski réttara sagt umskipunaraðferð líkt og súrsun matar og heyja: vinnuveitandinn geymir sér og öðrum staðbundið vinnuafl með því að umskipa því inn á arðvænlegri brautir. Vinnandi hugir og hendur rata ekki að vísu alltaf beint í betur launuð störf og geta því þurft að afla sér nýrrar þekkingar og þjálfunar í millitíðinni eða jafnvel sæta iðjuleysi, en á endanum finna flestir sér eitthvað gott og gagnlegt að gera. Það er reglan. Atvinnuleysi er undantekningin.

Súrsun tekur á sig margar myndir á vinnumarkaði. Fiskverkunarstöðvarnar hringinn í kringum Ísland flytja nú inn erlent vinnuafl í stórum stíl og hafa gert það um árabil, því að Íslendingar fúlsa nú flestir við fiskverkun. Ætli veiðarnar séu á sömu siglingu? Kannski. Útvegsmenn leita nú sumir að erlendum mannskap á skipin. Hvað um það, súrsun inn á við í fiskvinnslu sér til þess, að beggja hag er borgið. Erlendir verkamenn þiggja glaðir betri kjör en þeim bjóðast heima hjá sér. Heimamenn finna sér heldur aðra og betur launaða vinnu. Útlendingarnir ná smám saman nógu traustri fótfestu á nýjum slóðum til að geta keppt við heimamenn um ýmis önnur störf: þeir verða smám saman Íslendingar.

Svipuðu máli gegnir um framkvæmdirnar fyrir austan. Sjötti hver íbúi Austurlands er nú útlendingur, segja þau á Hagstofunni. Innflutningur verkafólks að utan gerir okkur kleift að vinna verk, sem ella hefðu orðið okkur ofviða, og hjálpar okkur í ofanálag að halda verðbólgunni í skefjum. Súrsun inn á við í heilbrigðisþjónustunni er angi á sama meiði: álitlegur hluti starfsfólks sjúkrahúsanna er nú af erlendu bergi brotinn, af því að Íslendingar fúlsa flestir við þeim launum, sem þar eru í boði. Skólakerfið færi kannski sömu leið, ef nógu margir útlendingar kynnu nóg í íslenzku til að kenna börnum og unglingum að lesa og skrifa. Ég keypti bensín af Kínverja við Skúlagötuna í Reykjavík um daginn; hann hefur verið hér í tíu ár og talar óaðfinnanlega íslenzku. Og ég heyrði ekki alls fyrir löngu síberíska söngkonu syngja Draumalandið og Litfríð og ljóshærð í Salnum í Kópavogi; hún fór svo vel með lögin og textann, að tárin flóðu niður kinnar áheyrenda. Svona á lífið að vera.

Ég hef heyrt stjórnendur bandarískra fyrirtækja lýsa áhyggjum af því, að öll þessi súrsun út og suður geti gengið of langt. Það er fínt að súrsa ýmis þjónustustörf inn og út, segja þeir, t.d. ræstingar og símsvörun. En getum við leyft okkur að súrsa hátæknistörfin líka? Nei, þá er voðinn vís. Forstjórarnir lýsa bandarískum unglingum, sem hugsa sem svo: hví skyldum við slíta okkur út við að læra stærðfræði, ef við getum hvort sem er keypt alla heimsins útreikninga af sprenglærðum Indverjum? Þarna er sóknarfæri handa Indlandi, því að þar eru nokkrir beztu tækniháskólar heims og fjölmörg hátæknifyrirtæki í fremstu röð, einkum í Bangalor. Þessi keppni frá Indlandi ætti þó að réttu lagi að brýna fyrir Bandaríkjamönnum og öðrum nauðsyn þess að halda vöku sinni. Bæði löndin geta hagnazt á því að súrsa vinnuaflið á báða bóga. Margir vel menntaðir Indverjar eru nú aftur komnir heim til að leggja hönd á plóg að loknu löngu starfi í Bandaríkjunum og Evrópu.




Amal Tamimi kennir arabísku fyrir byrjendur!

Komdu á námskeið í arabísku!

- Arabískir bókstafir
- Fyrstu skref í að tala og skrifa
- Menning í tengslum við arabíska tungu

*Kennt verður á mánudögum kl. 16:30 til 18:00 í Alþjóðahúsinu.*
*Námskeiðið hefst 23. janúar og því lýkur 27. mars.*
***Drífðu í að skrá þig. Takmarkaður fjöldi***

Skráning er á amal@ahus.is
eða í síma 530-9308.
*Verð: 25.000 kr.*

AHÚS
ALÞJÓÐAHÚS
Intercultural Center
ศูนย์รวมวัฒนธรรมนานาชาติ
Интернациональный Культурный Центр
Centrum Międzynarodowe
مركز الثقافات العالمية
Centro Intercultural
Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Veldu nýja hönnun - **Ford**Fiesta www.ford.is

*Nýtt tákn um gæði*




# Sjálfskipt í Fiesta. Núna

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

## Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Fiesta.
Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákn um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, akstureiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.
Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Farangursrýmið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á rétta bílnum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

**Nýr og breyttur Ford Fiesta: Lægra verð, meiri búnaður.***

| **Kaupverð** | |
|---|---|
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **1.390.000 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **1.540.000 kr.** |
| **Bílasamningur** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **18.920 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **20.970 kr.** |
| **Rekstrarleiga** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **26.910 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **29.590 kr.** |

Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Þú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytiseyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman aksturseiginleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggispúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggispúða í hliðum. Spurðu um 3-punkta bílbelti fyrir öll sæti, rafstýrða bílbeltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bílbelti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsivörn. Þú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði.

Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

## Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

| | |
|---|---|
| IPS öryggisbúnaður | Upphitanleg framsæti |
| 4 öryggispúðar | Trend áklæði á sætum |
| 5 höfuðpúðar | Tvískipt aftursæti |
| ABS hemlalæsivörn | Geislaspilari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun | Rafdrifnar rúður að framan |
| Rafstýrðir bílbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti |
| Hæðarstillt bílbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir útispeglar |
| Ræsivörn | Litað gler |
| Fjarstýrð samlæsing | Samlitir stuðarar |
| Hæðarstilling á ökumannssæti | Þokuljós |
| Hæðarstillanlegt stýri | |

## Eða Fusion - svolítið jeppalegri?

Skoðaðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Þú ert á meiri og betri bíl en áður. Hann er hærri og enn auðveldari að umgangast. Líka svolítið jeppalegri. Skoðaðu kynningartilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukjörin. Komdu í Brimborg.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,6i sjálfskiptur*
Kaupverð 1.650.000 kr.
Bílasamningur 22.460 kr.
Rekstrarleiga 31.530 kr.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.500 kr.
Rekstrarleiga 26.400 kr.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.350 kr.



**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.



**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.



**Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 31.180 kr.
Rekstrarleiga 40.900 kr.



**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.470 kr.
Rekstrarleiga 46.900 kr.



**Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.940 kr.



**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.620 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.



**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.990.000 kr.
Bílasamningur 51.500 kr.
Rekstrarleiga 68.960 kr.



**Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.810 kr.
Rekstrarleiga 83.760 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.250 kr.
Rekstrarleiga 43.720 kr.



**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.560 kr.



**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.360 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

**brimborg**
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Fiesta er álfelgur; af Ranger er tvílitur.

# Má kenna nýjum lögum um allt?

**UMRÆÐAN**
VERÐ Á RAFORKU



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

*Eitt af markmiðum laganna er m.a. að samkeppni í raforkumarkaði hafi áhrif í átt til lækkunar. Virðist það hafa tekist að nokkru marki því raforkusalar hafa á liðnum vikum keppst við að auglýsa og kynna lægri verðskrár.*

Í upphafi árs 2005 tóku ný raforkulög gildi hér á landi sem hafa haft í för með sér miklar breytingar á raforkuumhverfi landsmanna. Ástæðan er m.a. tilskipun Evrópusambandsins um markaðsvæðingu raforkukerfisins.

Með nýjum raforkulögum var kostnaður við dreifingu í þéttbýli og dreifbýli aðskilinn. Áður var sama gjaldskrá í þéttbýli og dreifbýli, enda þótt dreifingarkostnaður í dreifbýli væri nánast tvöfaldur á við það sem gerðist í þéttbýli. Þéttbýlisbúar á landsbyggðinni tóku því á sig umtalsverðar byrðar vegna dreifbýlisins umfram aðra landsmenn. Einnig var ákveðið að ríkissjóður myndi greiða niður dreifingu á raforku í dreifbýlinu. Nam sú upphæð 230 milljónum króna í fyrra. Er þetta gert til þess að kostnaður við dreifingu í dreifbýli verði a.m.k. ekki hærri en hæsta verð á dreifingu í þéttbýli. Orkuveita Reykjavíkur var í fyrra með hæsta verð á dreifingu í þéttbýli og því þurftu raforkunotendur í dreifbýli ekki að greiða hærra verð fyrir dreifingu rafmagns en raforkunotendur í Reykjavík gerðu þá.

Í nýju markaðsumhverfi er dreifiveitum ekki heimilt að mismuna notendum á sínu svæði eftir því til hvers raforkan er notuð. Rök geta engu að síður verið fyrir því að taka tillit til magns og notkunarmynsturs. Hvað varðar orkuverðið sjálft, þ.e.a.s. samkeppnisþátt verðsins, þá er ekkert í raforkulögum sem bannar sérkjör þar. Það sem birtist í fréttum nýverið um að raforkuverð hafi hækkað um tugi prósenta hjá mörgum iðnfyrirtækjum eftir að ný raforkulög tóku gildi vekur því nokkra undrun. Megin-skýring á þessari verðhækkun er hins vegar af allt öðrum toga en innleiðing samkeppni á markaðnum. Orkufyrirtækin notuðu tækifærið fyrir ári síðan til að gera verulegar breytingar á gjaldskrám sínum, sem m.a. fólust í því að leggja niður ódýrt næturrafmagn og ýmis sérkjör. Sú breyting hefði getað orðið fyrir löngu síðan en sökum þess að endurskoða þurfti alla orkutaxta um s.l. áramót töldu fyrirtækin eðlilegt að gera breytingar sem kunna að hafa verið löngu tímabærar.

Ný raforkulög hafa haft í för með sér verulega jöfnun orkukostnaðar í landinu og í dreifbýli hjá RARIK hefur verðið til notenda til að mynda lækkað um 7-17%. Sem dæmi um þetta má nefna að viðskiptavinur RARIK sem notar 10.000 kWst borgaði áður 25,5% hærra verð en sambærilegur notandi í Reykjavík, en borgar núna 0,8% lægra verð en hinn reykvíski. Miðlungsstórt fyrirtæki á þéttbýlissvæði RARIK sem notar 500.000 kWst. borgar eftir breytinguna 20,8% lægra verð en áður og lækkar reikningur hans um 735 þús. kr. á ári. Breytingarnar hafa því í mörgum tilvikum leitt til lækkunar, m.a. á raforku til almennrar notkunar á þéttbýlissvæðum á landsbyggðinni og til fiskvinnslufyrirtækja og annarra iðnfyrirtækja á landsbyggðinni.

Sökum þess að mismunur á verði hvað varðar dreifingu var afnuminn féllu afslættir fyrirtækja á dreifingu raforku til hitunar niður. Því hefur húshitunarkostnaður sums staðar hækkað nokkuð frá því sem áður var. Má þó benda á að um árabil hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Frá árinu 1983 til 2004 eru uppsöfnuð útgjöld ríkissjóðs til niðurgreiðslna á rafmagni 15 milljarðar króna miðað við verðlag í árslok 2004. Var brugðist við fyrrgreindum hækkunum með enn auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði að upphæð um 135 milljónir króna og fóru þannig á síðasta ári um 900 milljónir króna til niðurgreiðslna á rafhitun húsa. Rúmlega 12 þúsund heimili nutu þeirra og var um 85% af heildarraforkunotkun á rafhituðum svæðum niðurgreiddur, þó að hámarki 35 þúsund kílóvattstundir á ári.

Þrátt fyrir þetta hafa rafmagnsreikningar hækkað hjá þeim sem nota hlutfallslega mjög mikla orku til húshitunar, hjá bændum sem fengu rafmagn á svokölluðum marktaxta og því á lægra verði til m.a. búrekstrar en þeir bændur sem ekki voru með rafhitun, og hjá ýmsum atvinnurekendum sem nutu sérkjara hjá dreifiveitum. Til að koma til móts við þá sem hafa orðið fyrir mestum hækkunum hefur ríkisstjórnin samþykkt, að tillögu iðnaðarráðherra, að hækka framlag til niðurgreiðslna á þessu ári. Þetta þýðir að þakið verður hækkað í 40 þúsund kílóvattstundir á ári. Iðnaðarráðuneytið er einnig að kanna möguleika á því að veita beina styrki til bættrar einangrunar húsa sem skera sig úr varðandi mikla orkunotkun.

Lokaþáttur gildistöku nýrra raforkulaga varð svo um síðustu áramót þegar fullt frelsi tók gildi í viðskiptum með rafmagn. Nú geta landsmenn keypt rafmagn af þeim raforkusala sem þeir kjósa helst, hvort sem er til atvinnurekstrar, heimilisnotkunar eða annarra hluta. Eitt af markmiðum laganna er m.a. að samkeppni í raforkumarkaði hafi áhrif í átt til lækkunar. Virðist það hafa tekist að nokkru marki því raforkusalar hafa á liðnum vikum keppst við að auglýsa og kynna lægri verðskrár.

*Höfundur er iðnaðar- og viðskiptaráðherra.*

# Er hjónaband einkaeign gagnkynhneigðra?

**SIGRÚN ÓSKARSDÓTTIR OG ÓSKAR HAFSTEINN ÓSKARSSON**
SKRIFA UM HJÓNAVÍGSLUR SAMKYNHNEIGÐRA

Frumvarp sem felur í sér miklar réttarbætur fyrir samkynhneigða er nú í meðförum Alþingis. Af því tilefni hafa orðið nokkrar umræður um afstöðu þjóðkirkjunnar til hjónavígslu samkynhneigðra.

Íslenska þjóðkirkjan er hluti af miklu stærra samhengi kirkjunnar um víða veröld. Engin kirkjudeild hefur enn stigið það skref að samþykkja hjónavígslu samkynhneigðra para. Í því ljósi telja sumir það glapræði af þjóðkirkjunni að taka afstöðu með hjónavígslu samkynhneigðra og fara þannig fram úr öðrum kirkjudeildum um víða veröld. Til þess þarf vissulega hugrekki og óskandi væri að það kæmi frá íslensku kirkjunni.

Skiptar skoðanir eru um hvort samkynhneigð pör sem vilja blessun kirkjunnar yfir sambúð sína eigi að hljóta vígslu eða það sem kallað er bæn og blessun. Augljóst er að með bæn og blessun væri kirkjan að segja að sambúð samkynhneigðra sé ekki jafngild sambúð gagnkynhneigðra sem stendur vígslan til boða. Samkvæmt handbók íslensku kirkjunnar vígir kirkjan þjóna sína og hjón en einnig eru kirkjur vígðar og kirkjugarðar. Skip, flugvélar og hús eru hins vegar ekki vígð heldur blessuð sé eftir því leitað til kirkjunnar þjóna. Segja má að vígsla sé fyrst og fremst helgun, ákveðin aðgreining. Í vígslunni eru staðir eða manneskjur teknar frá til sérstakrar þjónustu. Ráðahagur er opinberaður fyrir Guði og mönnum, helgaður, innsiglaður og viðurkenndur.

Hjónabandið er skikkan skaparans og á vissan hátt grunneining samfélagsins. En hefur Biblían að geyma nákvæma innihaldslýsingu á hjónavígslunni? „Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og bindast konu sinni og þau tvö skulu verða einn maður. Þannig eru þau ekki framar tvö, heldur einn maður. Það sem Guð hefur tengt saman má maður eigi sundur skilja.“ Þessi orð frelsarans úr Matteusarguðspjalli, sem að hluta eru byggð á texta úr fyrstu Mósebók, eru býsna skýr hvað varðar hjónabandið.

Vandinn er hins vegar sá að ef við ætlum að nota ákveðin ritningarvers til að réttlæta það að vígsla eigi aðeins við um sambúðarform karls og konu þá verðum við líka að vera tilbúin að fara alla leið. Kirkjunnar þjónar ættu þá að skella við skollaeyrum þegar talað er um hjónaskilnaði og harðneita að gefa fólk saman nema einu sinni ef þeir ætla að fylgja orðum Jesú í þaula. Svo er það líka gömul saga og ný að kirkjan endurskoði skilning sinn á Ritningunni vegna breyttra aðstæðna og nýrra uppgötvana. Nægir þar að minna á sköpunarsöguna. Harður bókstafsskilningur á Ritningunni er ekki líklegur til árangurs og því hlýtur krafan að verða sú að skoða hvert mál út frá víðara sjónarhorni. Góða leiðsögn þar gefur frelsarinn sjálfur. Fjölmörg dæmi um það hvernig hann nálgaðist manneskjuna, ekki síst þau sem höfðu orðið útundan, farið halloka eða voru sett til hliða í samfélaginu hlýtur að teljast góður vegvísir. Hann tók til endurskoðunar viðteknar hefðir og setti í þær mælistiku kærleikans og umhyggjunar. Við megum aldrei gleyma þessari mynd af frelsaranum, kjarkmiklum og blátt áfram gagnvart mönnum og málefnum samtíma síns.

Ekki verður séð hvernig vígsla samkynhneigðra kæmi til með að raska neinu af því sem kirkjan boðar um hjónabandið heldur kæmi þvert á móti til með að festa hjónabandið enn frekar í sessi sem stofnun og um leið vera viðurkenning á fjölbreytileika sköpunarverksins. Með því að helga ráðahag tveggja einstaklinga sem kjósa að lifa saman í gagnkvæmri ást, virðingu og trúmennsku væri kirkjan líka að sýna í verki viljann til að hlúa að fjölskyldunni. Kirkjan hefur beitt sér fyrir því að fólk sýni ábyrgð í lífinu og hún hefur líka mótmælt klámvæðingu í samfélaginu og því að kynlíf sé flokkað eins og hver annar söluvarningur. Kirkjan hlýtur því að fagna því þegar einstaklingar sem unnast kjósa að helga ráðahag sinn og gagnkvæman kærleika.

Þjóðkirkjan veltir enn fyrir sér eigin sjálfsskilningi og á meðan bíða samkynhneigðir. Það er ljóst að afstaðan til málefna samkynhneigðra innan kirkju sem utan hefur tekið heilmiklum breytingum í rétta átt á síðustu misserum.

Við höfum flýtt okkur hægt. Niðurstöðu er að vænta á Kirkjuþingi 2007. Við skulum nýta tímann vel og halda heiðarlegri umræðu gangandi í kirkju og samfélagi. Það ber vott um styrkleika kirkjunnar að takast á við veruleikann laus við ótta og fordóma. Vonandi mun það sjást í verki íslensku þjóðkirkjunnar gagnvart samkynhneigðum á næstu mánuðum og misserum.

*Höfundar eru systkini og prestar í þjóðkirkjunni.*

Nýtt á tilboðsdögum
Glæsileg vönduð sófasett
Mjög góð kaup - Komdu núna!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 568-5375
Opið Laugard 11-16 - Sunnud.13-16



# allt

**tíska** o.fl. — **Ásdís Rán** — Finnst allir flottir á Íslandi — BLS. 2

**heimili** o.fl. — **Leigulist** — Samstarfsfólk velur á veggi vinnustaðar — BLS. 4

**heilsa** o.fl. — **Alnæmi** — Fræðsluvika í næstu viku — BLS. 6

**ferðir** o.fl. — **Rent.is** — Húsnæði til leigu fyrir ferðamenn — BLS. 7

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.


| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.45 | 13.38 | 16.33 |
| Akureyri | 10.48 | 13.23 | 15.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FRÉTTABLAÐIÐ


*Góðan dag!*

Í dag er fimmtudagurinn 19. janúar, 19. dagur ársins 2006.




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**


- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar




Steinar með jakkana sína sem koma úr ýmsum áttum.

# Andmerkjamaður í flauelsjökkum

***Steinar Guðjónsson á fimm flauelsjakka sem allir voru ódýrir. Hann er ánægðastur með vörur sem bæði eru flottar og kosta lítinn pening.***

„Mér finnst flauel bara ótrúlega kúl efni,“ segir Steinar Guðjónsson, gítarleikari Coral og menntaskólanemi, en hann á samtals fimm flauelsjakka. „Þetta hófst allt með bláa jakkanum sem frænka mín valdi fyrir mig. Ég ákvað að kaupa hann af því hann kostaði bara tvö þúsund krónur og hef notað hann ótrúlega mikið síðan. Svo á ég rauðan, svartan og tvo brúna jakka.“

Flestir jakkanna eiga sér sögu. „Tveir eru svo gamlir að þeir voru framleiddir í Vestur-Þýskalandi. Þann rauða keypti ég á Hróarskeldu á 200 danskar krónur, annan brúna jakkann gaf góður frændi mér og þann svarta keypti ég á kílóamarkaði í Spútnik á 2.000 krónur, hann er þýskur og mjög kúl.“

Jakkarnir eru allir svipaðir í sniðinu. „Þeir eru aðsniðnir og þröngir sem er gott fyrir granna menn.“ Auk stöku jakkanna eru fínustu spariföt Steinars einnig úr flaueli. „Mér finnst flauel bara klæða mig vel. Síðan er ekki slæmt að enginn jakkanna kostaði meira en 2.000 krónur. Mér finnst frábært að gera góð kaup, ef varan er flott og kostar lítið er ég ennþá ánægðari með hana,“ segir Steinar og kveðst ekki snobba fyrir merkjum. „Ég er eiginlega antimerkjamaður og kaupi helst ekki þekkt merki, það er mitt mottó. Uppáhaldsgallabuxurnar mínar eru til dæmis keyptar í Hagkaupum á 450 krónur á útsölu í fyrra og heita held ég RagTag,“ segir Steinar að lokum.


mariathora@frettabladid.is


## Nýtt andlit Burberry-ilmvatnsins

RACHEL WEISZ ER NÝTT ANDLIT BURBERRY-ILMVATNSINS EN AUGLÝSINGAHERFERÐIN HÓFST Í GÆR.



Rachel Weisz þykir hafa þá náttúrulegu bresku fegurð sem Burberry var að leita að. NORDICPHOTOS/GETTY-IMAGES

Auglýsingin fyrir ilmvatnið, sem ber nafnið Burberry London, skartar leikkonunni prúðu, Rachel Weisz, en hún vann í vikunni Golden Globe-verðlaunin fyrir besta leik í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í myndinni The Constant Gardener.
Að sögn talsmanns Burberry var fyrirtækið að leita að fyrirsætu sem væri holdgervingur breskrar fegurðar. Að sögn leikstjóra auglýsingarinnar hefur Weisz þá fágun, náttúrulegu fegurð og þann ómótstæðilega þokka sem aðstandendur auglýsingarinnar voru að leita eftir.
Leikstjórinn, Christopher Bailey, sagði ennfremur að helstu áhrif ilmvatnsins og um leið auglýsingarinnar væru „sjálf borgin London - iðandi, skemmtileg og spennandi“.

## LIGGUR Í LOFTINU

**TÍSKA - HEIMILI - HEILSA - FERÐIR**

**Heilsugæsla** höfuðborgarsvæðisins opnar nýja heilsugæslustöð á morgun en það er Heilsugæslan Glæsibæ. Heilsugæslustöðin verður í Álfheimum 74 og er ætlað að þjóna íbúum Voga- og Heimahverfis. Opnunartími heilsugæslustöðvarinnar verður frá 8.00 til 17.00 alla virka daga og svo verður síðdegisvakt frá klukkan 16.00 til 18.00 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga.

**Útsölurnar** eru enn í fullum gangi og ekki vitlaust að skreppa í búðir og reyna að gera góð kaup. Í mörgum verslunum verður afslátturinn meiri eftir því sem lengra líður á útsölutímabilið.



**Netverslunin** rum.is er með tuttugu og fimm prósenta afslátt af rúmum í janúar.

**Ferðamönnum** sem fara til landa þar sem fuglaflensan hefur komið upp er ekki ráðlagt að fara í neinar sérstakar bólusetningar vegna hennar. Þeim er hins vegar ráðlagt að forðast snertingu við lifandi eða dauða fugla og fuglaskít, alls ekki borða ósoðið eða illa soðið fuglakjöt eða egg og gæta fyllsta hreinlætis. Stöðugar breytingar eru á útbreiðslu fuglaflensunnar en nýjustu upplýsingar má alltaf finna á heimasíðu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, www.oie.int.


LAGERSALA
Í OUTLET 10 - FAXAFENI 10
SKÓR 990
ALDREI LÆGRA VERÐ
RÝMUM VEGNA BREYTINGA - ALLT Á AÐ SELJAST
FULLT AF FLOTTUM VÖRUM Á:
1500 - 1000 - 500 kr.
DRAGTIR -3.990
JAKKAFÖT -7.990
GALLABUXUR -1.990
ÚLPUR PEYSUR BUXUR BOLIR JAKKAFÖT DRAGTIR KULDASKÓR HÚFUR KJÓLAR PILS
ULLARKÁPUR 1.990 kr.
BARA BULL VERÐ !
OUTLET 10
FAXAFENI 10
ATH opið
virka daga 11-18
laugardag 11-18
sunnudag 13-17
gallerí sautján CENTRUM SMASH gs skór retro Kultur focus COMPANYS eva Deres

**Góðir skór** eru málið núna. Það er ekkert sniðugt að vera í þunnum strigaskóm, sama hversu flottir þeir eru, þegar allt er á kafi í snjó eða slabbi.

# Allir flottir á Íslandi

Ásdís Rán Gunnarsdóttir er búin að vera í Edinborg síðan í byrjun desember þar sem sambýlismaður hennar spilar fótbolta. Hún segir að í Edinborg séu margar flottar verslanir en íslenskar verslanir séu samt almennt flottari.

Ásdís hefur gaman af því að versla í Edinborg. „Það er alveg haugur af búðum hérna og mjög auðvelt að versla. Það er bæði ódýrara hérna en heima og meira úrval,“ segir hún. Ásdís segir samt að íslenskar verslanir fylgi tískunni betur en verslanirnar í Edinborg. „Ísland er þróaðara í tískunni. Það er hægt að finna búðir hérna sem eru komnar alveg jafn langt og búðirnar heima eða lengra í tískunni. Þessar venjulegu búðir á aðalverslunargötunni hérna eru hins vegar ekki jafn flottar og búðirnar á Íslandi.“ Ásdís segir að Íslendingar hafi mikinn metnað þegar kemur að tísku. „Þegar maður er í öðrum löndum sér maður einn og einn sem er vel klæddur en heima eru flest allir flott klæddir. Það pæla allir í útlitinu heima en það er ekki svoleiðis hérna.“

Ásdís finnur samt alltaf eitthvað sem henni líkar. „Ég keypti mér til dæmis bleika retróskyrtu og stígvél í gær. Skyrtan er mjög töff og stígvélin eru há og svört og brett niður að ofan,“ segir hún.

Það sem Ásdís segir að sé ómissandi í fataskápinn þessa dagana eru hlýrabolir. „Það er gott að eiga hlýraboli í alls konar litum og gerðum. Ég nota hlýraboli rosalega mikið innan undir annað og með öðru og þarf að eiga alveg tíu stykki.“

Ásdís er líka mjög hrifin af höfuðfötum, treflum og vettlingum. „Ég á alveg lager af þessu öllu svo ég get auðveldlega skipt um stíl. Það er mjög gott að eiga einhverja flotta svarta kápu sem gengur bæði spari og hversdags og breyta svo til með því að nota mismunandi höfuðföt eða trefla og vettlinga.“

*emilia@frettabladid.is*



Ásdís Rán segir að verslanir á Íslandi séu almennt flottari en verslanir í Edinborg.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fáðu þínar eigin neglur sterkari með Trind Naglastyrkinum.
Nú kaupauki 4,5 ml Nail Balsam fylgir
TRIND
ALLTAF NO. 1
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir.

falleg föt ...hafðu þinn eigin stíl
Útsala í fullum gangi - enn meiri verðlækkun
Fataprýði GLÆSIBÆ ☎ 553-2347

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060
BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060 LAUGAVEGI 163

Tískuvöruverslunin
CHA*CHA
Glæsibæ • Sími 588 4848
Útsalan í fullum gangi
Erum að taka upp nýjar vörur
Tryne buxurnar komnar

belladonna
REGNBOGADAGAR
NÚNA ER HÆGT AÐ GERA FRÁBÆR KAUP Á NÝLEGUM VÖRUM!
20%-80% afsláttur af völdum vörum
Vertu þú sjálf – vertu Bella Donna
RÉTTU STÆRÐIRNAR
Hlíðarsmára 11 • Kóp • S: 517 6460 • Laugavegur 66, 2. hæð • S: 578 6460
Opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-15 • www.belladonna.is

marimekko®
er flutt á Laugaveg 56.
Útsala og fjöldi opnunartilboða!
Verið velkomin.
marimekko®
Laugaveg 56.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
VÍSIR VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR
• GELNEGLUR • LITUN OG PLOKKUN
• HANDSNYRTING • BRÚNKUMEÐFERÐIR
• FÓTSNYRTING • HÚÐSLÍPUN
• VAXMEÐFERÐIR • SÝRUMEÐFERÐIR
• ANDLITSBÖÐ
SNYRTISTOFAN salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

Flott klassísk föt fyrir dömur á öllum aldri
Þýsk gæðavara



útsala
bianca
30 — 40 — 50% afsláttur
Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Sími 554 3533



P. Diddy hefur verið að gera það gott í tískuheiminum að undanförnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# P. Diddy of kynþokkafullur

***Rapparinn góðkunni, Sean „P. Diddy“ Combs, hefur þurft að breyta auglýsingu fyrir nýjasta ilmvatnið sitt vegna innihalds hennar.***

P. Diddy hefur á undanförnum misserum umbreyst í einn af helstu tískumógúlum Bandaríkjanna. Nýlega lék hann í auglýsingu fyrir ilmvatn sem ber nafn rapparans sjálfsörugga. Í henni birtist P. Diddy í rúmi ásamt hvítri og asískri konu og er engu líkara en þau hafi nýlokið við að njóta ásta.

Þessi auglýsing hefur hins vegar farið fyrir brjóstið á mörgum verslunareigendum vestanhafs og þótti jafnvel sýna kynþáttafordóma. Hafa sumir því brugðið á það ráð að láta fjarlægja auglýsingarnar. Sökum þess neyddist P. Diddy til þess að breyta auglýsingunni og sést í þeirri nýju aðeins með einni dömu í stað tveggja. Sú auglýsing þykir örlítið meira viðeigandi fyrir verslanir á en sú fyrri er enn notuð annars staðar á ýmsum plakötum og auglýsingaskiltum.



Tmmoy Hilfiger hefur það gott eftir yfirtöku Apax á samsteypu hans.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Hilfiger með góð laun

***Tískuhönnuðurinn Tommy Hilfiger hefur það heldur betur gott samkvæmt nýjum launasamningnum hans eftir yfirtöku Apax á Hilfiger-samsteypunni.***

Ekki er langt síðan að breska fjárfestingafélagið Apax keypti meirihluta í Tommy Hilfiger tískusamsteypunni eins og hér hefur áður verið greint frá. Nýlega var skýrt frá því að sjálfur Tommy Hilfiger mun áfram starfa hjá fyrirtækinu og launin sem hann fær eru svo sannarlega ekkert slor.

Hilfiger hefur nefnilega gert samning við Apax þess efnis að hann muni að lágmarki fá 14,5 milljón dollara árlega næstu fjögur ár eða sem samsvarar um 900 milljónum íslenskra króna. Þetta þýðir að Hilfiger fær um tvær og hálfa milljón krónur daglega fyrir vinnu sína.

Áður voru laun Hilfigers voru tengd almennri sölu og öðru slíku. Upphaflega stóð til að Hilfiger fengi að lágmarki 20 milljón dollara á ári en stjórn Hilfiger samsteypunnar neitaði því sökum þess að þá hefði hún fengið minni pening fyrir hvern hlut í fyrirtækinu.

Útsalan í fullum gangi
20% auka afsláttur
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201




birta
Alltaf á Föstudögum!









**Pottablóm** geta lífgað upp á heimilið. Það getur verið skemmtilegt að fjárfesta í eins og einu blómi nú þegar dagarnir eru farnir að lengjast til þess að minna sig á að veturinn tekur enda.



20% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
Í HÖGANES STELLINU

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322



Starfsfólk Krabbameinsskrárinnar við listaverk sem það fékk að láni hjá Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skipta um listaverk á veggjunum reglulega

***Starfsfólk Krabbameinsskrárinnar í Skógarhlíð fer reglulega í hádegisverð út í Norræna húsið og skiptir út listaverkum í leiðinni.***

„Það eru mörg ár síðan við hófum þennan sið að fara út í Norræna húsið að fá okkur að borða og velja okkur verk á artótekinu þar,“ segir Kristín Björnsdóttir, einn af starfsmönnum krabbameinsskráningarinnar. Hún vann áður á skrifstofu Norræna hússins og kynntist því þá að hægt er að leigja sér listaverk hjá bókasafni hússins. „Þarna er heilmikið úrval grafíkverka eftir norræna listamenn. Maður kaupir sér skírteini fyrir lítið fé og getur síðan fengið fjögur listaverk út á hvert skírteini og haft þau í tvo mánuði. Ég kynntist því þegar ég var í Norræna húsinu að mörg fyrirtæki og einstaklingar nota sér þessa þjónustu. Meðal annars gerði ég það sjálf. Ég byrjaði svo hér hjá Krabbameinsfélaginu 1988 og fljótlega eftir það datt mér í hug að gaman væri fyrir okkur að prófa þessi myndalán og þau hafa orðið að hefð,“ segir Kristín og getur þess að nýlega hafi skilafresturinn verið lengdur úr tveimur upp í þrjá mánuði. En skyldi ekki vera erfitt fyrir hópinn að ná samkomulagi um hvaða verk á að velja hverju sinni? „Nei, það tekur ekki langan tíma. Við höfum fyrst svona fimm myndir í takinu og náum alltaf góðri lendingu,“ segir hún brosandi og bætir við: „Það gerir vinnustaðinn miklu skemmtilegri að vera alltaf með nýja list á veggjunum til að virða fyrir sér.“

*gun@frettabladid.is*












Á heimasíðunni www.be-jane.com má finna leiðbeiningar um hvernig á að mála veggi eða innréttingar. Þar má finna ráðleggingar um hvernig best er að laga ýmsar bilanir í pípum eða raflögnum, endurinnrétta heimilið og margt fleira.

# www.be-jane.com bjargar málunum

***Á heimasíðunni www.be-jane.com má finna leiðbeiningar um ýmis verk sem falla til á heimilinu. Síðan er einföld í notkun og kennir lesendum sínum hvernig best sé að bera sig að í stórum jafnt sem smáum framkvæmdum.***

Fyrir þá sem vilja verða handlagnir heimilismenn eða handlagnar heimiliskonur ættu að skoða síðun www.be-jane.com. Þar inni má finna upplýsingar um í raun allt sem viðkemur heimilinu, upplýsingar um hvernig á að framkvæma hlutina sjálfur og ýmsar ráðleggingar og almennan fróðleik.

Að síðunni standa tvær konur sem eru báðar æði klárar í því að laga dittinn og dattinn heima við. Þær deila svo visku sinni til að bjarga hjálparlausu heimilisfólki sem starir á pensla og skrúfjárn án þess að vita hvað skal til bragðs taka.

Sem dæmi um hvað má finna á þessari síðu er að hægt er að sjá í gegnum sýndarveruleika leiðbeiningar um hvernig á að setja upp vask (ásamt mörgu öðru). Auk þess að myndir rúlli sem sýna vaskuppsetninguna að þá heyrist í lítilli rödd sem leiðir þig í gegnum ferlið.

Dálkurinn þeirra „do it your self“ eða „gerðu það sjálf/sjálfur“ hefur vakið miklar vinsældir. Þar svara Be Jane-stöllurnar spurningum frá lesendum og gefa ráð um hvernig leysa megi ýmis vandamál sem tengjast heimilinu á auðveldan máta. Til dæmis mæltu þær með því að setja smá sósulit í vatnskassann á klósettinu gruni þig að kassinn leki. Bíddu í rúman hálftíma eftir að sósuliturinn er kominn í. Ef vatnið í skálinni breytir svo um lit þá er um leka að ræða. Svo einfalt er það.

Framkvæmdaglaðir ættu að kynna sér þessa síðu, en líka þeir sem ekkert kunna fyrir sér. ■

allt tilboð
Alla föstudaga



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Pottaplönturnar þurfa jafnvægi, hita, raka og birtu

Þrennt þarf til svo að pottaplöntur þrífist sæmilega: Hita, raka og birtu. Og það þarf að vera jafnvægi milli þessara þátta. En því miður hallar nú oftast á. Með nútímatækni og sjálfvirkum hitastillum helst hitinn jafn, hvort sem er á nóttu eða degi árið um kring. Það hefur þau áhrif á loftrakann að hann er yfirleitt minni en æskilegt þykir, bæði fyrir fólk og gróður. Lágur loftraki kallar líka á meiri uppgufun frá plöntunum og moldinni en eðlilegt væri, þannig að vökva þarf oftar. Á veturna er betra að vökva oft, en bara lítið í einu og varast ber að rennvæta moldina. Meðan birta er ekki næg falla flestar pottaplöntur í eins konar hvíldar- eða dvalaástand og þá er hætta á að rætur þeirra byrji að rotna ef þær eru í mjög blautri mold. Á veturna er því æskilegast að halda fremur svölu kring um plönturnar og raða þeim saman þannig að þær verndi hverja aðra með því að hækka loftrakann í kring um sig. En þessu verður varla við komið á skrifstofum eða í heimahúsum og margir hafa gripið til þess að auka birtuna með raflýsingu og reyna þannig að bæta ástandið.

**Er þörf á sérstakri blómalýsingu?**

Birtan er þriðji aðalþátturinn í lífi hverrar pottaplöntu. Eins og ég sagði í síðasta pistli eru flestar okkar pottaplöntur komnar frá þeim svæðum jarðar þar sem ekki gætir mikils árstíðamunar og birta er jöfn árið um kring. Birtuþörf þeirra er nokkuð mismunandi eftir því hvort um „grænar plöntur“ eða „blómplöntur“ er að ræða. Grænu plönturnar koma flestar úr skógarbotnum þar sem birtan er að jafnaði ekki meiri en 10.000 til 20.000 lúx og geta jafnvel gert sér að góðu að vaxa við mun lakari birtuskilyrði, eða allt niður í 2500 lúx. Til viðmiðunar er dagsbirta við létta skýjahulu á hádegi utanhúss um 100.000 lúx. Blómplönturnar hins vegar gera stífari birtukröfur. Flestar þeirra kalla á 20.000 lúx eða meira til að skila því sem til er ætlast af þeim.

Margir hafa gripið til þess ráðs að setja upp lýsingarbúnað fyrir plönturnar sínar á veturna. Þar sem því verður við komið er það sjálfsagt og úrval af þar til gerðum ljósgjöfum er töluvert. Menn setja það samt fyrir sig að ljósaútbúnaðurinn þarf að vera vel ríflegur og að hann tekur pláss, fyrir utan það að vera yfirleitt ekkert fyrir augað. Þess vegna er oftar hætt við, en látið reyna á þá birtu sem Guð gefur dag hvern í skammdeginu. Plönturnar spjara sig svo sem „svona almennt séð“ og þó að ein og ein láti undan skammdegisfarginu, sætta menn sig bara bærilega við það. Í skarðið má alltaf fá fRískar og orkuhlaðnar plöntur sem nóg framboð er af hjá blómasölunum árið um kring. Skammdegið hrjáir þær ekkert í gróðurhúsunum og þar hafa þær líka fengið



sérstaka og faglega „gróðurlýsingu“ eins og þörf hefur kallað á.

**Lýsing samt!**

Þeim sem vilja setja upp blómalýsingu í heimahúsum verður að benda á að nota ljósarör sem skila litrófinu að mestu á bláu, gulu og rauðu nótunum. Sú samsetning nýtist plöntunum best til ljóstillífunar. Ljósrör af þessu tagi eru t.d. GroLux frá Sylvania og fást m.a. hjá Rafkaupum í Ármúla. Best er að nota 40W (120cm) rör en vegna þess hve sýnileg birta af þeim er dauf og dumbrauð (litir verða óeðlilegir) er betra að blanda saman GroLux-rörum og venjulegum dagljósarörum til helminga. Við það fæst eðlilegri birta svo að litirnir brenglast minna. Tvö rör, hlið við hlið, af GroLux gerðinni og í um eins metra hæð ofan við plönturnar dugar til að halda flestum pottaplöntum í góðum vexti og blóma mánuðum saman án þess að dagsbirtu þurfi til.

Glóðarperur, halogenljós og venjuleg ljósarör henta ekki fyrir plöntulýsingu. Slíkir ljósgjafar eru gerðir til að gefa frá sér sem mest af sýnilegri birtu, þ.e. litróf þeirra er sterkast á gulgræna-græna skalanum sem auga okkar er næmast fyrir og skynjar sem „birtu“. Ljóstillífun plantna nýtir ekki þessa ljósgeisla. Þess vegna eru plönturnar „grænar“; þær endurvarpa grænu geislunum. Hið græna endurvarp plantnanna er einmitt sá eiginleiki sem gerir þær okkur svo hjartfólgnar. Tilraunir með fólk í umhverfi sem allt grænt var fjarlægt úr sýna að án græna litarins í umhverfinu eigum við erfitt með að átta okkur á ýmsum hlutum og langtímavistun í gjörsamlega „grænsnauðu“ umhverfi getur hleypt af stað geðtruflunum eins og þunglyndi og ofsóknarkennd, sé veila til staðar. Þetta vandamál hefur komið upp í verksmiðjum þar sem horfið var frá hefðbundinni „hvítri“ lýsingu yfir í flóðlýsingu með rauðgulum og orkusparandi kadmíumlömpum.

Næst: Blómstrandi kóraltoppur og stofulyngrós.

## STELLIÐ: CANARIAS

*Canarias er vorlegt stell sem fæst í versluninni Búsáhöld í Kringlunni.*

Stellið Canarias er búið til af Vista Alerge, einum stærsta og virtasta framleiðanda eldhúsvara í Portúgal. Litirnir minna á strendur og sól og lífga upp á heimilið. Canarias hefur fengist hér á landi um margra ára skeið og er úr fyrsta flokks postulíni sem þolir bæði að fara í uppþvottavélar og ofn. Það er með hefðbundnu sniði og því tilheyrir allur venjulegur borðbúnaður bæði fyrir kaffi og mat.



Litirnir blandast á víxl í Canarias-borðbúnaðinum.

Bollarnir myndarlegir.

Diskarnir eru með hefðbundnu formi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





ÚTSALAN ENN Í FULLUM GANGI

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Leður sófasett 3ja sæta + 2 stólar frá kr. 99.000

Borðstofuhúsgögn og skenkar úr gegnheilu tekki á frábæru verði

Opnunartími:
Virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16
Sunnudaga frá kl. 13-16

Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333








Rólegir og mjúkir tímar - hentar vel einstaklingum með vefjagigt og síþreytu.

Með fullkominni öndun dýpkar svefninn sem leiðir til bættrar heilsu.

10 VIKNA NÁMSKEIÐ BYRJAR 31. JANÚAR

Tímar þriðjud. og fimmtud. kl. 10.15 – 11.30

Lótus Jógasetur
Borgartúni 20
4. hæð

Upplýsingar í síma 821 7482,
netfang: yogamedmaggy@simnet.is
Heimasíða: lotusjogasetur.is




allt matur
Alla föstudaga




Afríka er sú álfa þar sem alnæmi er hvað útbreiddast. Virk fræðsla bæði í þróunarlöndum og heima fyrir hjálpar í baráttunni við þennan sjúkdóm.

# Fræðsluvika um alnæmi

***Fræðsluvika um alnæmi verður haldin á vegum AISEC á Íslandi í næstu viku. Margir fyrirlestar verða í boði og leitað er eftir fólki til að vinna að HIV-verkefnum heima og erlendis.***

Vikuna 23. til 27. janúar stendur AISEC á Íslandi fyrir fræðsluviku um HIV og AIDS. Haldnir verða fyrirlestrar um ýmis málefni sem snerta veiruna og sjúkdóminn á einn eða annan hátt. Haldinn verður einn fyrirlestur á dag og má sjá dagskrá yfir þá á www.hiv.aiesec.is. Alnæmisborðinn verður til sölu á öllum fyrirlestrunum.

Vikan hefst á fyrirlestri um starfaskipti í Afríku og verða þeir fyrirlestrar haldnir í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Kennaraháskóla Íslands.

Starfaskiptin miða að því að gefa nemendum kost á að starfa að HIV-verkefni Aisecs. Verkefnið miðar að því að virkja Ísland í málefnum tengdum HIV og AIDS sjúkdómnum bæði hérlendis og erlendis. Hluti af HIV-verkefninu er að vekja umræðu um málefnið og fræða fólk, bæði á Íslandi og erlendis, um sjúkdóminn ásamt því að gefa fólki tækifæri og reynslu til að vinna að þróunarstörfum.




Veittu vellíðan – gefðu bónda þínum gjafakort í NordicaSpa



Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf. Við bjóðum upp á fyrsta flokks snyrtimeðferðir fyrir andlit og líkama og ýmsar tegundir af nuddi.

Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort, einkaþjálfun eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

Opnunartímar:
Mán-fimmtd 6:00–21:00 Laugd 9:00–18:00
Föstudaga 6:00–20:00 Sunnd 9:00–16:00

N O R D I C A S P A

Nordica Hotel ■ Suðurlandsbraut 2 ■ Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is




Evrópusambandið hefur aukið framlög sín til baráttunnar gegn fuglaflensu af ótta við að flensan breiðist út um alla Evrópu.

# Evrópusambandið eykur framlög

***Stjórnvöld í Tyrklandi hafa verið gagnrýnd fyrir hæg viðbrögð við fuglaflensu þar í landi. Evrópusambandið hefur aukið framlög sín til baráttunnar.***

Evrópusambandið setur nú um 7,4 milljarða, 100 milljónir evra, í baráttuna gegn fuglaflensu. Til viðbótar við það hafa löndin 25 sem mynda Evrópusambandið nú þegar varið því sem nemur 120 milljónum bandaríkjadala í þessa baráttu.

Nú hefur um milljónum alifugla verið slátrað í Tyrklandi en þar hefur fuglaflensunnar orðið vart í öllum landshlutum. Hefur þetta aukið á áhyggjur manna yfir því að fuglaflensan breiðist út um Evrópu.

Stjórnvöld í Tyrklandi hafa verið gagnrýnd fyrir að slátrun fuglanna gangi of hægt en nú þegar hafa 18 manns smitast af veirunni þar í landi. Í Tyrklandi er einnig mikill skortur á læknum og sérfræðimenntuðu fólki sem bætir ekki á ástandiið.

# Astmi og ofnæmi

***Í kvöld klukkan átta verður haldinn rabbfundur á vegum Astma- og ofnæmisfélagsins í SÍBS-húsinu í Síðumúla.***

Fundurinn er opinn öllum þeim sem þjást af eða hafa áhuga á ofnæmi og astma. Davíð Gíslason, sérfræðingur í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum fjallar um ofnæmissjúkdóma á Íslandi fyrr og nú og svarar fyrirspurnum.



Nánari upplýsingar má finna á www.ao.is.

**Ferðalög** þurfa ekki endilega að vera raunveruleg. Margir hafa gaman af því að loka augunum á þægilegum stað og ferðast í huganum til framandi landa.

# Rent.is fer í heimsreisu

***Rent.is er á leið í markaðsherferð til að kynna starfsemi vefsins í ferðaiðnaði víða um heim. Á rent.is má auglýsa húsnæði til leigu hvort sem er fyrir erlenda eða íslenska ferðamenn.***

Rent.is er heimasíða þar sem má finna auglýsingar fyrir leiguhúsnæði bæði erlendis og innanlands. Þar geta bæði aðilar í gistiþjónustu auglýst starfsemi sína sem og einstaklingar auglýst eftir skammtímaleigu víða um heim.

Guðrún Halldórsdóttir og Hanna Lilja Valsdóttir, eigendur rent.is, stefna á að markaðssetja síðuna meðal ferðaþjónustuaðila víða um heim. Báðar hafa þær starfað lengi í ferðageiranum og ætla meðal annars að nýta sér sambönd við tengiliði erlendis við markaðssetninguna. Nú þegar hafa þær komið sér í samband við leigumiðlun á Spáni og víða annars staðar í Evrópu. Athyglinni verður fyrst beint að Íslandi og reynt verður að ná sem flestum gistiaðilum inn á síðuna.

Guðrún segir lengi hafa vantað vettvang fyrir aðila sem bjóða minni gistingu eða einkagistingu til að auglýsa starfsemi sína. „Margir sem reka einkagistingu eða vilja fara í slíkan rekstur vita jafnvel ekki hvert þeir eiga að snúa sér þegar þeir hefja starfsemi auk þess að hafa ekki efni á að fara út í dýra markaðssetningu,“ segir Guðrún. „Okkur finnst hafa vantað fleiri gistimöguleika á markaðinum, sérstaklega á sumrin þegar hótelin anna ekki eftirspurn.“



Aukinn straumur ferðamanna til Íslands sýnir að nóg framboð er fyrir smærri gistiaðila til að taka virkari þátt í ferðaiðnaðinum hérlendis.

Á rent.is geta allir þeir sem selja gistingu auglýst sig sér að kostnaðarlausu. Þetta á við þá sem vilja leigja út sumarbústaði, íbúðir, einbýlishús eða herbergi og geta gistiheimili og bændagistingar einnig skráð sig á vefinn ásamt fleirum. Finnist leigjandi gegnum síðuna verður tekin þóknun fyrir. Skilyrðið er að húsnæðið sé með húsgögnum og að leigjandi hafi tilskilin réttindi sem fást hjá viðkomandi sveitarfélagi.

„Við vonumst til að rent.is verði vettvangur, bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, sem eru að leita sér að skammtímaleigu,“ segir Guðrún. „Hvort sem það er einhver frá Akureyri sem er á leið í helgarferð til Reykjavíkur eða öfugt. Eða erlendir ferðamenn á leið til Íslands eða Íslendingar á leið út fyrir landsteinana.“

Vonandi auðveldar þetta smærri gistiaðilum innkomu á ferðamarkaðinn á Íslandi. Aukinn ferðamannastraumur, aukning í gistinóttum og auknar vefbókanir ferðamanna sýna að grundvöllur er fyrir slíkri starfsemi. johannas@frettabladid.is



Ferðamenn geta nú farið í sjóstangveiði frá Súðavík og Tálknafirði á vegum Fjord Fishing. Starfsemi fyrirtækisins fer vel af stað og hafa nú þegar borist um 700 bókanir fyrir næsta sumar.

# Sjóstangveiðin vinsæl

***Sjóstangveiði á Vestfjörðum nýtur mikilla vinsælda og nú þegar hefur fyrirtækið Fjord Fishing fengið um 700 bókanir fyrir næsta sumar.***

Fyrirtækið Fjord Fishing á Tálknafirði selur sjóstangveiðimönnum veiðiferðir út frá Vestfjörðum. Mikil ásókn hefur verið í veiðiferðirnar og fyrir næsta sumar hafa um 700 manns bókað sig í ferðir frá Súðavík og Tálknafirði. Maí, júní og ágúst eru nú þegar uppbókaðir.

Þykja þetta góðar fréttir fyrir ferðaþjónustuna á Vestfjörðum þar sem búast má við fleiri gistinóttum og auknum straumi ferðamanna. Fyrirtækið Angelreisen frá Hamborg hefur unnið með sveitarstjórnum á Vestfjörðum að því að fá fleiri þýska sjóstangveiðimenn til Vestfjarða, en löngum hefur reynst erfitt að fá erlenda ferðamenn til að ferðast svo langt vestur á land. Sjóstangveiðin er því vítamínsprauta fyrir vestfirskan ferðaiðnað og bætir enn við þá flóru sem Íslendingar geta nýtt sér í sumarleyfum sínum til dægrastyttingar. Þetta er fyrsta ár Fjord Fish og má segja að starfsemin lofi góðu.



Við Fjöruborðið er veitingastaður á Stokkseyri sem býður upp á góðan mat eftir skemmtilega dagsferð um Suðurland.

# Dagsferð til Stokkseyrar

***Ekki er alltaf nauðsynlegt að ferðast langar vegalengdir eða gista margar nætur til að eiga gott ferðalag.***

Á Stokkseyri má finna góða afþreyingu, bæði til skemmtunar og fyrir bragðlaukana. Dagsferð þangað býður upp á marga möguleika og Eyrarbakki er ekki langt undan.

Hægt er að byrja daginn á því að fara í skemmtilega safnaferð á Veiðisafnið þar sem sjá má stærsta safn uppstoppaðra veiðidýra hérlendis. Safnið er lokað í janúar en opið um helgar í febrúar.

Við Fjöruborðið er fyrir löngu orðinn þekktur veitingastaður enda ekki af verri endanum. Einnig er á þessum slóðum Ingólfsskáli við Ingólfsfjall en þar má fá víkingastemninguna beint í æð. Betra er að hringja á undan sér á þessa veitingastaði til að athuga með borðapantanir og opnunartíma.

Á Stokkseyri má einnig finna Draugasetrið sem vakið hefur mikla lukku.

Þeir sem vilja bíða með dagsferðina fram á vor geta þá bætt við einni skemmtilegri kajakferð á sunnlenskum vötnum eða rammíslenskri hestaferð.

allt bílar
Alla laugardaga



Vanur smiður getur bætt við sig verkefnum! Setja upp innréttingar eða fataskápa, skipta um vask? Öll þessi litlu atriði sem engin fæst til að gera. Uppl. í síma 864 5920.

# HEILSA

## Heilsuvörur

vitamin.is
Blek.is
Mikið úrval af fæðubótaefnum.
Low Carb vörur í mörgum gerðum.
Vitamin.is Verslun
Ármúla 32. S 544 8000
Opið mán-fös 10-18
Laug 11-15.




Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í janúar. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Sigríður s:848 3934

HERBALIFE! Frábær fæðubót með líkamsrækt. Jonna 896 0935 - 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

**Herbalife.**
Lífsorka fyrir lífstíð, lífsorka.is. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

## Nudd

Nuddstofa Önnu síðumúla 33, s. 694 4226. Hugleiðslu og þróunarhringir á sama stað. Ragnhild s. 848 1314.

**Heilsunudd**
Klassískt nudd, slökunarnudd, djúpnudd og fleira. Nudd og heilsa, Garðatorgi. S. 897 1200.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Leirkrúsin. Ný námskeið hefjast í viku 4 www.leir.is S. 564 0607 & 661 2179.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

**Skraddarinn á horninu Vatnsstíg 11**
Fatabreytingar. Skipti um rennilása, líka í leðurjökkum, stytti buxur og fleira. Opið 10-18 virka daga, laugardaga 10-16. Árni s. 552 5540 & 861 4380.

## Dýrahald




Turner and Hootch hvolpar. Dougue de bordeux hvolpar til sölu, afhendast 1. febrúar ganga einnig undir nafninu franskur mastiff. Uppl. í síma 691 5000.

4 hreinr. Schaffer hvolpar undan Skímu & Leó, tilb., til afh. 3 feb. HRFÍ skírteini. S. 660 7667.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Vetrarvörur

Tvenn barnaskíði til sölu, nýleg og lítið notuð Nordica skíði (90 cm) með bindingum og skóm nr. 31, verð 12.000 kr., og eldri skíði (120 cm) með bindingum og skóm nr. 33, verð 4.000 kr. Uppl. í síma 821 7554.

Svigskíði, gönguskíði og skautar fyrir u.þ.b 7-10 ára börn. Upplýsingar í síma 893 4870.

Til sölu Burton snjóbretti bindingar og skór nr 10. Upplýsingar í síma 866 2096.

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einstaklingsíbúð í Grafarvogi til leigu með húsgögnum. Æskilegt er að leiga sé greidd með því að vinna heimilisstörf 12 t. á viku í sama húsi. Áhugasamir sendi póst á ibud488@visir.is.

Leiguliðar ehf. Nokkrar íbúðir að losna sjá á www.leiguliðar.is.

Til leigu herbergi á sv. 105. Leiga 35 þús. með sameiginlegu eldhúsi, sjónvarpsherbergi og snyrtingu. Uppl. í s. 893 3475.

3 herb. íbúð á 2 hæðum, sérinng. 101 Skerjafj. Til leigu frá 1. apríl. Íbúðin verður til sýnis föstud. 20. jan frá kl. 18-20. Uppl. í s. 860 7068.

Herbergi til leigu með aðgangi að salerni, eldhúsi og þvottaaðstöðu. S. 893 8839.

Til leigu í Hlíðunum, 14 fermetra bjart herbergi með aðgangi að WC og sturtu. Uppl. í s. 694 1013 milli kl. 17 & 20.

## Húsnæði óskast

Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði, 50 til 100 fermetra til þrifarlegrar starfsemi tengdri kvikmyndagerð. Þarf að vera 3ja fasa straumur og góðar innkeyrsludyr. Í RVK eða kópavogi. Upplýsingar í síma 860 0822.

Tæknifræðingur með eitt barn, óskar eftir 3 herb. íbúð í Rvk, greiðslur í gegnum greiðsluþjónustu, get borgað 3 mán. fyrirfram + tryggingu, reyklaus. S. 862 0650.

## Atvinnuhúsnæði

**Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði,**
50 til 100 fermetra til þrifarlegrar starfsemi tengdri kvikmyndagerð. Þarf að vera 3ja fasa straumur og góðar innkeyrsludyr. Í RVK eða kópavogi.
**Upplýsingar í síma 860 0822.**

**Skrifstofuhúsn. Faxafeni**
136 fm skrifstofurými til leigu í Faxafeni, aðgangur að glæsilegri sameigninlegri kaffistofu. Í boði að leigja einnig lagerhúsn. á jarðhæð.
**Uppl. í síma 897 1012 eða laurs@raestir.is**

Skrifstofuhúsnæði til leigu. 60 fm skrifstofurými til leigu í Dugguvogi. Góð aðkoma og næg bílastæði. Uppl. í s. 617 7760.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymsla-eitt.is 564 6500.







Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Nemi óskast á hárgreiðslustofu. Uppl. í síma 554 1457.

AMERICAN STYLE

**LAUS STÖRF Í SAL OG Á GRILLI.**
Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf eða hlutastarf í sal eða á grilli. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 533 1048.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.Einnig eru laus störf um helgar.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku. Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér!
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5500 / askrift@frodi.is**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu á grill. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

REGNBOGINN
– leikskóli –

**Leikskólakennari og leiðbeinandi.**
Glaðir og gefandi einstaklingar með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa sem fyrst í 100% stöðu. Annarsvegar leitum við einstaklingi helst eldri en 30 ára til starfa strax og hinsvegar í aðra stöðu þegar nær dregur vori. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áherslur eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggióstefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk.
**Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð í s. 557 7071, 899 2056 og regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal og einnig vantar aðstoð í eldhús. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna.
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Verslunarstjóri - Umsjónarmaður**
Óskast til starfa hjá Pylsuvagninum í Laugardalnum. 20 ára og eldri. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
**Upplýsingar í síma 893 9860 Einar.**




**Óskum eftir starfsmanni**
í skyndibita eldhús, um kvöld og helgar.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is.**

**Óskum eftir fólki í afgreiðslu.**
Um kvöld og helgarvaktir er að ræða. á aldrinum 20-40 ára
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is**

Hive

**Hive vantar þjónustufulltrúa**
Hive óskar að ráða þjónustufulltrúa í símaver. Starfið felst í upplýsingagjöf til viðskiptavina, bilanagreiningu og aðstoð við tengingar í gegnum síma. Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga og þekkingu á tölvum og tækni . Bæði er verið að leita að starfsfólki í fullt starf á vaktir, sem og hlutastarf.
**Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilsskrá til IP fjarskipta, Hlíðasmára 12,201 merkta Atvinnuumsókn - þjónustufulltrúi, eða á netfangið atvinna@hive.is**

**Bortækni**
Óskar eftir mönnum í steypusögun.
**Uppl. í s. 892 7544.**

**Breiðholtsbakarí.**
Óskum eftir að ráða bakara á næturvaktir.
**Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 892 1031.**

SUBWAY

**Kvöld og næturvinna**
Subway Hringbraut, vantar fólk í kvöld og helgarvinnu. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.
**Nánari upplýsingar í síma 696 7019.**




**Hrafnista Reykjavík. Aðhlynning.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir.
**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is.**

**Hrafnista Reykjavík. Eldhús - borðsal.**
Starfsfólk óskast í eldhús. Um er að ræða 100% stöðu. Unnið er frá 8-16 alla virka daga og önnur hver helgi. .Einnig vantar starfsfólk í borðsal. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.
**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is.**

**Hrafnista Reykjavík. Verkstjóra í borðsal.**
Verkstjóra vanta í borðsal .Vinnutími samkomulag.
**Uppl. Veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

### Góðir tekjumöguleikar
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

### Vantar þig vinnu með skólanum?
Starfið felst í léttum þrifum og baðvörslu í búningsklefa kvenna. Unnið er ca 15 daga á mán. Uppl. í s. 846 2117.

### Garðabær bakarí
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

### Nonnabiti
Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

### Vélstjórar
Yfirvélstjóra og 1.vélstjóra vantar á stórt og öflugt línuskip, lámarks réttindi 750 kw. nægar aflaheimildir. Upplýsingar á skrifstofu í síma 420 4400 og hjá útgerðarstjóra í síma 898 6825.

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir að ráða aðstoðarfólk í framleiðslu. Vinnutími er frá kl. 05-13 daglega og einnig er unnið þriðju hverja helgi. Áhugasamir hafi samband við Sigurð í síma 561 1433 / 699 8076 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

Matvælafyrirtæki í Hafnafirði óskar eftir vönum sölu, afgreiðslu og lagermanni. Þarf að vera þjónustulipur og ósérhlífinn. Æskilegt að hann hafi þjálfun á Navision eða sambærilegu tölvuforriti. Vinsamlegast hafið samband í síma 530 7705 frá kl. 13-16.

### Atvinna vesturbær
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Unnið mánudaga til föstudaga. Ekki unnið á laugardögum. Uppl. á staðnum. Fatahreinsunin Hraði, Ægisíðu 115. S. 552 4900.

### Gluggasmiðjan ehf.
Gluggasmiðjan, Viðarhöfða 3 Reykjavík, óskar eftir að ráða bílstjóra á vörubifreið sína sem ber 4,9 tonn. Upplýsingar gefur Pétur Þórarinsson á staðnum eða í síma 577 5050.

### Smiðir og laghentir menn.
Gluggasmiðjan, Viðarhöfða 3 Reykjavík, óskar eftir að ráða smiði og laghenta menn í trédeild fyrirtækisins. Upplýsingar gefur Pétur Þórarinsson á staðnum eða í síma 577 5050.

Big Papas Pizza óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Umsóknir og upplýsingar á staðnum.

Laust starf við ræstingar á 105 svæðinu. góð laun í boði. Uppl. alla virka daga milli 10 og 14 í síma 577 4900.

Hefur þú nægar tekjur? Ertu ánægð- ur með afkomuna? Viltu breytingar? S. 696 2096.

Vélavörð vantar á útilegubát sem stundar grálúðuveiðar í net, sími 824 0799.

Óskum eftir sölumanni (25-35) og lagerstarfsmanni (35+). Vinna jafnt fyrir konur og karla. Þarf að geta byrjað sem fyrst. S. 565 7744.

### Ræstingar
Vantar duglegt fólk í kvöld og helgarræstingar í Faxafeni. Uppl. í s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is.

Óskum eftir að ráða starfsmann til útkeyrslu á stórum sendibíl í Reykjavík. Stundvísi, reglusemi og góð þjónustulund skilyrði. Uppl. í síma 864 1122 e. kl. 17.

### Beitningamaður!
Vanur beitningamaður óskast, beitt í Þorlákshöfn. Uppl. í s. 893 1193 & 483 3733.

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum Pizzabökurum til starfa, einnig vantar fólk í afgreiðslustörf og í símsvörun. Nánari upplýs. á staðnum Hraunbæ 121.

Lagerstarf á innréttingalager í Hafnarfirði/Garðabæ. Vinnutími 9-18 og annan hvern laugardag 11-16. Lágmarksaldur 20 ár. Uppl. veitir Kristján lagerstjóri í síma 899 2541.

Óska eftir duglegum og reglusömum starfsmanni í lagnavinnul. Gröfuréttindi æskileg. Uppl. í s. 892 1919.

## Atvinna óskast

Hársnyrtisveinn óskar eftir vinnu á góðri stofu frá 1. feb. Uppl. í síma 868 1887.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða http://www.sigradu.com.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Taktu þátt í mótun Reykjavíkur. Gjaldfrjálst talhólf, 800 1110. Virkjum okkur! Hallveigarbrunur.is

Akstur á Keflavíkurflugvöll á innanbæjartaxta. Mikill sparnaður, algjör þægindi. Hreyfill/ Bæjarleiðir, 5-88-55-22.

## Ýmislegt

Býr Ingólfur í þér? Taktu þátt í mótun Reykjavíkur. Virkjum okkur! Hallveigarbrunnur.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

vísir

NFS ER Á VISIR.IS
NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar
Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.
NFS



Fíton/SÍA

# Draumahús



Helgi Bjarnason
helgi@draumahus.is
viðskiptafr. MBA

Ólafur Jóhannsson
olafur@draumahus.is
rekstrarfræðingur

Hjalti Pálmason hdl.,
hjalti@draumahus.is
löggiltur fasteignasali

Sigurður J. Sigurðsson
sigurdur@draumahus.is
löggiltur fasteignasali

Þórarinn Thorarensen
thorarinn@draumahus.is
sölumaður

Sigurður Samúelsson
sigurdursam@draumahus.is
sölumaður

Eðvarð Matthíasson
edvard@draumahus.is
löggiltur leigumiðlari

Guðrún Stefánsdóttir
gudrun@draumahus.is
sölumaður

## Akurhvarf 1, glæsilegt nýbyggt 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu

- Frábærlega staðsett lyftuhús
- Sjö 4ra herbergja 127 fm. íbúðir
- Fjórar 2ja herbergja 74 fm. íbúðir
- Suðursvalir með einstöku útsýni
- Lyfta beint úr bílskýli.




Teikningar og skilalýsing á: http://www.draumahus.is/akurhvarf1/





Fleiri myndir og hringmyndir á: http://www.draumahus.is/

Frum



**Ellefu glæsilegar, fullfrágengnar 2ja og 4ra herbergja íbúðir án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísalögðu baðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum 4ra herbergja íbúðum. Húsið afhendist fullfrágengið að utan, steinað með frágenginni lóð og bílastæðum. Innréttingar verða frá Byko.**

Í fyrsta sinn á Íslandi eru hringmyndir teiknaðar upp af íbúðum áður en þær eru tilbúnar til afhendingar. Hringmyndirnar sem eru á www.draumhus.is gefa kaupendum miklu betri hugmynd um hvernig íbúðirnar raunverulega líta út. Einnig eru grunnmyndir af eignunum á www.draumahus.is sem kaupendur geta velt fram og til baka til þess að átta sig betur á hvernig eignirnar líta út. Skilalýsing og frekari upplýsingar færðu á skrifstofu Draumahúsa Mörkinni 4, eða í síma 530 1800.



# 530 1800

Alltaf föst lág söluþóknun



**Telma Róbertsdóttir**
telma@draumahus.is
þjónustustjóri



**Helgi Már Karlsson**
helgimar@draumahus.is
ljósmyndari



**Bóas Ragnar Bóasson**
boas@draumahus.is
sölumaður



**Bergur Þ. Steingrímson**
bergur@draumahus.is
fjármálastjóri



**Kristín Sigurey Sigurðardóttir**
kristin@draumahus.is
ritari/skjalagerð

## Fannborg 3-5, sex nýjar og glæsilegar íbúðir í hjarta Kópavogs.

- Frábærlega staðsettar í hjarta Kópavogs
- Tvær 3ja herbergja 104 fm. íbúðir
- Tvær 2ja herbergja 67,4 fm. íbúðir
- Tvær 49,3 fm. stúdíóíbúðir
- Verð á 3ja herbergja íbúðum er 20,9 millj.
- Verð á 2ja herbergja íbúðum er 15,9 millj.
- Verð á stúdíóíbúðum er 13,9 millj.
- Afar sanngjarnt verð




Fleiri myndir og hringmyndir á: http://www.draumahus.is/












6 glæsilegar íbúðir staðsettar í hjarta Kópavogs. Íbúðirnar verða afhentar fullfrágengnar með nýjum, glæsilegum innréttingum og gólfefnum. Þvottahús er innan ínnan íbúðar. Eignin er í góðu ástandi að utan.

- Sér inngangur í allar íbúðirnar
- Afhending eftir 3 mánuði

Í fyrsta sinn á Íslandi eru hringmyndir teiknaðar upp af íbúðum áður en þær eru tilbúnar til afhendingar. Hringmyndirnar sem eru á www.draumhus.is gefa kaupendum miklu betri hugmynd um hvernig íbúðirnar raunverulega líta út. Einnig eru grunnmyndir af eignunum á www.draumahus.is sem kaupendur geta velt fram og til baka til þess að átta sig betur á hvernig eignirnar líta út. Skilalýsing og frekari upplýsingar færðu á skrifstofu Draumahúsa Mörkinni 4, eða í síma 530 1800.

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

## MENNTASVIÐ – LEIKSKÓLAR

## Matráður í Seljakot

**Óskað er eftir matráði í leikskólann Seljakot, Rangárseli 15. Seljakot er þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja tæplega 60 börn samtímis.**

Helstu verkefni matráðs eru að skipuleggja og annast matreiðslu og sjá um innkaup á hráefnum. Hann hefur yfirumsjón með hreinlæti og frágangi í eldhúsi og vinnur í nánu samstarfi við leikskólastjóra.

**Hæfniskröfur:**
Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu
Góð þekking á næringarfræði
Þekking á rekstri
Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 557-2350. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411-7000.

Umsóknir sendist í leikskólann Seljakot, Rangárseli 15. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á leikskolar.is. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

# Atvinna

## Nettó Salavegi

**Fullt starf, umsjón með ávöxtum og grænmeti og almenn verslunarstörf.**
**Vinnutími frá kl. 8 – 18 virka daga**

**Hlutastarf um kvöld og helgar, almenn verslunarstörf**

**Upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum og í síma 520-9600**

allt í matinn á einum stað
Nettó - Salavegi - Kópavogi - sími: 520 9600
nettó

## Góðar aukatekjur í líflegu umhverfi!

**Stórt útgáfufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í úthringingar. Mjög góð aukavinna, föst laun og bónusar. Unnið er um kvöld og helgar. 18 ára aldurstakmark.**

**Frekari upplýsingar í síma 522-2075 virka daga á milli kl. 10.00 – 22.00 og í síma 869-8891 á milli kl. 18.00 - 22.00.**

## FASTEIGNIR

FOSS
HÁTÚN 6A
SÍMI 5 12 12 12
Netfang: foss@foss.is
*Bragi Björnsson, lögmaður*

# Húsnæði óskast

## undir smíðaverkstæði, miðsvæðis í Reykjavík

Frum

Erum að leita að húsnæði til kaupa undir smíðaverkstæði, miðsvæðis í Reykjavík. Helst staðsett á svæði 101 eða 107. Húsnæðið þarf að vera ca 40 - 120 fm. Má þarfnast standsetningar.

***Nánari upplýsingar veitir Foss fasteignasala.***

## TILKYNNINGAR

**Aðalfundur Foreldrafélags axlarklemmubarna**

verður haldinn 26. janúar 2006 kl. 19.30 að Háaleitisbraut 13. 4. hæð í fundarsal Sjónarhóls.

Venjuleg aðalfundarstörf og kosning til stjórnar félagsins.

*Félagsmenn og aðrir velunnarar eru hvattir til að mæta.*

**Stjórnin.**

## HAPPDRÆTTI BÓKATÍÐINDA 2005

**Eftirtalin númer voru dregin út 1. – 24. desember 2005**

| | | |
|---|---|---|
| 664 | 52268 | 84324 |
| 4785 | 55009 | 89546 |
| 7744 | 56130 | 94269 |
| 12641 | 58994 | 96301 |
| 14075 | 60379 | 96479 |
| 24160 | 74862 | 99701 |
| 27004 | 78604 | 99986 |
| 37782 | 80830 | 102216 |

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

**Vitja ber vinninga fyrir 1. júlí 2006**

Sími 511-8020

Birt með fyrirvara um prentvillur

## ÚTBOÐ

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar:**
***Málningarvinna í fasteignum Reykjavíkurborgar – Hverfi 4 og 5.***

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með 23. janúar 2006. Opnun tilboða: 1. febrúar 2006 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur. 10670

**Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

## Sorg og sorgarviðbrögð

**Fræðslufundur í Bústaðakirkju (kjallara) í kvöld 19. janúar kl. 20-22.**
Umfjöllunarefni: Sorg og sorgarviðbrögð.
Fyrirlesarar eru sr. Gunnar Rúnar Matthíasson og sr. Pálmi Matthíasson. *Allir velkomnir!*



NÝ DÖGUN
*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

## Bílastæðasjóður

## Stöðuverðir





## Bílastæðasjóður óskar eftir að ráða stöðuverði til starfa

### Starfssvið

- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Álagning aukastöðugjalda og stöðvunarbrotagjalda
- Ritun umsagnar vegna stöðvunarbrota
- Samskipti við viðskiptavini og starfsmenn Bílastæðasjóðs

### Hæfniskröfur

- Ökuréttindi
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og áræðni
- Skriffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

### Annað

Vinnutími er frá 9:00 til 18.00 og starfið hentar jafnt konum sem körlum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 2. febrúar n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt “Stöðuvörður”, Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu okkar eða senda umsókn á haukura@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Ástvaldsson aðalvarðstjóri í síma 585-4500.

Bílastæðasjóður er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar. Megintilgangur er að stýra nýtingu bílastæða í því skyni að útvega gestum og viðskiptavinum miðborgarinnar vel staðsett skammtímastæði þar sem nauðsyn krefur. Bílastæðasjóður fer jafnframt með eftirlit með bifreiðastöðum í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi jafnt sem akandi vegfarenda

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.137 **-1,87%** **Fjöldi viðskipta:** 1.150 **Velta:** 9.193 milljónir

Tölur miðast við 14:51

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +34,56% | **Atorka** | -3,62% |
| | | **Bakkavör** | -3,21% |
| | | **FL Group** | -3,03% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 55,00 -2,90% ... Atorka 6,65 -3,60% ... Bakkavör 54,20 -3,20% ... Dagsbrún 5,76 -0,90% ... FL Group 22,40 -3,00% ... Flaga 4,20 -0,20% ... Íslandsbanki 20,20 -3,40% ... KB banki 835,00 -0,60% ... Kögun 65,80 -1,90% ... Landsbankinn 27,80 -2,10% ... Marel 70,00 -1,30% ... Mosaic Fashions 18,00 -2,70% ... SÍF 4,12 -0,70% ... Straumur-Burðarás 18,00 -1,60% ... Össur 111,00 -1,80%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Leiðrétting í Kauphöllinni

Hlutabréf í Kauphöllinni lækkuðu þó nokkuð í gær í kjölfar markaðshruns á verðbréfamarkaðnum í Tókýó. Þannig hafði úrvalsvísitalan lækkað um tæp fjögur prósent klukkustundu eftir opnun markaða en þá tók lækkunin að ganga til baka.

Mest lækkuðu bréf í FL Group eða um 3,5 prósent. Eina félagið sem hækkaði að ráði var Atlantic Petroleum sem stökk upp um 20 prósent.

Úrvalsvísitalan stóð í 6.253 stigum í upphafi dags en lækkaði um meira en 200 stig þar til hún tók að rétta sig við á nýjan leik. Um hádegisbil nam gildi hennar 6.130 stigum.



„Eðlilegt er að tala um leiðréttingu þar sem hækkanir hafa verið nær látlausar frá áramótum. Vísitalan hafði hækkað um þrettán prósent frá áramótum og því er ekki ólíklegt að fjárfestar hafi tekið út hagnað,“ segir Greining Íslandsbanka um daginn í gær.

Þetta var aðeins í annað skiptið á árinu sem vísitalan lækkar á milli daga.

**- eþa**

**HLUTABRÉF LÆKKUÐU** Eftir miklar hækkanir undanfarið lækkuðu hlutabréf eftir fréttir af hruni í Japan.

## DeCode kaupir UVS

Íslensk erfðagreining hefur keypt líftæknifyrirtækið Urði Verðandi Skuld af Iceland Genomics Corporation Inc. á sem nemur 350 milljónum íslenskra króna. Kaupverðið var greitt með hlutabréfum í deCODE genetics, en þau nema um einu prósenti af heildarfjölda hluta í deCODE.

Greint var frá kaupunum í gær en markmiðið með þeim er sagt vera að efla rannsóknir á erfðafræði krabbameina sem vonast er til að leiði til aukins skilnings á líffræðilegum orsökum þeirra og nýrra aðferða til að greina og meðhöndla krabbamein.

**- óká**

## Vilhjálmur Egilsson til SA

Stjórn Samtaka atvinnulífsins hefur ákveðið að ráða Vilhjálm Egilsson í stöðu framkvæmdastjóra samtakanna, í stað Ara Edwald sem senn tekur við stöðu forstjóra 365 miðla.



**VILHJÁLMUR EGILSSON NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS.**

Vilhjálmur, sem er með doktorspróf í hagfræði, hefur gegnt stöðu ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu frá ársbyrjun 2004. Áður starfaði hann meðal annars fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á árunum 2003-2004, sem framkvæmdastjóri Verzlunarráðs Íslands á árunum 1987-2003, sat á Alþingi á árunum 1991-2003 og starfaði hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, eins af forverum Samtaka atvinnulífsins, á árunum 1982-1987.

**- hh**

## Atorka eignast Jarðboranir

Atorka hefur eignast tæp 97 prósent hlutabréfa í Jarðborunum en yfirtökutilboði fyrrnefnda félagsins í það síðarnefnda lauk á mánudaginn. Atkvæðisréttur Atorku er meiri en sem nemur eignarhlutnum vegna eigin bréfa Jarðborana.

Stjórn Jarðborana mun innan skamms óska eftir því við Kauphöll Íslands að félagið verði afskráð.

**- eþa**









ÓLAFUR THORS (1892-1964) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

*„Án þjóðfrelsis geta Íslendingar eigi dafnað, fremur en gróður jarðar án yls og sólar.“*

*Ólafur Thors var atkvæðamikill stjórnmálamaður. Hann gegndi meðal annars embætti forsætisráðherra árin 1942, 1944-1947, 1949-1950, 1953-1956 og 1959-1963.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 19. JANÚAR 1966

## Indira Gandhi verður leiðtogi Indlands

Á þessum degi árið 1966 var Indira Gandhi, einkadóttir fyrsta forsætisráðherra Indlands Jawaharlal Nehru, valin sem leiðtogi Indlands. Talsverð barátta hafði þá verið milli hennar og Morarji Desai, fyrrverandi fjármálaráðherra landsins.

Mikill fjöldi fólks hafði safnast utan við þinghúsið meðan valið stóð yfir og fagnaði Indiru gífurlega þegar hún hélt á fund forsetans. Indira hafði aðeins staðfest framboð sitt fjórum dögum fyrr þegar ellefu leiðtogar sextán fylkja Indlands höfðu látið í ljós vilja sinn til að styðja hana.



INDIRA GANDHI

Indira sigraði í almennum kosningum árið 1967 og 1971. Hún var við stjórnvölinn meðan á deilunni við Pakistan stóð árið 1971 en árið 1975 var hún dæmd fyrir spillingu og bannað að gegna embætti í sex ár. Hún brást við með því að neita að segja af sér og lýsti fyrir neyðarástandi í landinu sem varði í tvö ár.

Hún tapaði fyrir gamla keppinaut sínum Morarji Desai í kosningum árið 1977 en tók á ný við völdum þegar stjórn hans féll tveimur árum síðar.

Árið 1984 fyrirskipaði hún árás á gullna hofið í Amritsar til að reka burt uppreisnarmenn sikha sem börðust fyrir sjálfstæði Punjabhéraðs. Tveimur mánuðum síðar var hún ráðin af dögum af lífvörðum sínum sem voru sikhar.

## MERKISATBURÐIR

**1903** Þýski togarinn Friedrich Albert strandar á Skeiðarársandi. Áhöfnin kemst öll í land en hrekst um sandinn í tvær vikur og þrír menn farast.

**1915** Þjóðverjar gera fyrstu loftárásina á Bretland úr tveimur Zeppelín-loftbelgjum í fyrri heimsstyrjöldinni.

**1942** Átta menn verða úti þegar sjötíu manna sveit breskra hermanna lendir í hrakningum í fjallgöngu á leið frá Reyðarfirði til Eskifjarðar.

**1957** Kristján Eldjárn þjóðminjavörður ver doktorsritgerð sína um kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi.

**1983** Gestapóforinginn Klaus Barbie er handtekinn í Bólivíu.

**1993** Tékkland og Slóvakía fá inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.

## ANDLÁT

**Kjartan Guðmundur Magnússon**, Hlíðarhjalla 56, Kópavogi, lést á heimili sínu föstudaginn 13. janúar.

**Sigrún Pétursdóttir**, Kristnibraut 83, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 13. janúar.

**Ásta Andersen**, Garðavegi 11, Keflavík, áður Njarðvíkurbraut 13, Innri-Njarðvík, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 15. janúar.

**Hólmfríður Héðinsdóttir**, Dalbraut 27, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar.

**Bragi Gunnarsson**, Tunguseli 10, Reykjavík, lést á Landspítala Hringbraut mánudaginn 16. janúar.

**Guðrún Briem Björnsson** lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 16. janúar.

**Ólöf Bjartmarsdóttir** lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 16. janúar.

## JARÐARFARIR

11.00 Minningarathöfn um **Jónu Jakobínu Jónsdóttur**, Vogum, Mývatnssveit, Langholtsvegi 139, Reykjavík, verður í Langholtskirkju.

13.00 **Sigríður Ólafsdóttir**, frá Bergvík, Lágholti 6, Mosfellsbæ, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Kristjánsdóttir**

Halldórsstöðum, Bárðardal,

Lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 15. janúar. Útför hennar fer fram frá Lundarbrekkukirkju laugardaginn 21. janúar kl.14.00.

| | |
|---|---|
| **Þórey Ketilsdóttir** | **Sverrir Thorstensen** |
| **María Ketilsdóttir** | **Ágúst Hilmarsson** |
| **Kristín Ketilsdóttir** | **Sigurður Pálsson** |
| **Sigrún Ketilsdóttir** | **Jörg Wohner** |
| **Ingvar Ketilsson** | **Bergljót Þorsteinsdóttir** |

**ömmu og langömmubörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi*

**Pétur Gauti Hermannsson**

Holtsbúð 42, Garðabæ

lést 12. janúar. Jarðsungið verður frá Langholtskirkju föstudaginn 20. janúar kl. 13.00.

**Guðríður Sveinsdóttir**
**Hildur Sólveig Pétursdóttir**
**Erla Þuríður Pétursdóttir**
**Pétur Geir Magnússon**
**Ástrós Magnúsdóttir**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Aðalbjörn Jónsson**

Vesturgötu 36, Keflavík,

áður til heimilis að Hólavöllum, Garði, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 20. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

| | |
|---|---|
| **Kristný Rósinkarsdóttir** | |
| **Ester Aðalbjörnsdóttir** | |
| **Guðmundur Sigurðsson** | |
| **Jón Aðalbjörnsson** | **Aldís Árnadóttir** |
| **Haraldur Aðalbjörnsson** | **Sigrún Harðardóttir** |
| **Jakobína Aðalbjörnsdóttir** | **Björgvin Skarphéðinsson** |
| **Rósinkar Aðalbjörnsson** | **Ólöf Guðrún Albertsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÖRLAGABLAÐAMAÐUR** Sigurður Bogi hefur starfað við blaðamennsku frá sextán ára aldri. Hann segir vinnuna yfir og allt um kring í sínu lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON BLAÐAMAÐUR:** ER 35 ÁRA Í DAG

# Býður upp á soðningu með kartöflum og tómatsósu

„Mér leiðist allt sem er týpískt og var því að velta fyrir mér að bjóða góðum vinum upp á kartöflur, soðna ýsu, tómatsósu og tólg í kvöldmat,“ segir Sigurður Bogi Sævarsson blaðamaður sem heldur upp á 35 ára afmæli sitt í dag. „Ég held að það sé ekki hægt að bjóða fólki upp á neitt betra en venjulegan íslenskan mat eins og hæfir í janúar,“ segir Sigurður sem hefur áður boðið í slík óvenjulega venjuleg matarboð. Það hafi gert góða lukku enda allir búnir að kýla vömbina í bak og fyrir um hátíðarnar.

Sigurður Bogi kallar sjálfan sig örlagablaðamann enda hóf hann störf sem blaðamaður aðeins sextán ára gamall á bæjarblöðum í heimabyggð sinni á Selfossi. Hann hefur starfað síðan á ýmsum miðlum, meðal annars Degi, Dagblaðinu og Tímanum. Síðastliðin tvö ár hefur Sigurður unnið sjálfstætt. „Ég hef verið á hliðarlínunni hjá almannatengslafyrirtækinu Athygli, hef skrifað fyrir Fróða, Bændablaðið, Frjálsa verslun og hin og þessi fyrirtæki,“ segir Sigurður og líkar ljómandi vel. „Það er visst frelsi sem fylgir þessu en líka mikil ögun. Kannski er meginkosturinn sá að verkefnin eru ákaflega fjölbreytt og maður veit aldrei hvað dagurinn ber í skauti sér,“ segir Sigurður sem finnst fjölbreytnin jafnvel meiri nú en hann upplifði meðan hann starfaði á ritstjórnum hinna ýmsu blaða.

Áhugamál Sigurðar eru töluvert samofin vinnu hans. „Ég hef gaman af því að ferðast, fara um landið og taka myndir. Ég hef gaman af grúski og bókum og því að hitta skemmtilegt fólk,“ segir Sigurður og finnst vinnan bæði beint og óbeint yfir og allt um kring í sínu lífi.

„Maður er alltaf í nálægð við þessi viðfangsefni hvort sem er í starfi eða leik og skilin á milli þessara tveggja eru ákaflega óglögg,“ segir Sigurður sem yfirleitt tekur stórar ákvarðanir á örskotsstundu. Hvort sem það er að fara út í að vinna sjálfstætt eða flytja til Akureyrar þar sem hann bjó í sjö ár. „Mér finnst gott að vera ekki mikið að væflast yfir hlutunum heldur geri ég þetta líkt og að smella fingri, og yfirleitt er það skemmtilegast,“ segir Sigurður Bogi og hlakkar til að gæða sér á soðningunni í kvöld.

# Sex útskrifast í öldrunarhjúkrun

Stjórnendur á Öldrunarheimilum Akureyrar héldu í síðustu viku samsæti til heiðurs þeim sex sjúkraliðum sem þar starfa og voru að ljúka framhaldsnámi í öldrunarhjúkrun. Námið er framhald af hefðbundnu námi sjúkraliða, ætlað þeim sem hjúkra öldruðum í samræmi við markmið hjúkrunar og nýjar hugmyndir í öldrunarfræðum. Jafnframt á námið að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða í störfum sínum innan og utan stofnana. Námið er tveggja anna bóknám og átta vikna verknám á stofnunum.

Konurnar sex voru þær fyrstu á Öldrunarheimilum Akureyrar sem útskrifast úr slíku námi.



**SÉRHÆFÐAR Í ÖLDRUNARHJÚKRUN** Birna Ingólfsdóttir, Hulda Birna Frímannsdóttir, Jana Arnórsdóttir, Jóna Guðmundsdóttir, Margrét Vestmann og Þorgerður Þorgilsdóttir starfa allar við hjúkrun aldraðra.

## AFMÆLI



**Árni B. Tryggvason** leikari er 82 ára.



**Óttar Felix Hauksson** athafnaskáld er 56 ára.



**Sigurður Rúnar Jónsson, Diddi fiðla**, tónlistarmaður er 56 ára.



**Jón Gunnlaugur Jónasson** læknir er fimmtugur.



**Hilmar Oddsson** kvikmyndaleikstjóri er 49 ára.



**Adolf Hjörvar Berndsen**, fyrrverandi þingmaður, er 47 ára.



**Einar Þór Daníelsson** knattspyrnumaður er 36 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1736** James Watt uppfinningamaður, fann upp eimreiðina.



**1809** Edgar Allan Poe skáld.


www.biotherm.com
GRENNANDI
CHOC MEÐFERÐ !
Láttu BIOTHERM hjálpa þér að ná árangri
CELLULI–CHOC og ABDO-CHOC
með virkum efnum úr kakóbaunum
til að losna við ójafna húð og minnka
ummál á ánægjulegan hátt.
CELLULI-CHOC
gelið vinnur gegn
appelsínuhúð og
má nota á öll
vandamálasvæði.
ABDO-CHOC
er sérstaklega hannað
fyrir magann og inniheldur
einstakan grennandi
kokteil sem örvar
náttúrulega losun fitu.
no comment !
BIOTHERM DAGAR Í HAGKAUPUM
KRINGLUNNI 19. – 25. JANÚAR
Boðið verður upp á húðgreiningu með BIOSCAN
nýja húðgreiningartækinu frá BIOTHERM.
Glæsilegir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru
Biotherm vörur fyrir 4.000 kr. eða meira:
- Fallegt beauty-box
- Biosenses Body Scrub 40ml
- Biosenses Body Balm 40ml
- Hydra Detox rakakrem 20ml
- Happy Legs kælandi fótakrem 20ml
Verðmæti kaupaukans er kr. 5.000.
BIOTHERM
Gildir til 25. janúar eða á meðan birgðir endast.
EINGÖNGU FÁANLEGT Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

vísir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS

# STUÐ MILLI STRÍÐA Draumurinn um risajeppann

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** SPÓLANDI Í SNJÓNUM



Fram að þessu hef ég ekki haft nokkra einustu löngun til þess að eignast jeppa, og ég hef verið á móti því að nota nagladekk í Reykjavík fyrir þessa tvo daga á ári þegar allt er á kafi í snjó. Fyrr í vikunni breyttist þetta viðhorf mitt á einu augnabliki. Eftir að hafa fest mig kirfilega á bílastæðinu heima hjá mér, og spólað nokkrum sinnum á jafnsléttu, var mér skapi næst að rjúka í næsta bílaumboð og kaupa mér risajeppa með stærstu og illilegustu nagladekkjunum á markaðinum. Bíllinn minn, sem ég hef verið nokkuð sátt við hingað til, varð að óþolandi fyrirbæri sem mig langaði mest til að henda á haugana. Og heilsársdekkin, sem ég taldi þrælfín, voru á svipstundu algerar blöðrur sem ætti ekki að setja undir nokkurn bíl. Þegar ég komst loksins út af bílastæðinu, með aðstoð góðra manna, þorði ég varla að leggja í stæði þar sem ekki var búið að skafa burt hvert einasta snjókorn. Meðan ég ók hálf móðursjúk um bæinn tók ég reyndar eftir því að það voru fleiri en ég sem lentu í vandræðum og fólk stökk úr bílum sínum og hjálpaði fólki af einstökum náungakærleik. Þá fór geðsýkin aðeins að rjátlast af mér og mér fannst það allt í einu ekkert svo slæmt að ég hefði fest mig. Mér var nú einu sinni hjálpað. Um leið og ég fór að róast, varð ég kaldari í akstri og ók heldur greitt í snjómikla beygju og var næstum búin að festa mig aftur. Aftur á móti hafði ég lært af reynslunni og tókst að koma mér fimlega framhjá snjóskaflinum sem ég virtist ætla að stefna á, rétt einsog ég væri í alvörunni komin á jeppann góða sem var ljóslifandi í huga mér. Mynd hans skolaðist þó fljótt úr höfði mér um leið og regndroparnir fóru að leka niður bílrúðurnar næsta morgun á mínum ágæta bíl, sem er kannski ekki svo slæmur eftir allt saman.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli



### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Heineken®

DJAMMIÐ UM HELGINA:

CAFÉ OLIVER

Föstudagur
DJ BLING með gel og allt klárt

Laugardagur
DJ JBK með drottningu í búrinu

Sunnudagur:
THE JAZZY HAVANAS frá kl. 22

NASA

Föstudagkvöld:
Árslistakvöld Breakbeat.is
Heiðursgestur er
EL HOMET úr Pendulum

MEIRA UM DJAMMIÐ Á
Heineken.is

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 5 | | | 9 | | |
| | | | 6 | 4 | | 3 | | |
| 1 | | 8 | 7 | | | | | |
| 9 | | 5 | | | | 7 | | |
| | 2 | | | | | | 8 | |
| | | 7 | | | | 4 | | 2 |
| | | | | | 4 | 6 | | 9 |
| | | 2 | | 5 | 6 | | | |
| | | 4 | | | 8 | | | 1 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 2 | 9 | 3 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 8 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 | 2 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 | 4 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 7 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is



## HEILSUSAMLEGT ÁR Í VÆNDUM

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 31001 01/2006

## 20% afsláttur

### SLIMMING – KELP AND GREENS

Náðu betri árangri með Vega.




903 kr.

Verð áður 1.129 kr.

999 kr.

Verð áður 1.249 kr.

Tilboðið gildir til og með 26. janúar 2006.

### SAGA PRO

Saga Pro úr íslenskri ætihvönn eykur svefnfriðinn með fækkun salernisferða á nóttunni.

1.599 kr.




### PERFECT SLIM

L'Oréal Perfect Slim gegn appelsínuhúð. Húðin verður sléttari og húðójöfnur minnka.

1.779 kr.




### REVITALIFT DOUBLE

Mjög öflugt rakagefandi og styrkjandi gelkrem sem dregur úr fínum línum og hrukkum. Hentar vel konum á aldrinum 35-50 ára.

1.959 kr.




### KÓKOSOLÍA

Náttúruleg olía með mildri lykt, fer vel inn í húðina og gerir hana mjúka og eykur teygjanleika hennar. Spornar við öldrun og hrukkumyndun húðar.

654 kr.




### BOGENSE SÁPA

Nuddsápa sem stinnir og grennir líkamann. Nuddhanskar og sápubox fylgja.

1.469 kr.



Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

**!** **Kl. 18.00**
*Á Bæjarbókasafninu í Þorlákshöfn verður í kvöld boðið upp á upplestur úr nýjum og nýlegum bókum. **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson** les upp úr nýrri ljóðabók sinni er nefnist Ljóð, **Birgitta Jónsdóttir** les upp úr bók sinni Dagbók Kameljónsins, **Eyvindur P. Eiríksson** les upp úr skáldsögunni Örfok, **Kristian Guttesen** les upp úr ljóðahrollvekjunni Litbrigðamygla, **Vilborg Dagbjartsdóttir** les ljóð sín og **Þorsteinn frá Hamri** les upp úr ljóðabókinni Dyr að draumi.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Útlönd og ímyndir þjóða*




Útlönd er meginþema annars heftis tímaritsins Ritið á þessu ári, sem nú er komið út í ritstjórn þeirra Gunnþórunnar Guðmundsdóttur og Svanhildar Óskarsdóttur. Í heftinu er tekist á við samband menningarheima á ýmsan máta, ímyndir og sjálfsmyndir þjóða.

Meðal efnis í heftinu er grein eftir Kristínu Loftsdóttur mannfræðing sem fjallar um ímynd Afríku á Íslandi á 19. öld en Kristín sýnir hvernig sú ímynd kallast á við ímynd hins sjálfstæða eyríkis Íslands, sem þá var í fæðingu.

Sverrir Jakobsson fjallar um sjálfsmynd miðaldamanna í greininni Við og hinir – hvernig gerðu Íslendingar mannamun á miðöldum?, en þar hugar Sverrir að þeim þáttum sem ætla má að hafi skipt máli fyrir sjálfsmynd menntaðra Íslendinga á miðöldum.

Í grein sinni Íslenska og enska. Vísir að greiningu á málvistkerfi, leggur Kristján Árnason út af nýlegri könnun á viðhorfum Íslendinga til ensku og spyr hvort staða íslenskunnar í menningu og sjálfsmynd landsmanna sé að breytast.

Í myndverkinu Grautur – 12 tilbrigði vinnur Áslaug Thorlacius myndlistarmaður með uppskriftir að súpum og grautum úr bók Helgu Sigurðardóttur, Matur og drykkur, og veitir með því einstæða sýn inn í dansk-íslenska matarmenningu Íslendinga á 20. öld. Þá eru í heftinu birtar þrjár ljóðaþýðingar eftir Þorstein Gylfason ásamt minningarorðum um hann sem Vigdís Finnbogadóttir ritar.

## > Ekki missa af ...

... sýningu **Gabríelu Friðriksdóttur** í Listasafni Reykjavíkur, þar sem hún sýnir verk sitt Versations/Tetralogia, sem hún sýndi á Feneyjatvíæringnum í sumar.

... sýningu **Ólafs Gíslasonar** í galleríi i8 við Klapparstíg, þar sem Ólafur hefur sett upp sannkallað Fiskidrama.

... leiksýningunni **Mindcamp**, nýjasta verki **Jóns Atla Jónassonar**, sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

# Eldhús eftir máli sýnt þétt

Hið nýja fyrirkomulag á sýningum í Þjóðleikhúsinu gerir það að verkum að fólk þarf að hafa hraðar hendur til þess að missa ekki af sýningum. Leiksýningar eru sýndar mun oftar í viku en áður þekktist, og sýningum er líka hætt fyrr en áður var venja til. Til dæmis lýkur strax um miðjan febrúar sýningum á Eldhúsi eftir máli, hversdagslegum hryllingssögum Svövu Jakobsdóttur, sem frumsýnt var milli jóla og nýárs.


**ELDHÚS EFTIR MÁLI** Úr sýningu Þjóðleikhússins.

Vala Þórsdóttir byggir þessa sýningu á smásögum Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára árið 2004. Í tengslum við sýninguna verða fimm Sunnudagskvöld með Svövu þar sem boðið verður upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýningu og umræður. Kristín Ástgeirsdóttir reið á vaðið sl. sunnudag með fyrirlestri um Svövu og stjórnmálin, en næsta sunnudag er komið að Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur rithöfundi en hennar erindi nefnist Svava og skáldskapurinn.

Fyrirlestrarnir hefjast klukkan 18, en að þeim loknum er boðið upp á léttan kvöldverð fyrir leiksýninguna og í lok hennar umræður.

Leikarar í sýningunni eru Aino Freyja Järvelä, sem leikur nú í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu, Kjartan Guðjónsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, María Pálsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Þórunn Lárusdóttir.


**EITT AF MÁLVERKUM GUÐMUNDAR FRÁ MIÐDAL** Eldgos eru eitt þeirra náttúrufyrirbrigða sem Guðmundur hafði gaman af að mála.

# Gerðarsafn lýsir eftir listaverkum

**Í vor ætlar Gerðarsafn í Kópavogi að efna til stórrar yfirlitssýningar á verkum Guðmundar frá Miðdal með sérstakri áherslu á náttúru- og dýramyndir listamannsins. Safnið hefur mikinn áhuga á að frétta af verkum sem kynnu að leynast heima hjá fólki.**

„Safnið er að leita að verkum í einkaeign eftir Guðmund frá Miðdal," segir Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðumaður Listasafns Kópavogs - Gerðarsafns.

Hér í eina tíð voru litlar keramikstyttur eftir Guðmund frá Miðdal til á mörgum íslenskum heimilum og margar þessara mynda eru væntanlega enn í eigu ættingja þeirra sem áttu þær upphaflega. Málverk og skúlptúrar eftir hann geta líka leynst víða.

„Sérstaklega erum við spennt fyrir því að hafa upp á fleiri málverkum eftir Guðmund, bæði olíu- og vatnslitamyndum," segir Guðbjörg.

Gerðarsafn ætlar að efna til yfirlitssýningar á verkum Guðmundar sem haldin verður á Kópavogsdögum í maí og júní. Sýningin verður haldin í samvinnu við Náttúrustofu Kópavogs, sem er til húsa rétt hjá listasafninu.

Fyrir rúmum áratug var haldin á Kjarvalsstöðum sýning á vatnslitamyndum Guðmundar. Fyrir þremur árum var einnig efnt til stórrar yfirlitssýningar á verkum hans á Kjarvalsstöðum, þannig að býsna langt er síðan gefist hefur tækifæri til að skoða verk hans saman á einum stað.

„Við ætlum að sýna bæði skúlptúra hans, leirmuni, olíumálverkin og vatnslitamyndirnar," segir Guðbjörg. „Þetta er gríðarmikið magn og við notum til þess bæði húsin, allt listasafnið og svo teygir sýningin sig yfir í náttúrustofuna."

Sérstök áhersla verður lögð á dýr og náttúru í verkum Guðmundar, sem var mikill náttúruunnandi og útivistarmaður.

„Börn hafa alltaf svo gaman af dýrum, svo þetta verður sérstaklega fjölskylduvæn sýning," segir Guðbjörg. ■




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

16 17 18 **19** 20 21 22

**Fimmtudagur**

### ■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Fimmtudagsforleikurinn snýr aftur í Hinu húsinu eftir langan svefn með tónleikum. Þar munu eftirfarandi listamenn spila: **Loji (the ebsens), Japanese super shift, Hello Norbert, The Ministry of Foreign Affairs, Sudden Weather Change** og **Big Kahuna**.

☐ 21.00 **Sunna, Silla** og hljómsveitin **Llama** spila djass, hip hop, soul og fleira gott á Pravda.

☐ Hljómsveitirnar **Ampop** og **Ég** halda tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum.

### ■ ■ SKEMMTANIR

☐ 22.00 Hljómsveitin **Flight-liner**, sem kemur frá Keflavíkurflugvelli, leikur breskt og bandarískt rokk á Ránni í Keflavík.

☐ **Dj Gunni** á Yello í Keflavík.

### ■ ■ BÆKUR

☐ 18.00 **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Birgitta Jónsdóttir, Eyvindur P. Eiríksson, Kristian Guttesen, Vilborg Dagbjartsdóttir** og **Þorsteinn frá Hamri** lesa upp úr nýjum og nýlegum bókum sínum á Bæjarbókasafni Ölfuss í Þorlákshöfn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


TILBOÐ
SÚPERTURN 3
Örgjörvi 3000+ AMD K8 Sempron64 1600FSB og Hyper Transport
Minni 512MB DDR 400 Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur 160GB 7200RPM - 8MB Western Digital Special Edition
Skjákort 128MB ATI Radeon X300 PCI Express x16 og TV-út tengi
Hljóðkort Dolby Digital 5.1 - EAX2 6 rása Dolby Digital hljóðkerfi
Annað Medium Tower Turn kassi 10/100 netkort, SATA, ATA, ofl.
SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsniðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: Geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsögðu gamla skjáinn, lyklaborðið og músina.
SEMPRON 64 BITA
AMD Sempron 64 er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gangabrautir
128MB ATI X300
Radeon X300 skjákort sem nýtir 128MB af Dual DDR minni tölvunnar og er PCI Express x16
HLAÐINN NÝJUNGUM
FireWire, USB2, netkort, SATA og ATA harðdiskstýringar og Dolby Digital 5.1 EAX2 hljómur
Western Digital
CORSAIR
MSI
VL6
* Samtals kr. 41.302
6.650
VERÐ 39.900
SÚPERTILBOÐ 3
3000+
• 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
• Hljóðlát örgjörva kælivifta
• MSI RS482M-IL móðurborð
• 512MB DDR Corsair minni
• 128Mb Radeon X300 PCI-Ex16
• Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
• 10/100 netkort, FireWire ofl.
VERÐ 24.900
DRAGON HÝSING
Dragon250 CHIEFTEC
250GB
AUÐVELD Í NOTKUN
Dragon250 tengist beint í USB tengi og er tilbúin til notkunar
HRAÐVIRKT USB2
Hýsingin tengist í USB2 tengi sem tryggir hraðvirkan og öruggan gagnaflutning
250GB 7200RPM
Dragon250 hýsingin er með 250GB Western Digital SE harðdisk með 8MB buffer
VERÐ 16.900
GEFORCE 7800GT
MSI GeForce7 NX7800GT PCI-Express skjákortið er eitt það öflugasta í dag og er með 256MB 1,2GHz DDR3 minni
VERÐ 34.900
DRAGON 3 TURN
CHIEFTEC
Svartur og silfurlitaður Chieftec Mini Middle Dragon3 Turn með hurð, USB og Firewire að framan, án aflgjafa
VERÐ 7.990
HARÐDISKUR
SATA II
250GB SATA II hljóðlátur harðdiskur frá Western Digital. 300MB/s, 7200RPM og 16MB buffer fyrir hámarkshraða
VERÐ 12.900
SATA HÝSING
ICY BOX
Utanáliggjandi RaidSonic SATA II hýsing. Tengist með USB 2.0 eða útvarpu SATA II tengi fyrir hámarks hraða
VERÐ 7.990
Microsoft Office 2003 leyfi fyrir 3 vélar
VERÐ 12.900
NEC 3550A 16x8x16 Dual Layer DVD RW hvítur skrifari
VERÐ 5.990
512MB DDR400 CL2.5 minni með lífstíðarábyrgð
VERÐ 4.990
MSI Geforce 6 NX6200 AX 128MB AGP skjákort
VERÐ 7.990
PCI Serial ATA Raid Controller, 2x Serial ATA port
VERÐ 3.990
AVIX 3.5" spilari, tengist beint við sjónvarp
VERÐ 14 .900
IcyBox 3,5" hardiskahýsing úr áli og stáli, USB 2.0
VERÐ 4.990
IcyBox harðdiskahýsing 2.5" úr pússuðu stáli
VERÐ 3.990
Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur
Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 41.302 og dreifist jafnt yfir samningstímann.
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR
REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400

# Tíbrá tryggir gæðin

**Yfir vetrarmánuðina er jafnan blómlegt tónlistarlíf í Salnum í Kópavogi. Dagskráin fram á vor er drekkhlaðin af forvitnilegum tónleikum, meðal annars býður Mugison upp á nýtt efni á kammertónleikum með KaSa-hópnum.**



**MUGISON** Ætlar að frumflytja nýtt efni á kammertónleikum með KaSa-hópnum í Salnum um miðjan febrúar.

„Það er óvenjulega glæsilegt framundan hjá okkur,“ segir Vigdís Esradóttir forstöðumaður Salarins. Uppistaðan í tónleikadagskrá Salarins er tónleikaröðin TÍBRÁ, sem hófst að vanda um síðustu helgi með árlegum Nýárstónleikum Salarins þar sem Diddú og Salonhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar fluttu gleðitónlist frá Vínarborg.

Strax um næstu helgi eru síðan tveir framúrskarandi píanistar væntanlegir, þeir Allan Schiller og John Humphreys. Þeir ætla að leika fjórhent verk eftir meistara Vínarklassíkurinnar, Mozart og Schubert, í tilefni þess að nú eru liðin 250 ár frá fæðingu Wolfgangs Amadeusar.

Þess má geta að þessir sömu píanistar hafa verið valdir til þess að flytja þessa sömu efnisskrá á fæðingardegi Mozarts, þann 27. janúar, í hinum virta tónleikasal Wigmor Hall.

„Um miðjan febrúar verður hinn feykivinsæli og fjölhæfi tónlistarmaður Mugison, eða Örn Elías Guðmundsson, gestur KaSa-hópsins,“ segir Vigdís. KaSa-hópinn, sem áður hét Kammermúsíkhópur Salarins, skipa að þessu sinni þau Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla, Sigurgeir Agnarsson, selló, Helga Þórarinsdóttir, víóla, Áshildur Haraldsdóttir, flauta og Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

KaSa-hópurinn heldur að jafnaði nokkra tónleika í Salnum á vetri hverjum, en hefur bryddað upp á þeirri nýbreytni síðastliðna tvo vetur að halda eina sameiginlega tónleika með virtu tónlistarfólki úr popp- og rokkgeiranum. Fyrir tveimur árum kom hljómsveitin Búdrýgindi, þá nýbakaðir sigurvegarar Músíktilrauna, fram með KaSa-hópnum, en í fyrra var það Eivör Pálsdóttir hin færeyska sem söng með hópnum.

Í ár er það sem sagt Mugison sem stígur á svið með kammertónlistarfólkinu.

„Mugison sagði mér í gær að hann ætli að vera með alveg nýtt prógramm. Hann hefur verið að semja tónlist sérstaklega fyrir þessa tónleika,“ segir Vigdís.

„Aðra helgi í mars eru sérstakir hátíðartónleikar í TÍBRÁ, en með þeim tónleikum fagnar sellósnillingurinn Erling Blöndal Bengtsson því að um þessar mundir eru liðin 60 ár frá því að hann hélt sína fyrstu tónleika, en það var einmitt á Íslandi.“

Sunnudaginn 23. apríl mætir síðan hinn ungi fiðlusnillingur Barnabás Keleman á sviðið í Salnum, en hann hefur áður haldið þar tónleika. Að þessu sinni verður kona hans, Katalin Kokas, með í för en hún er einnig fiðluleikari. „Efnisskrá tónleikanna er afar sérstæð og einstakt tækifæri að heyra verk fyrir tvær fiðlur – án undirleiks – leikin af innvígðum snillingum fiðlunnar, en hjónin Kokas Katalin og Barnabás Keleman eru meðal hæfileikaríkustu og eftirtektarverðustu fiðluleikurum sinnar kynslóðar.“

Síðustu TÍBRÁR-tónleikar starfsársins eru síðan samkvæmt hefð fluttir á afmælisdegi Kópavogsbæjar, 11. maí. Tónleikarnir nefnast Kliður fornra strauma, íslensk efnisskrá þar sem fram koma þau Bára Grímsdóttir, Sigurður Rúnar Jónsson og Steindór Andreasen.

Hér hefur reyndar aðeins verið stiklað á stóru í efnisskrá tónleikaraðarinnar TÍBRÁ, sem jafnan er uppistaðan í tónleikadagskrá Salarins. Alls verða fluttir sextán tónleikar í TÍBRÁ núna á vorönn og eru flytjendur fjörutíu og fjórir talsins; fjórtán söngvarar og fjórtán strengjaleikarar, tólf píanóleikarar, þrír blásarar og einn slagverksleikari, þar af sextán af erlendu bergi brotnir.

Auk TÍBRÁR-tónleikanna eru fjölmargir aðrir tónleikar á dagskrá Salarins, til að mynda verður hljómsveitin Mannakorn með útgáfutónleika þar eftir um það bil tvær vikur.

Vigdís segist reyndar hafa tekið eftir því að fólk átti sig stundum ekki á því hvað tónleikaröðin TÍBRÁ felur í sér.

„Hvað er TÍBRÁ og hvað er ekki TÍBRÁ? Þetta ruglar fólk stundum í ríminu.“

Svarið er hins vegar einfalt: TÍBRÁ tryggir gæðin.

„TÍBRÁ er tónleikaröð þar sem fólk getur gengið að gæðunum vísum. Við fengum yfir 90 umsóknir í fyrra frá tónlistarfólki, en það komust ekki nema eitthvað á milli 20 og 30 í þessa tónleikaröð. Við tryggjum þarna gæðin.“ ■



**BARNABÁS KELEMAN** Fiðlusnillingurinn ungi mætir öðru sinni í Salinn í apríl, að þessu sinni ásamt konu sinni, Kokas Katalin, sem einnig er fiðluleikari.





ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
Námskeið um Öskubusku og Rossini
Skráningarfrestur: 20. janúar
Skráning í síma: 525 4444 - endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN




Stóra svið

SALKA VALKA
Su 22/1 kl. 20 Fi 26/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

WOYZECK
Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

KALLI Á ÞAKINU
Lau 21/1 kl. 14 UPPS. Su 22/1 kl. 14 UPPS.
Lau 4/2 kl. 14 AUKAS Su 5/2 kl. 14 AUKAS.

CARMEN
Í kvöld kl. 20 Gul kort
Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort
Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort
Lau 28/1 kl. 20 Blá kort
Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
FRUMSÝNT Í FEBRÚAR. MIÐASALA HAFIN

Nýja svið/Litla svið

MANNTAFL
Su 22/1 kl. 20 Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ
Fö 20/1 kl. 20 UPPS. Lau 21/1 kl. 20 UPPS.
Lau 28/1 kl. 20 UPPS. Su 29/1 kl. 20
Mi 1/2 kl 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20
Su 5/2 kl. 20 Fi 9/2 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Í kvöld kl. 20 Fi 26/1 kl. 20
Fö 27/1 kl. 20 Fi 2/2 kl. 20

Naglinn
Í kvöld kl. 20 FORSÝNING MIÐAV. 1000-kr.
Fö 20/1 kl. 20 FORSÝNING MIÐAV. 1000- kr.
Lau 21 /1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 22/1 kl. 20 UPPSELT

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 20/1 örfá sæti laus, lau. 21/1 örfá sæti laus, fös. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 nokkur sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2 örfá sæti laus.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 22/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 29/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00, sun. 12/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fös. 20/1 uppselt, lau. 21/1 örfá sæti laus, sun. 22/1 uppselt, mið. 25/1 uppselt, fös. 27/1 uppselt, lau. 28/1 örfá sæti laus, sun. 29/1 nokkur sæti laus, þri. 31/1 uppselt, mið. 1/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 uppselt, lau. 4/2, sun. 5/2 örfá sæti laus, mið. 8/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2, sun. 12/2 uppselt.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Aðeins þessar sýningar!
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun. 22/1 kl. 18:00 uppselt, sun. 29/1 kl. 18:00 nokkur sæti laus, sun. 5/2 kl. 18:00 örfá sæti laus, sun. 12/2 kl. 18:00 uppselt. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Fös. 20. Jan. kl.20
Lau. 21. Jan. kl.20 örfá sæti laus
Lau. 28. Jan. kl.20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

eftir Jón Atla Jónasson
Hátíðaropnun
Sun. 15. Jan. kl 19.57 uppselt
Fim. 19. Jan. kl 19.57
Sun . 22. Jan. kl 19.57
Fös. 27. Jan. kl. 19.57
Sun. 29. Jan. kl. 19.57
*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Mán. 16. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt
Þrið. 17. Jan.kl. 9 og 11 uppsellt
Þrið. 24. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt
Mið. 25. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Einstakt enskunámskeið
*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799




allt
tilboð
Alla föstudaga




# ORMSSON

**SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800
**SMÁRALIND** SÍMI 530 2900

# ÞAÐ BESTA AF ÞVÍ BESTA

## Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í veggsjónvörpum.

**Sjón og heyrn er sögu ríkari.
Komið í heimabíó-básana okkar
í Smáralind og Síðumúla 9
og kynnist því besta.**



SAMSUNG

**SAMSUNG LE40M61BX**
Háskerpu LCD veggsjónvarp.
*Valið besta LCD Sjónvarpið 2005-2006*
6,4 milljarðar lita
Skerpa 5000:1
***Verð kr. 369.990***

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 LCD TV Samsung LE40M61B




Pioneer

**PIONEER PDP-506XDE/FDE PLASMASKJÁR**
*Valið besta Plasma sjónvarpið 2005-2006*
Skjá stærð 127 cm (50 "r). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4000:1
***Verð frá: 499.900***




Pioneer

**PDP-436XDE/FDE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 "). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3000:1
***Verð frá kr.: 399.900***



LOEWE.

**LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE Individual er skýr sönnun þess.**

**LOEWE INDIVIDUAL**
Skjástærð: 32 tommur 80cm.
HD Ready - HDTV háskerpusjónvarp
Skjáform: 16:9
Upplausn: 1366 x 768 , contrast filter
Innbyggður DVB-T /S stafrænn sjónvarpsmóttakari
Stafrænt inn- og úttengi
Mynd í mynd (PIP)
Textavarp 3500 síðna minni
Birta: 450 cd/m2
Magnari 4x40w
***Verð kr. 299.900***





***VERTU EINSTAKUR/EINSTÖK!***
LOEWE INDIVIDUAL býður upp á allt að 63 valkosti í áferð og lit.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

RADIONAUST
**FURUVÖLLUM 5 · AKUREYRI · SÍMI 461 5003**

Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

# Fínir bílar

**Gerðu góð kaup!**




**BMW X3 dísel Sport**
Nýskr. 04.2005,
5 dyra, bsk., ekinn 7 þ.
Innfluttur nýr af umboði.




**LAND ROVER DISCOVERY III**
Nýskr. 05.2005,
5 dyra, sjsk., ekinn 5 þ.
Innfluttur nýr af umboði.




**TOYOTA LEXUS RX300**
Nýskr. 03.2003,
5 dyra, sjsk., ekinn 64 þ.
Innfluttur nýr af umboði.




**MERCEDES E430 4x4**
Nýskr. 01.2002,
4 dyra, sjsk., ekinn 47 þ.
Innfluttur nýr af umboði.




**PORSCHE CAYENNE TURBO**
Nýskr. 03.2003,
5 dyra, sjsk., ekinn 26 þ.
Innfluttur nýr af umboði.




**TOYOTA LAND CRUISER**
Nýskr. 11.2004,
5 dyra, sjsk., ekinn 14 þ.

bíla land B&L
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230


*It‘s not true. Some have great stories, pretty stories that take place at lakes with boats and friends and noodle salad. Just no one in this car. But, a lot of people, that‘s their story. Good times, noodle salad. What makes it so hard is not that you had it bad, but that you´re that pissed that so many others had it good.*

Lífspeki Melvin Udall er vissulega ekki allra og er kannski full svört sýn á veruleikann en Jack Nicholson fór á kostum í hlutverki sérvitringsins.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Umdeildur snillingur

Roman Polanski má ekki stíga fæti á bandaríska jörð því þá gæti hann verið handtekinn fyrir að hafa haft samræði við stúlku undir lögaldri á áttunda áratugnum. Þótt hann sé útlægur hefur hann fengið óskarsverðlaun og vestrænum leikurum þykir eftirsóknarvert að starfa með honum.
Polanski er fæddur í París árið 1933 en þremur árum síðar fluttist fjölskylda hans til Kraká. Þegar nasistar hertóku landið voru báðir foreldrar hans handteknir og sendir í vinnubúðir. Móðir hans sneri aldrei aftur og föður sinn hitti hann ekki fyrr en eftir stríð. Í ævisögu sinni, Roman, sem kom út árið 1984 sagði Polanski að kvikmyndin væri flótti hans frá því þunglyndi sem oft sótti að honum. Polanski sló í gegn með myndinni Hnífur í vatni eða Noz w Wodzie en eflaust hefur ekki mörgum leikstjórum á þessum tíma tekist að hneyksla formann pólska kommúnistaflokksins og náð að hljóta tilnefningu til óskarsverðlauna sama árið. Polanski neitaði hins vegar að endurgera myndina á ensku þrátt fyrir mörg gylliboð. Upp frá þessu hófst hins vegar mikil frægðarför sem enn sér ekki fyrir endann á en hefur verið þyrnum stráð. Polanski missti eiginkonu sína, Sharon Tate, en hún féll fyrir hendi glæpagengis Charles Manson árið 1969 og gekk þá með barn þeirra hjóna.
Það myndi enginn dirfast að efast um hæfileika þessa Pólverja sem á að baki myndir á borð við Chinatown, Tess, Frantic að ógleymdri Pianist, hans allra persónulegustu mynd. Það myndi heldur enginn segja að Roman Polanski væri allra.



**ROMAN POLANSKI** Var sakfelldur fyrir að hafa mök við stúlku undir lögaldri en hefur iðkað sína list utan Bandaríkjanna með góðum árangri.

# Heimur listagyðjunnar

**Ein af þeim myndum sem beðið hefur verið með hvað mestri eftirvæntingu er Memoirs of a Geisha, Endurminningar geishu. Er það ekki síst fyrir þær sakir að myndin er byggð á samnefndri metsölubók eftir bandaríska rithöfundinn Arthur Golden.**

Memoirs of a Geisha sló í gegn um allan heim og þótti mönnum ótrúlegt að hún skyldi hafa verið skrifuð af „utanbæjarmanni“ en Golden er Bandaríkjamaður. Það er engin tilviljun að bókin skyldi rata á hvíta tjaldið enda lætur Hollywood slíka bók ekki ósnerta.

Það hafa hins vegar fæstir búist við að Rob Marshall fengi þetta margslungna verkefni. Þrátt fyrir að síðasta mynd hans, Chicago, hafi rakað til sín óskarsverðlaunum voru margir sem settu stórt spurningarmerki við hann; Memoirs of a Geisha væri eingöngu annað kvikmyndaverkefnið hans. Það kom raunar fáum á óvart að Marshall skyldi skila svona góðu verki hvað Chicago varðar. Hann hafði reynsluna af Broadway en hvað myndi hann gera með þetta einstaka tækifæri sem ætti ekkert skylt við söngleik?

Sjálfur segist leikstjórinn alltaf hafa verið hrifnastur af kvikmyndum sem gerast á fjarlægum slóðum. Marshall er mikill aðdáandi leikstjórans Davids Lean, sem gerði kvikmyndir á borð við The Bridge on the River Kwai, Lawrence of Arabia og Passage to India, myndir sem allar eru sígildar og eftirminnilegar fyrir glæsileikann fremur en gæðin. „Þegar ég hafði gert Chicago langaði mig til að takast á við eitthvað alveg nýtt. Þegar framleiðendur myndarinnar höfðu samband við mig og spurðu hvort ég treysti mér til að festa þessa bók á filmu svaraði ég umsvifalaust játandi,“ er haft eftir Marshall sem viðurkenndi að hann hefði verið fremur taugaóstyrkur er hann gaf svarið, enda er framleiðandi myndarinnar enginn annar en Steven Spielberg. Marshall segist ekki síður hafa hrifist af sögu stúlkunnar en heimi geishunnar. „Það var ekki síst ferðalag hennar sem hreif mig og með hvaða augum hún sér þessa veröld.“

Memoirs of a Geisha segir sögu Sayuri sem níu ára gömul er seld til hinnar miskunnarlausu Hatsumomo sem þjálfar ungar stúlkur til þess að verða geishur. Sayuri verður fyrir barðinu á afbrýðissemi kennara síns vegna fegurðar sinnar og hæfileika en er bjargað af Mameha. Sú kennir hinni ungu Sayuri að þroska hæfileika sína og kemur henni í kynni við æðstu valdamenn japanska keisaradæmisins.

Það vill svo skemmtilega til að aðalleikonurnar tvær, Ziyi Zhang og Michelle Yeoh, eru ekki að leika saman í fyrsta skipti því þær voru keppinautar í Crouching Tiger Hidden Dragon eftir Ang Lee. Ken Watanabe leikur einnig stórt hlutverk í myndinni en hann sáu Íslendingar síðast í Batman Begins. ■



**FYRRVERANDI KEPPINAUTAR** Ziyi Zhang og Michelle Yeoh voru andstæðingar í kvikmyndinni Crouching Tiger, Hidden Dragon og leika nú saman í Memoirs of a Geisha.

## Sígilt ævintýri

Fá ef einhver ævintýri eru jafn vinsæl og Óliver Twist. Þótt ótrúlegt megi virðast hefur þessi sígilda saga Charles Dickens ekki ratað á hvíta tjaldað nema tvisvar. Fyrst með Alec Guiness í hlutverki Fagins í kvikmyndaútgáfu Davids Lean og svo tuttugu árum seinna í söngleiknum Oliver eftir Carol Reed. Nú er það sir Ben Kingsley sem bregður sér í hlutverk glæpaforingjans sem rekur vasaþjófagengi með harðri hendi í London um miðja nítjándu öldina. ■



**OLIVER TWIST** Munaðarleysingin lendir í klónum á glæpahyski og lærir að stela sér til matar á þeim tíma þegar bilið milli hinna ríku og fátæku var mikið.


DESIRE TO SEE Nútímalist frá Finnlandi



14.1.-5.3.2006
Norræna húsið, Reykjavík
www.nordice.is
þriðjud. - sunnud. kl. 12.00-17.00

Christine Candolin
Tiina Karismaa
Marjukka Korhonen
Anu Osva
Anneli Sipiläinen

Finnska sendiráðið,
Reykjavík
www.finland.is


## Ást og rómantík

Tíu ár eru síðan Colin Firth heillaði hverja stúlkuna á fætur annarri þegar sjónvarpsþáttaröðin Pride & Prejudice var sýnd á RÚV. Þótt ótrúlegt megi virðast hafa ekki verið gerðar margar bíómyndir eftir þessari klassísku sögu Jane Austen og kannski er það af því að enginn hefur getað séð neinn annan en Firth í hlutverki Darcys. Hroki og hleypidómar fjallar fyrst og fremst um fyrstu ástina og rómantíkina. Hún segir frá frú Bennet sem er öll á iði eftir að fréttist að ungur og ríkur hefðarmaður að nafni Charles Bingley ætli sér að setjast að í sveitinni. Þótt það skorti fé er húsmóðirin ákveðin í að koma einhverri af fimm dætrum sínum á sjens, sama hvað tautar og raular.

Ætlun hennar virðist vera að ganga upp þegar herra Bingley fellur fyrir elstu dótturinni, Jane. Þegar systir Bingleys, sem hefur orð á sér fyrir að vera skass, býður Jane til sín ákveður móðirin að taka málin í sínar hendur.Hún sendir stúlkuna út í rigninguna og verður hún að sjálfsögðu veik. Þegar Elizabeth kemur til að hjúkra systur sinni fellur Darcy kylliflatur fyrir henni en ástin er langt frá því að vera auðunnin.

Það er Keira Knightley sem leikur hina iðilfögru Elizabeth Bennet. Hún hefur fengið mikið lof fyrir leik sinn og var meðal annars tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna. Matthew McFadyen fer með hlutverk Darcys en framleiðendur myndarinnar höfðu hann alltaf í huga þegar farið var af stað með verkefnið. Þetta er að kalla hans fyrsta „stórmynd“ en einhverjir sjónvarpsáhorfendur gætu kannast við hann úr þáttaröðinni Spooks. Leikstjóri er Joe Wright en hann leikstýrði einmitt sjónvarpsmyndinni um Karl II sem sýnd var á RÚV fyrir skömmu. ■



Keira Knightley hefur fengið mikið lof fyrir leik sinn í kvikmyndinni og var meðal annars tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna.

# Verðhrun!

## á jólabókum

## 46-57% afsláttur

Fyrstur kemur fyrstur fær

57%* afsláttur




1,990 kr. ~~4,680~~ kr.

57%* afsláttur




1,990 kr. ~~4,680~~ kr.

46%* afsláttur




1,590 kr. ~~2,980~~ kr.

55%* afsláttur




1,990 kr. ~~4,480~~ kr.

57%* afsláttur




1,990 kr. ~~4,680~~ kr.

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



> **Að lepja úr skel..**
> *..getur verið unaðslegt. Ostrur eru lostæti og auk þess kynörvandi.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN:** SIGTRYGGUR MAGNASON, RITHÖFUNDUR OG HUGMYNDASMIÐUR

## Á alltaf kampavín í ísskápnum

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Ég held ég verði að segja rauðvín. Og ef rauðvín er ekki matur, þá kampavín.

**Fyrsta minningin um mat?**
Held að það hafi verið ostur sem hafði fyrir röð óheppilegra tilviljana legið í sólbakaðri gluggakistu of lengi, varð seigur og hálfkæstur. Afleiðingarnar urðu áratugs hlé á ostaneyslu.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Bestu máltíðirnar hafa fallið í skuggann af konunni minni sem ég hef snætt þær með.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Þegar það sem ekki er hægt að borða með góðu móti er hakkað og troðið inn í görn og kallað bjúgu þá segi ég stopp.

**Leyndarmál úr ísskápnum?**
Ljósið slokknar þegar maður lokar.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?**
Magnyl eða lakkrís.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Kampavín. Það er aldrei að vita hvenær brestur á með stórkostlegum atburðum. Kári er alltaf að finna ný meingen, íslenskir auðjöfrar verða stöðugt ríkari og fylgi Framsóknarflokksins minnkar.

**Uppáhaldsveitingastaðurinn?**
Le Nain í París en þar eru bara dvergar sem þjóna til borðs. Eini maðurinn í fullri stærð er kokkurinn en hann er samt frekar smávaxinn.



**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?**
Eitthvað sem hægt væri að búa til bát úr, til dæmis risastóra önd.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Sandur, en það er svolítið langt síðan.

FAXE:

## Þorrabjórarnir sterkir




Léttvín gengur fremur illa með þorramatnum af mörgum ástæðum. Bjór og snafs eiga betur við eins og margir hafa reynt. Faxe býður upp á tvo bjóra sem virka vel með þorramatnum. Annars vegar Faxe 10% sem hefur komið mörgum á óvart fyrir það hversu óvenju mildur hann er miðað við styrkleika. Engu að síður má finna að hér er á ferðinni kraftakarl sem kallar ekki allt ömmu sína og þaðan af síður þorramatinn. Má segja að hér sé á ferðinni bjór sem er allt í senn, bjór og snafs í einum teyg. Hinn bjórinn er Faxe Festbock 7,7%, dökkur lager en bragðmikill og fer því vel með sterkum og lyktandi mat. Þetta er bjór sem deyr ekki í munni þrátt fyrir feitan mat sem þorrafæðið er.

*Verð í Vínbúðum í 50 cl dósum: Faxe 10% 399 kr. og*







# Sykurlaus eplakaka Hildar

**Veitingastaðir sem setja heilsuna í öndvegi njóta vaxandi vinsælda hér á landi. Nýverið opnaði í Stórhöfða 17 heilsustaðurinn Aftur til náttúru sem hefur á boðstólnum fjöldann allan af lífrænt ræktuðum og vistvænum vörum.**



**Á NÝJA STAÐNUM** Frá vinstri: Hildur, systir hennar Helena og Ásdís lukkulegar á nýja veitingastaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrir þá sem ekki vita hvað lífrænt ræktað er og hvað er vistvænt má nefna sem dæmi að lífrænt ræktað grænmeti hefur ekki verið úðað með skordýraeitri og vistvæn egg eru fengin frá hænum sem fá að spígspora úti í náttúrunni. Mikil áhersla er jafnframt lögð á hreinleika og hollustu afurða.

„Fólk er orðið miklu meira meðvitað um hvað það er að láta ofan í sig og hvað það vill bjóða börnunum sínum upp á, sem betur fer," segir Hildur Hilmarsdóttir, einn af eigendum staðarins. „Hérna erum við til dæmis með í hádeginu súpu og salatbar og speltbrauð ásamt rétti dagsins. Við erum líka með grænmetisböku og crépes með hýðishrísgrjónum og sykurlausar kökur," segir hún.

Hildur segist hafa fengið áhuga á heilsuréttum fyrir þremur árum út af móður sinni, Matthildi Þorláksdóttur, sem lærði náttúrulækningar í Þýskalandi og er með stofu í sama húsi og veitingastaðurinn er. Auk Hildar starfa á staðnum systir hennar Helena, Ásdís Gunnlaugsdóttir og Sólborg, systir Matthildar. Þetta er því sannkallað fjölskyldufyrirtæki.

Vörurnar flytja þær stöllur inn frá Þýskalandi, en auk matarins bjóða þær m.a. upp á lífrænar bleiur.

Hér gefur Hildur uppskrift að sykurlausri eplaköku

freyr@frettabladid.is

### SYKURLAUS EPLAKAKA

2 vistvæn egg
3/4 dl olía (ekki ólífuolía)
1 dl agave-sýróp
1 1/2-2 dl lífrænt fínmalað speltmjöl
1 1/2 tsk vínsteinslyftiduft

2 lífræn epli
3 msk agave-sýróp
kanill eftir smekk

Eplin eru skorin í bita og þeim velt upp úr þremur matskeiðum af agave-sýrópi. Kanilnum er síðan stráð yfir. Öllu hinu er blandað saman og hellt í form. Því næst eru eplin sett yfir deigið og kakan bökuð í um 45 mínútur við 160 gráður. Best er að setja álpappír yfir formið áður en því er skellt í ofninn.

**Vanillukrem:**

120 gr lífrænt smjörlíki frá Rapúnzel
1 dl agave-sýróp
1 tsk lífrænt vanilluduft
1/2 dl sojarjómi
Örlítið lífrænt kartöflumjöl til að þykkja kremið

Vanillukreminu er síðan hellt yfir kökuna þegar hún er orðin volg.

Hildur mælir ekki með því að nokkuð sé drukkið, hvorki með borgaranum né eplakökunni. Ekki skal drekka með mat, heldur fyrir og eftir matinn, því vatn eða aðrir drykkir þynna meltingarvökvann þannig að maturinn nær ekki að meltast nógu vel.

A MANO OG PROMESSA:

## Nýi árgangurinn framúrskarandi

Vín frá Puglia-héraði á syðsta odda Ítalíu hafa náð miklum vinsældum á Norðurlöndum allra síðustu ár. Fjöldamörg vín hafa komið fram á sjónarsviðið en það vín sem lengstum hefur dregið vagninn og mestra vinsælda notið heitir A Mano. Hér á landi hefur það verið mjög vinsælt enda traust og gott vín á hagstæðu verði. Nú er kominn nýr árgangur í Vínbúðirnar og þykir hann sá allra besti hingað til. „Árið 2003 sprakk út í höndunum á okkur," segir maðurinn á bak við A Mano, ameríski víngerðarmaðurinn Mark S. Shannon. Hann fluttist til Puglia fyrir nokkrum árum og ákvað í samstarfi við konu sína Elvezia að hefja vínrækt. Á undraskömmum tíma hafa vín þeirra vakið heimsathygli. Ekki síður vekur athygli að Ameríkani skuli gera innrás í ítalska vínmenningu þar sem hefðin er sterk og menn ekki mikið fyrir að láta einhverja útlendinga segja sér fyrir verkum. En heimamenn tóku Shannon í sátt um leið og þeir smökkuðu á hinum frábæru vínum þeirra hjóna sem hafa unnið til fjölda verðlauna síðustu ár. Auk A Mano fást önnur vín frá þeim hér á landi, Promessa Rosso Salento og Promessa Negroamaro.







*Verð í Vínbúðum: Promessa Rosso Salento kostar 990 kr. í flösku en 3.590 kr. í 3 lítra kassa. PromessaNegroamaro og Amano kosta 1.090 kr.*

## SANTA CRISTINA:

# 2004 árgangurinn sá besti frá upphafi?

Undanfarin ár hafa verið hagstæð ítalskri víngerð ef undan er skilið hið erfiða ár 2002. Vínáhugamenn bíða spenntir eftir því hvernig uppskera síðasta hausts kemur út en veðurfar var einkar hagstætt. Árin á undan, 2003 og 2004, voru mjög góð á Ítalíu eins og fram kemur í annarri grein hér á opnunni um vín frá Suður-Ítalíu. Misjafnt er eftir vínum og svæðum hvernig útkoman var en hún var oftast mjög góð og í sumum tilfellum framúrskarandi. Sem dæmi má nefna að 2004-árgangurinn af hinu kunna borðvíni Santa Cristina þykir einn sá besti frá upphafi. Til dæmis var vínið valið vín vikunnar í Wine Spectator og fékk hæstu einkunn fyrir verð og gæði í biblíu ítalskra vína, Gambero Rosso.



Fá rauðvín hafa verið jafn lengi fáanleg á Íslandi og Santa Cristina. Það hefur áratugum saman verið mest selda vínið frá Toskana hérlendis. Vínið hefur tekið miklum breytingum í áranna rás og er eitt besta dæmið um hve þróunin í ítalskri víngerð hefur verið mikil en þar hefur Antinori greifi verið brautryðjandi. Hann breytti víninu á níunda áratugnum, tók það úr tágaflöskunni og gerði það þéttara og kraftmeira. Síðar hóf hann að blanda merlot-þrúgunni við hina klassísku sangiovese-þrúgu til að gera vínið mýkra og meira aðlaðandi. Þessar breytingar hafa viðhaldið vinsældum Santa Cristina og hefur það hlotið fjölmörg verðlaun og nánast verið áskrifandi að titlinum „bestu kaup" í ítölskum vínum. Vín sem hentar með grillinu og með flestum pastaréttum þar sem kjöt kemur við sögu. Einnig hentar það með fiskréttum ef vínið er aðeins kælt.

Antinori-fjölskyldan hefur ræktað vín óslitið í sex aldir. Útflutningur var hins vegar lítill er Piero Antinori tók við en hann hefur gert fyrirtækið að alþjóðlegu stórveldi á sviði vínframleiðslu. Undanfarin ár hefur framganga dætranna Allegra, Albiera og Alessia vakið mikla athygli en þær hafa sýnt mikla hæfileika í víngerð.

Verð í Vínbúðum 1.090 kr.
Fæst einnig í hálfflöskum á 590 kr.



ANTINORI SYSTURNAR

## VEITINGASTAÐURINN

## ÓSUSHI




# Færiband í Tókýó-stíl

**Hver og hvar:**
Ósushi er í Lækjargötu 2, annarri hæð.

**Hvernig er stemningin?**
Léttur og nútímalegur staður í anda svipaðra sushi-staða í stórborgum, og er staðsettur á annarri hæð í bókabúðinni Iðu. Maturinn hringsólar á færibandi framhjá sætunum eins og gjarnan er venja á japönskum skyndibitastöðum. Þetta skapar skemmtilega buffetstemningu þar sem gestir geta valið það sem þeim sýnist girnilegast á færibandinu.

**Matseðillinn:**
Hér er að finna klassískt sushi og sashimi, aðra japanska rétti eins og teriyaki og misosúpu sem er búin til úr sojabaunum og þangi. Það er geysilega mikið úrval af sushi, bæði með hvítum fiski, laxi og túnfiski og svo með reyktri önd, hvalkjöti eða smokkfiski, ásamt nori-rúllum fylltum með fiski eða grænmeti. Fiskurinn er dásamlega ferskur og auðvitað borinn fram með fersku engifer, japanskri sojasósu og wasabi. Einnig er hægt að fá aðra rétti sem eru ekki með hrámeti, og eftirrétti eins og creme brulée.

**Vinsælast:**
Sushi-ið er langvinsælast ásamt misosúpu í forrétt að japönskum sið. Laxatartar er sérstaklega gott og einnig rækju-futomaki.

**Réttur dagsins:**
Oft er boðið upp á salöt, súpur eða samlokur í hádeginu, allt einstaklega frumlegt og bragðgott.

**Gott að vita:**
Sushi þýðir „með hrísgrjónum" á japönsku og sushibitar eru borðaðir í Japan með fingrunum. Láttu fiskinn snúa niður þegar þú dýfir honum í sojasósuna. Notaðu hins vegar prjóna á sashimi, en það er hrár fiskur án hrísgrjóna.

**Verð:** Diskarnir með mismunandi réttum á kosta frá 200 krónum upp í 500 krónur og því er verð á máltíð mjög mismunandi eftir því hversu svangur þú ert.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**SIGURVEGARI KVÖLDSINS** Brokeback Mountain var sigurvegari kvöldsins en myndin fékk fern verðlaun, þar á meðal sem besta myndin, besta handritið og besta leikstjórn en hér eru einmitt framleiðandinn James Schamus, Diana Ossana og Ang Lee með afrakstur kvöldsins.



**SKEMMTILEG RÆÐA** Hugh Laurie var stórskemmtilegur uppi á sviði og sagðist hafa skrifað yfir 150 nöfn á litla miða sem hann gæti þakkað. Leikarinn dró síðan þrjú nöfn af handahófi til að svekkja engan.



**CECIL B. DEMILLE-VERÐLAUNIN** Anthony Hopkins var heiðraður á hátíðinni og fékk hin mjög svo virtu Cecil B. DeMille verðlaun en Hopkins þykir einn allra besti leikari okkar tíma.



**SIGRAÐI AÐÞRENGDU EIGINKONURNAR** Mary Louise Parker kom, sá og sigraði Aðþrengdu eiginkonurnar en hún leikur í þáttaröðinni Weeds sem sýnd er á sjónvarpsstöðinni Sirkus.



**SIGURSÆL** Bæði Reese Witherspoon og Joaquin Phoenix hrepptu Gullhnöttinn fyrir leik sinn í Walk the Line sem lýsir fyrstu kynnum June Carter og Johnny Cash.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



**PÓLITÍSKUR TRYLLIR** Rachel Weisz vann frekar óvænt fyrir leik sinn í pólitíska tryllinum The Constant Gardner en hér er hún ásamt Adrien Brody og Natalie Portman.



**FYRSTI KVENFORSETINN** Geena Davis leikur fyrsta kvenforsetann í Bandaríkjunum í þáttunum Commander in Chief. Meðleikari hennar Donald Sutherland var einnig tilnefndur en bar ekki sigur úr býtum.

# BROKEBACK FJALLIÐ GNÆFÐI YFIR ÖLLU

Golden Globe-verðlaunin voru afhent aðfaranótt þriðjudags á Beverly Hills-hótelinu og var mikið um dýrðir að venju. Það eru samtök erlendra blaðamanna í Hollywood sem standa að þeim og þykja þau gefa ágætis vísbendingu um það sem koma skal á Óskarnum.

Hommakúrekamyndinni Brokeback Mountain hafði verið spáð mikilli velgengni enda var hún tilnefnd til sjö verðlauna. Það fór einnig svo að þessi hugljúfa og rómantíska ástarmynd Ang Lee fékk fjóra gullknetti en þó engan fyrir leik sem kom töluvert á óvart því margir höfðu spáð Heath Ledger sigri fyrir leik sinn sem Ennis Del Mar. Það var hins vegar Phillip Seymour Hoffman sem hirti þau fyrir leik sinn í Capote. Felicity Huffman, sem er sjónvarpsáhorfendum að góðu kunn fyrir leik sinn í Aðþrengdum eiginkonum, fékk sinn Gullhnött sem Stanley „Bree“ Osbourne Lee í Transamerica en myndin segir frá kynskiptingi sem fer að leita að syni sínum en sá er hinn mesti vandræðagemsi.

Ang Lee getur þó ekkert farið að taka til í hillunni hjá sér því hann fær eflaust harða samkeppni þegar Óskar frændi verður afhentur en kvikmyndin Walk the Line fékk þrenn verðlaun í flokki gaman- eða söngmynda. Voru aðalleikararnir Reese Witherspoon og Joaquin Phoenix bæði meðal sigurvegara en þau þykja fara á kostum sem June Carter og Johnny Cash.

Það voru hinn breski Hugh Laurie og bandaríski gamanleikarinn Steve Carrel sem stálu hins vegar senunni því ræður þeirra þóttu mjög fyndnar en þeir voru báðir verðlaunaðir fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttum.






Módelteikning
Málun
Vatnslitun
Íkonamálun
Hönnun
Keramik
og
Fjölbreytt námskeið fyrir börn og unglinga
www.myndlistaskolinn.is




**EFTIRMINNILEGUR CAPOTE** Phillip Seymour Hoffman hirti Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína sem Truman Capote en leikur hans þykir stórbrotinn.

**VALDAMIKILL** George Clooney er að verða gríðarlega valdamikill í Hollywood en hann fékk Golden Globe-hnöttinn fyrir leik sinn í Syriana.



**EKKI BARA EIGINKONA** Felicity Huffman sigraði á Emmy fyrir leik sinn í Aðþrengdum eiginkonum. Hún átti heldur ekki í miklum erfiðleikum með að landa Golden Globe-verðlaununum fyrir frammistöðu sína í Transamerica.

# ENN MEIRI AFSLÁTTUR

## AF ÚTSÖLUVÖRUM

NEXT

KRINGLUNNI

Nýtt í bíó

„Mannbætandi gullmoli“ - S.V. MBL

HLAUT 4 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
FYRIR M.A. BESTA MYND, BESTI LEIKSTJÓRI OG BESTA HANDRIT

BROKEBACK MOUNTAIN
EPÍSKT MEISTARAVERK FRÁ ANG LEE

„Cheaper by the Dozen 2 er falleg og skemmtileg fjölskyldumynd, sem heppnast hreint ágætlega“ - MMJ Kvikmyndir.com
Eins og það sé ekki nóg að ala upp 12 börn
Prófaðu að fara með þau öll í fríið!
STEVE MARTIN
CHEAPER BY THE DOZEN 2
Sprenghlægilegt framhald.
Steve Martin fer enn og aftur á kostum

SJÚKUSTU FANTASÍUR ÞÍNAR VERÐA AÐ VERULEIKA!
Stranglega bönnuð innan 16 ára
HOSTEL

A LITTLE TRIP TO HEAVEN
KB BANKI

„...mikið og skemmtilegt sjónarspil...“ - HJ MBL
BROTHERS GRIMM

VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8, og og 10.45 |
| CHEAPER BY THE DOZEN 2 | kl. 4, 6 og 8 |
| HOSTEL | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| BROTHERS GRIMM | kl. 5.30 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA
HOSTEL kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
BROTHERS GRIMM kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| JUST FRIENDS | kl. 10 |
| CHEAPER BY THE DOZEN 2 | kl. 6 og 8 |
| HOSTEL | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6, B.I. 14 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA "AMERICAN BEAUTY"
JARHEAD
Sýnd kl. 5:40, 8 og 10:30
Sprenghlægilegt framhald. Steve Martin fer enn og aftur á kostum
CHEAPER BY THE DOZEN 2
Sýnd kl. 6 og 10
Just Friends
Sýnd kl. 8
DRAUMALANDIÐ
Sýnd kl. 6 ísl. tal
www.laugarasbio.is



SYNCRO
Heyrnartæki með gervigreind

- Afgreiðslutími innan þriggja vikna
- Bjóðum margar tegundir af sjálfvirkum, stafrænum heyrnartækjum
- Verð frá 47.000 – 170.000 kr fyrir eitt tæki
- Persónuleg og góð þjónusta

Erum með þjónustu á Akureyri - Ísafirði - Egilsstöðum
Heyrnartækni
Betri heyrn -bætt lífsgæði
www.heyrnartaekni.is
Glæsibær Álfheimum 74 104 Reykjavík • Tryggvabraut 22 600 Akureyri • sími: 568 6880


# Fljótandi kamelljón

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN



**ANIMAL COLLECTIVE:**
FEELS

**Niðurstaða:** Á þriðju breiðskífu sinni hljóma Animal Collective meira dáleiðandi en áður. Tilraunamennskan er enn aðalsmerki þeirra og sveitin er síbreytilegri en kamelljón.

Að hlusta á Animal Collective er svolítið eins og að fá safndisk í hendurnar sem fer yfir sögu tilraunakenndrar tónlistar síðustu þrjá áratugina.

Það er nefnilega ekki hægt að segja að þessi dúett frá New York hafi sinn eigin stíl, eða þá neinn ákveðinn stil ef út í það er farið, því þau vaða úr einu í annað. Það er skipt svo svakalega um gír á milli laga að það er nánast hægt að segja að hvert lag hafi sinn eigin stíl. Þannig minna þau kannski á Low í einu lagi, George Harrison og svo á múm. Í lokalaginu takast þau meira að segja á við blúsinn og hljóma þar eins og The White Stripes myndu gera ef þau böðuðu sig í effektum.

Þau hljóma líka allt öðruvísi en þau gerðu á síðustu plötu, Sung Tongs. Það iðar allt af sköpunarkrafti í herbúðum Animal Collective og greinilegt að tónparið Panda Bear og Avey Tare er lítið fyrir það að endurtaka sig.

Þetta er virkilega seiðandi og fljótandi plata. Ekki eins erfið fyrir eyrun og fyrri verk og nokkur laganna gætu auðveldlega ruggað manni í þægilegan svefn. Loch Raven er besta dæmið, ambíent-skotið lag sem fær mann til að dagdreyma.

Að sama skapi er ekki mikið um áberandi toppa á plötunni. Hún rennur í gegn án þess að rugla mann of mikið í ríminu, en líka án þess að framkalla gæsahúð eða slá mann utanundir. Það er auðvitað einkenni plötu sem síðar á eftir að teljast klassísk og það vantar sárlega hér. Það eru því eflaust eingöngu grúskarar sem eiga eftir að leggja við eyru og njóta.

Þetta er vandað og vel unnið verk, sem á þó eflaust ekki eftir að skilja mjög mikið eftir sig. Það myndi svo sem ekki skemma fyrir þessu hæfileikaríka fólki að þrengja rammann örlítið og finna í kjölfarið sinn eigin stíl svo að þau geti þá leyft sér að blómstra.

**Birgir Örn Steinarsson**


Handbók Ferðamálastofu fyrir árið 2006 er komin út

Þetta er viðamikið rit en bókin er í raun prentuð útgáfa af gagnagrunni Ferðamálastofu sem geymir upplýsingar um vel á annað þúsund ferðaþjónustuaðila um allt land. Einnig er að finna í bókinni ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir ferðafólk.

Bókin skiptist í 7 kafla:
Almennar upplýsingar, Á döfinni, Samgöngur, Gisting, Afþreying, Menning & listir og Veitingastaðir.

Handbókin er gefin út á íslensku og ensku og er mikilvægt uppflettirit fyrir alla þá sem starfa að skipulagningu og upplýsingagjöf í ferðaþjónustu. Bókin er seld í áskrift og kostar 6.000 kr. Afsláttur er veittur ef fleiri en eitt eintak er keypt. Bókina má panta á www.ferdamalastofa.is

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Ferðamálastofu á Akureyri í síma 464-9990 eða með því að senda póst á netfangið: upplysingar@icetourist.is

Ferðamálastofa
www.ferdamalastofa.is



DV
Kaupþingsmaður er stærsta stjarna norska markaðarins
Hreiðar nær í þá bestu
Þorir þegar aðrir þegja!

HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI




ÁLFABAKKI

| | |
|---|---|
| JARHEAD | KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16 |
| JARHEAD VIP | KL. 8-10:30 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10:20 |
| DOMINO | KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8 |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5 |
| KING KONG | KL. 6-9:30 B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4.20 |

KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 8-10 |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | KL. 8-10 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 |
| JARHEAD | KL. 8-10:15 B.I. 16 |
| DOMINO | KL. 8-10:15 B.I. 16 |
| KING KONG B.I. 12 | KL. 4:50 |

KRINGLAN

| | |
|---|---|
| PRIDE & PREJUDICE | FORSÝND KL. 8 |
| DOMINO | KL. 10:40 B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6-9 B.I. 12 |
| KING KONG | KL. 9 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6 B.I. 10 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 |

SAMBÍÓIN

HÁSKÓLABÍÓ

| | |
|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6 |
| KING KONG | KL. 9 B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10 |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6-9 B.I. 10 |

| | |
|---|---|
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 5:30-8 |
| SANKTI ANGE - SAINT ANGE | KL. 5:50-10:10 |
| NAÐRAN - VIPÉRE AU PONG | KL. 8 |
| TALAÐ FYRIR DAUFUM EYRUM - CAUSE TOUJOURS | KL. 10:30 |

Háskólabíó




**MORRISSEY** Tónlistarmaðurinn virti gefur út nýja plötu í apríl.

# Ný plata í apríl

Tónlistarmaðurinn Morrissey, sem áður var í hljómsveitinni The Smiths, gefur út nýja plötu 3. apríl sem nefnist Ringleader of the Tormentors.

Tveimur vikum seinna fer Morrissey í tónleikaferð um Bretland þar sem hann mun halda 29 tónleika. Síðasta plata Morrissey, You Are the Quarry, kom út árið 2004 og fékk mjög góðar viðtökur. Þar áður hafði hann ekki gefið út plötu í sjö ár, allt síðan Maladjusted kom út. Fékk hún slæm viðbrögð gagnrýnenda.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Óskarsverðlaunaleikkonan Hilary Swank neitar að gefa hjónaband sitt upp á bátinn. Tilkynnt var um skilnað hennar og Chad Lowe á dögunum en Swank hætti með Lowe seint á síðasta ári og eyddi jólunum án hans. „Þetta er ekki búið, við erum ekki skilin," sagði Swank. „Við höfum verið saman í 13 ár og ástin er enn til staðar. Við erum ennþá gift." Hafa þau leitað aðstoðar hjá hjónabandsráðgjafa undanfarið í von um að bjarga hjónabandinu.

Leikarinn Joaquin Phoenix tapaði veðmáli við vin sinn Ryan Philippe þegar hann vann Golden Globe-verðlaunin fyrir hlutverk sitt í Walk the Line. Þurfti Phoenix að punga út rúmum 13 þúsund krónum af því að hann hafði enga trú á að hann myndi hljóta verðlaunin. Philippe er kvæntur Reese Witherspoon sem fer með hitt aðalhlutverkið í myndinni.



Fjórtán ára hjónaband söngkonunnar Whitney Houston og Bobbys Brown stendur víst á brauðfótum um þessar mundir og eru þau að íhuga skilnað. Brown sást nýverið daðra við hóp fegurðardísa baksviðs á tónleikum í Connecticut. Þegar hann var spurður út í eiginkonuna sagðist hann vera að skilja við hana og því mætti hann alveg daðra eins og hann vildi.

Leikarinn Harrison Ford hefur gefið þeim Steven Spielberg og George Lucas tveggja ára frest til að byrja á fjórðu myndinni um fornleifafræðinginn Indiana Jones. Ford, sem er 63 ára, segist ekki nenna að bíða lengur eftir því að byrja á myndinni. „Ég hef ekki verið svona jákvæður vegna framvindu myndarinnar í langan tíma. En ef hún verður ekki gerð á næstu tveimur árum ættum við bara að gleyma henni," sagði Ford.




GÓLF-MOTTUR við innganginn borga sig

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

CORAL

Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is



# Rauðmagi 59 kr.stk.

## Hrogn, línuýsa, þorskflök, lúðusneiðar, lúðuflök, rauðsprettuflök, lax

| | | |
|---|---|---|
| Fiskbúðin Hafrún | Fiskbúðin Árbjörg | Fiskbúðin Vör |
| Skipholti 70 | Hringbraut 119 | Höfðabakka 1 |
| Sími 553 0003 | Sími 552 5070 | sími 587 5070 |



## Ísland í 95. sæti

Íslenska landsliðið í knattspyrnu er í 95. sæti á nýútgefnum styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Ísland hefur fallið um eitt sæti frá því í síðasta mánuði en nokkuð er síðan liðið lék sinn síðasta leik. Það er Brasilía sem situr sem fyrr í efsta sæti listans.

# sport

sport@frettabladid.is

**LOGI GEIRSSON HANDBOLTAKAPPI:** NOTAR MEIÐSLAFRÍIÐ Í AÐ ÞRÓA NÝJA BLÖNDU AF HÁRGELI

## *„Hver vill ekki vera með gott gel?“*

Handboltamaðurinn Logi Geirsson er frægur fyrir að fara sínar eigin leiðir. Það er nokkuð þekkt að Logi notar töluvert af hárvörum og sjaldan lætur hann sjá sig nema með vænan skammt af geli. Nú er Logi að þróa nýja tegund af hárvörum sem hann vill meina að sé nokkuð góð blanda af vaxi og geli. „Ég er búinn að vera að mixa þetta í svolítinn tíma. Ég ákvað að fara út í að gera góða blöndu af geli þar sem maður kaupir nú einn til tvo brúsa af hárvörum í hverjum mánuði. Mér datt þetta í hug þar sem maður er þekktur fyrir að vera með gel í hárinu að staðaldri.“ Spurður hvort þetta hafi komið vel út segir Logi að sumar blöndurnar hafi virkað mjög vel en aðrar ekki. „Ég keypti mér sérstakan blandara fyrir þetta og talaði við nokkra einstaklinga sem vita um hvað þeir eru að tala og hef síðan verið að þróa þessa blöndu upp frá því. Þetta er allt að koma og ég er bara nokkuð spenntur yfir þessu. Ég er að minnsta kosti byrjaður að nota mitt eigið efni og það virkar nokkuð vel,“ segir Logi en hann klippir jafnan hárið á sér sjálfur þar sem hann treystir engum utanaðkomandi til að fara höndum um ljósu lokkana.



Þegar hann er spurður hvort hann stefni á markaðssetningu á efnunum segir hann það koma vel til greina. „Hver veit, það er aldrei að vita. Hver vill ekki vera vatnsgreiddur með gott gel? Maður er búinn að vera að nýta meiðslatímann í hitt og þetta og ég er nú ekki einn af þeim sem er þekktur fyrir að fá þessar venjulegu hugmyndir þannig að ég ákvað bara að láta slag standa og prófa þetta. Þetta hefur nú eiginlega komið nokkuð vel út, jafnvel betur en ég þorði að vona,“ segir Logi að lokum.

## > Brynjar með persónulegt met

Brynjar Þór Björnsson, körfuboltamaður úr KR, setti persónulegt met þegar hann skoraði 62 stig gegn liði FSU í viðureign liðanna í drengjaflokki í fyrradag. Leikurinn endaði með 105-73 sigri KR sem þýðir að Brynjar skoraði rétt tæpan þriðjung stiga KR. Brynjar Þór var með frábæra nýtingu í leiknum og skoraði meðal annars 11 þriggja stiga körfur úr 17 tilraunum þar sem þrjú síðustu skotin geiguðu. Brynjar Þór hafði áður skorað mest 48 stig í einum leik.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

16 17 18 **19** 20 21 22

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- ☐ 20.00 **Ísland** og **Frakkland** mætast í æfingaleik í handbolta í Laugardalshöllinni.
- ☐ 19.15 **Skallagrímur** og **Keflavík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Borgarnesi.
- ☐ 19.15 **Fjölnir** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Grafarvogi.
- ☐ 19.15 **Grindavík** og **Þór Ak.** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Grindavík.
- ☐ 19.15 **Njarðvík** og **KR** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Njarðvík.
- ☐ 19.15 **Snæfell** og **ÍR** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Stykkishólmi.

### SJÓNVARP

- ☐ 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- ☐ 18.12 **Sportið** á Sýn.
- ☐ 20.00 **Landsleikur í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Íslendinga** og **Frakka.**
- ☐ 20.30 **Sterkasti maður heims** á Sýn. Boris Haraldsson tók þátt í þessari keppni sem fram fór í Kína á síðasta ári.
- ☐ 21.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK - ÍS | 84-66 |
| KR - HAUKAR | 40-109 |

*Enska bikarkeppnin:*

| | |
|---|---|
| EVERTON - MILLWALL | 1-0 |

1-0 Tim Cahill (72).

| | |
|---|---|
| MAN. UTD - BURTON ALBION | 5-0 |

1-0 Louis Saha (7.), 2-0 Giuseppe Rossi (23.), 3-0 Kieran Richardsson (52.), 4-0 Ryan Giggs (68.), 5-0 Giuseppe Rossi (91.).

# Frakkar eru ógnarsterkir

**Íslenska landsliðið í handbolta mætir gríðarlega öflugu liði Frakka í æfingaleik í kvöld sem landsliðsþjálfarinn telur líklegt til að standa uppi sem Evrópumeistari í næsta mánuði. Stefnt er að því að fylla Laugardalshöllina í kvöld.**

**HANDBOLTI** „Landslið Frakka er ógnarsterkt og eitt af þeim liðum sem er líklegast til að standa uppi sem sigurvegari á EM í Sviss,“ segir Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska landsliðsins, sem tekur á móti franska liðinu í síðustu æfingaleikjunum fyrir EM í kvöld og á sunnudag. Viggó telur að um mikla prófraun sé að ræða fyrir íslenska liðið.

„Við sjáum fyrst raunverulega hvar við stöndum eftir þessa leiki.“ Eins og flestum ætti að vera kunnugt hefur Ísland ekki tapað í síðustu 16 leikjum sínum og eru margir farnir að spá liðinu góðu gengi á EM. Eins og venjulega gerir þjóðin miklar væntingar til strákanna sinna – væntingar sem Viggó telur af hinu góða. „Það liggur í þjóðarsálinni að við erum metnaðarfull þjóð og við förum ekki út í nein verkefni nema að vera með stór markmið og ég held að það breytist ekkert núna. Við erum alveg óhræddir að heyra það að fólk ætlast til mikils af okkur,“ segir Viggó en hans fyrsta markmið með lið sitt er að koma því upp úr undanriðlinum. „Og þá vonandi með fjögur stig í farteskinu.“

Einar Hólmgeirsson er sammála Viggó með það að staða mála mun skýrast svolítið eftir þessa leiki við Frakka. „Ef við komumst nokkuð klakklaust í gegnum þá leiki og sleppum við meiðsli þá er ég bara mjög bjartsýnn fyrir mótið. Viggó er búinn að vera með okkur í rúmlega ár núna og mér finnst það skína svolítið í gegn hjá hópnum að andinn er góður og sjálfstraustið er meira en oft áður.“

Undir orð Einar tekur Ólafur Stefánsson fyrirliði íslenska liðsins. „Ástandið á liðinu er mjög gott. Ég get auðvitað einungis talað fyrir mig en mér finnst strákarnir vera í frábæru standi. Ég sjálfur er til dæmis í miklu betra formi heldur en fyrir mótið í Túnis í fyrra.,“ segir Ólafur.



**GRÍÐARLEGA ÖFLUGIR** Franska liðið hefur yfir gríðarlegri breidd að ráða og getur nánast stillt upp tveimur jafngóðum mönnum í hverja stöðu. Hér sést skyttan Daniel Narcisse bókstaflega valta yfir Þjóðverjann Wolker Zerbe í viðureign liðanna á ÓL í Aþenu síðasta sumar. Hann verður í Laugardalshöllinni í kvöld og á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Umgjörðin fyrir leik kvöldsins verður með glæsilegasta móti og er stefnt að því að smala sem flestum áhorfendum saman í endurbættri Laugardalshöll. Á staðnum verða væntanlega fjöldi gamalla landsliðsmanna þar sem HSÍ hefur ákveðið að bjóða öllum þeim sem leikið hafa yfir 100 landsleiki fyrir Íslands hönd á völlinn.

**tomas@frettabladid.is**



**ERFITT VERKEFNI** Viggó Sigurðsson og Bergsveinn Bergsveinss þurfa að láta lærisveina sína hitta á toppleik ef þeir ætla að vinna Frakka.




Burton náði ekki að búa til kraftaverk í gærkvöld:

## Skyldusigur hjá Man. Utd.

**FÓTBOLTI** Manchester United átti ekki í miklum vandræðum með að innsigla sigur gegn utandeildarliðinu Burton Albion í lokaleik þriðju umferðar ensku bikarkeppninar í gærkvöldi. Man. Utd. sigraði 5-0 þar sem þeir Louis Saha, Guiseppe Rossi, Kieron Richardsson og Ryan Giggs skoruðu mörkin en þrátt fyrir tapið börðust leikmenn Burton eins ljón allan leikinn og uppskáru þeir duglegt lófaklapp frá stuðningsmönnum beggja liða í leikslok.

Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., stillti ekki upp sínu sterkasta liði í leiknum og leyfði skærustu stjörnum sínum að hvíla sig. Það virtist í upphafi hafa verið rangur leikur hjá skotanum þar sem Burton var síst lakari aðilinn. En smám saman náðu þeir rauðklæddu undirtökunum og eftir að liðið hafði náð að brjóta ísinn var sigurinn aldrei í hættu. **- vig**



**MARKI FAGNAÐ** Louis Saha, Ole Gunnar Solskjaer og Guiseppe Rossi fagna marki þess fyrstnefnda í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ÚR SPORTINU

Sinisa Kekic hjá Grindavík er augljóslega ekki dauður úr öllum æðum og er ennþá í fínu formi þrátt fyrir að vera orðinn 36 ára gamall. Hann gerði sér lítið fyrir í fyrrakvöld og skoraði fernu fyrir Grindavík í æfingaleik gegn Reyni Sandgerði. Kekic skoraði öll mörkin í fyrri hálfleik en Grindavík sigraði leikinn 5-1.



Bjarni Guðjónsson, leikmaður Plymouth á Englandi, hafnaði tilboði frá belgíska úrvalsdeildarliðinu Lokeren sem vildi fá hann í sínar raðir áður en leikmannaglugginn lokast í lok mánaðarins. Að sögn Bjarna var tilboð Lokeren einfaldlega ekki nægilega gott og mun hann því að öllum líkindum vera áfram í herbúðum Plymouth til loka tímabilsins, en þá rennur samningur hans við félagið út.

Eric Cantona, franska goðsögnin hjá Man. Utd. segist ekki vera hrifinn af núverandi leikstíl Rauðu djöflanna. Hann segist áhyggjufullur um framtíð liðsins nú þegar Glazer-feðgar hafa náð meirihluta í félaginu og Roy Keane er horfinn á braut. „Það er ekki sama jafnvægið og áður og það gæti verið að dauði George Best hafi verið byrjunin á dauða heils félags,“ segir Cantona.



Thierry Henry, sóknarmaður Arsenal, hefur biðlað til forráðamanna Arsenal um að festa kaup á táningnum Theo Walcott, en fjölmörg lið eru á höttunum á eftir hinum 16 ára gamla framherja Southampton sem þykir eitt mesta efni landsins. „Hann yrði styrkur fyrir liðið. Ungur og tæknilegur strákur sem elskar að spila fótbolta. Ég hef séð til hans og hrifist,“ segir Henry.

Daníel Hjaltason, sóknarmaður Víkings, verður hugsanlega áfram hjá félaginu á næstu leiktíð en í viðtali, sem birt er á heimasíðu stuðningsmanna liðsins, sagði hann frá því að hann og Magnús Gylfason þjálfari væru langt komnir í viðræðum sín á milli. „Þetta mun allt koma í ljós von bráðar en það er ennþá inni í myndinni að spila fyrir annað lið,“ segir Daníel en hann hefur m.a. verið orðaður við Leikni.

Garðari Jóhannssyni, sóknarmanni úr KR, hefur verið boðið til reynslu hjá enska 1. deildarfélaginu Millwall í annað sinn á skömmum tíma. Hinn 25 ára gamli Garðar var í síðustu viku hjá Millwall en ferðin var tilkomin vegna nýlegs samstarfssamnings á milli KR og enska félagsins. Sá möguleiki er fyrir hendi að Garðar verði lánaður til Millwall til sumars.



Varnarmaðurinn Hlynur Birgsson hefur ákveðið að spila eitt ár til viðbótar með Þór Ak. í 1. deild karla í knattspyrnu. Gengið var frá samningum þess efnis í gær og eftir því sem greint er á heimasíðu Þórs er Hlynur í mjög góðu formi þrátt fyrir að verða 38 ára gamall á sunnudaginn og er búist við því að hann verði áfram lykilmaður liðsins í sumar.


Roland Hartwell


Sigurður Örn Jónsson


Ómar Ragnarsson


Íris Kristinsdóttir


Hallgrímur Óskarsson


Ingvi Þór Kormáksson


Trausti Bjarnason


Davíð Olgeirsson

# 2006 söngvakeppni sjónvarpsins

Laugardaginn 21. janúar kl. 20.10 verður fyrsta undanúrslitakvöldið af þremur, þar komast fjögur lög af átta áfram í aðalkeppnina sem haldin verður 18. febrúar.

Almenningur velur með símakosningu framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem haldin verður í Aþenu á Grikklandi.

**Taktu þátt og tryggðu þínu lagi brautargengi með því að hringja í númerin hér fyrir neðan.**

| Símanúmer | Titill: | Höfundur: |
|---|---|---|
| 900 2001 | Maria | Roland Hartwell |
| 900 2002 | Sést það ekki á mér? | Sigurður Örn Jónsson |
| 900 2003 | Stundin - Staðurinn | Ómar Ragnarsson |
| 900 2004 | Ég sé | Íris Kristinsdóttir |
| 900 2005 | Það sem verður | Hallgrímur Óskarsson |
| 900 2006 | Í faðmi þér | Ingvi Þór Kormáksson |
| 900 2007 | Þér við hlið | Trausti Bjarnason |
| 900 2008 | Strengjadans | Davíð Olgeirsson |

* símtalið kostar 99 kr.

SJÓNVARPIÐ BaseCamp Síminn

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm not sure she's capable of any real feelings. She's television generation. She learned life from Bugs Bunny."**

**Svar:** Max Schumacher úr kvikmyndinni Network árið 1976.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON ER ÓSÁTTUR MEÐ HNAKKAVÆÐINGU SIRKUS

# *Frekar einsleit flóra*

Ég er pínu smeykur við þá miklu hnakkavæðingu sem á sér stað á sjónvarpstöðinni ágætu, Sirkus. Í janúar hefur þessi unga sjónvarpsstöð verið að blása til sóknar og nú eru að hefjast þrír nýjir íslenskir sjónvarpsþættir hjá stöðinni. Vissulega virðingarvert framtak enda er alltaf pláss fyrir nýja íslenska dagskrár-gerð. Það sem mér finnst þó verst við þessa þætti er að þeim stjórna helstu og frægustu hnakkar landsins. Lið sem varð frægt fyrir það að skrifa opinskátt blogg, stunda Hverfisbarinn og geta „höslað" alla sem það vill. Kannski öfundsvert fyrir suma. Þættirnir eiga að herja á ungdóm landsins, jafnvel fólk eins og mig, sem er rétt rúmlega tvítugt, og kíkir reglulega í bæinn um helgar. Þessir þrír þættir eru holdgervingar allt of lítils hluta menningar þessa aldurhóps. Vissulega sýna þessir þættir menningu en einungis hnakkahluta hennar; partí hjá hnökkum, hnakkar að breyta treflum (það er fólk sem er ekki hnakkar) í hnakka, berbrjósta hnakkastelpur og hnakkar í fíflaleik. Er ekki verið að horfa á íslenskt ungdómsmannlíf frá frekar einsleitri hlið? Samt er alveg hægt að færa rök fyrir því að þessir þættir eigi rétt á sér en má ekki líka búa til þætti um eitthvað annað? Eitthvað annað sem tengist menningu þessarar kynslóðar íslensku þjóðarinnar? Jú, það má nefnilega alveg gera það. En hvað veit ég svo sem? Ennþá á eftir að koma almennileg reynsla á þessa þætti og kannski eiga þeir eftir að reynast sem epík í íslensku sjónvarpslífi. Þetta gæti verið það sem almúginn vill, stelpur með skoru, strákar í slagsmálum í Keflavík, brjálað r og b á Hverfis og Gilzenegger ber að ofan. Hver veit, kannski verð ég einn þeirra sem verður aftreflaður hjá Gilz og Partí-Hans?



**SPLASH** Þátturinnn Splash er einn af nýju íslensku þáttunum á Sirkus.



▶ 22.25 *Drama*

THE ROTTERS' CLUB



▶ 20.55 *Gaman*

HOW I MET YOUR MOTHER



▶ 21.45 *Raunveruleiki*

GIRLS NEXT DOOR



▶ 22:00 *Drama*

HOUSE



▶ 20.30 *Íþróttir*

WORLD'S STRONGEST MAN 2004

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn. e.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá vináttulandsleik Íslendinga og Frakka í Laugardalshöll.
**21.35 Nýgræðingar (93:93)** (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ýmsar ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Félagar (3:3)** (The Rotters' Club) Breskur myndaflokkur um þrjá vini sem vaxa úr grasi í Birmingham á áttunda áratugnum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Aðþrengdar eiginkonur (22:23) **0.05** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** Blue Collar TV **14.00** Two and a Half Men **14.25** Neighbourhoods form Hell **15.15** The Block 2 **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Meistarinn (4:21)**
▶ **20.55 How I Met Your Mother (2:22)** Nýir bráðskemmtilegir rómantískir gamanþættir í anda Friends sem notið hafa mikillar hylli í Bandaríkjunum síðan sýningar á þeim hófust þar fyrr á árinu.
**21.20 Nip/Tuck (2:15)** (Klippt og skorið)(Kiki) Einhverjir svakalegustu framhaldsþættir sem gerðir hafa verið eru orðnir ennþá svakalegri. Bannaðir börnum.
**22.05 Inspector Lynley Mysteries (5:8)** (Lynley lögregluvarðstjóri) Bönnuð börnum.
**22.50 The Contaminated Man** (Sýkti maðurinn).

**0.25** Six Feet Under **1.20** The 4400 **2.05** Pups (Str. b. börnum) **3.45** Deadwood **4.40** How I Met Your Mother **5.10** The Simpsons 12 **5.35** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Fashion Television (12:34)**
**19.30 Partí 101** Drottning næturinnar, Brynja Björk, mætir með hirðina á vinsælustu skemmtistaði Reykjavíkur á limmósínu og sýnir áhorfendum hvernig á að skemmta sér.
**20.00 Friends 6 (10:24)**
**20.30 Splash TV 2006**
**21.00 Summerland (8:13)**
▶ **21.45 Girls Next Door (12:15)** (I'll Make Manhattan) Þær eru oftast ljóshærðar, metnaðargjarnar og alltaf fallegar. Bannaðar börnum.
**22.15 Smallville (6:22)** (Transference) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

**23.00** Invasion (2:22) **23.50** Friends 6 (10:24) (e) **0.15** Splash TV 2006

### SKJÁREINN

**16.00** 2005 World Pool Championship (e) **17.55** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** Queer Eye for the Straight Guy (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 Complete Savages (e)**
**20.00 Family Guy** Brian fær vinnu sem eiturlyfjahundur hjá Quahog lögreglunni.
**20.30 Malcolm In the Middle**
**21.00 Will & Grace**
**21.30 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir.
▶ **22.00 House** House þarf að sinna sjúklingi sem fær hvert hjartaáfallið á fætur öðru og aðalumræðuefnið á spítalanum er sambandið á milli Cameron og House.
**22.50 Sex Inspectors** Kynlífssérfræðingarnir Tracey Cox og Michael Alveir greiða úr kynlífsvanda para í þáttunum The Sex Inspectors. Þau greina ástarlíf fólksins og reyna að einangra vandamálið.

**23.35** Jay Leno **0.20** Law & Order: SVU (e) **1.05** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.30** Fasteignasjónvarpið (e) **1.40** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**16.20** Ítalski boltinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttaáhugamenn láta ljós sitt skína.
**19.00 X-Games** (Ofurhugaleikar)
**20.00 US PGA 2005 – Inside the PGA T**
▶ **20.30 World's strongest man 2005**
**21.00 NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06)
**21.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír)
**22.00 A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri)(A1 Grand Prix – samantekt)
**22.55 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í Meistaradeildinni.

**23.35** Bandaríska mótaröðin í golfi

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Just Married **8.00** Lost in Translation **10.00** Twin Falls Idaho **12.00** Phenomenon II **14.00** Just Married **16.00** Lost in Translation **18.00** Twin Falls Idaho **20.00 The Sum of All Fears** (Hástig ógnarinnar) Það andar köldu í samskiptum Bandaríkjamanna og Rússa. Bönnuð börnum. **22.00 Lord of the Rings: The Return of the King** (Hringadróttinssaga: Hilmir snýr heim) Bönnuð börnum. **1.15** The Time Machine (Bönnuð börnum) **2.50** Real Women Have Curves (Bönnuð börnum) **4.15** The Sum of All Fears (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** Live from the Red Carpet **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** 101 Most Awesome Moments in... **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** The 2006 Golden Globes Special **21.00** The 2006 Golden Globes Special **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Superstar Weddings Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Blackburn – Bolton frá 14.01 **16.00** Sunderland – Chelsea frá 15.01 **18.00** Man. City – Man. Utd. frá 14.01

**20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið.
**21.00 Liverpool – Tottenham frá 14.01** Leikur sem fram fór síðastliðinn laugardag.

**23.00** Arsenal – Middlesbrough frá 14.01
**1.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Nip/Tuck** Stöð 2 **kl. 21.20**

### *Úrkynjað líf*



Einhverjir svakalegastu framhaldsþættir sem gerðir hafa verið eru orðnir enn svakalegri. Eins og þeir muna glöggt sem sáu uppgjörið í annarri þáttaröð var hið flókna og úrkynjaða líf lýtalæknanna Seans og Christians orðið flóknara en nokkru sinni áður – og er þá mikið sagt.
Í þessum þætti ræður Sean til sín Quentin Costa, lýtalækni sem leysir Christian af. Þeir nota nýjustu geislatækni til að fjarlægja tattú af skjólstæðingi á meðan Julia fær aðstoð fyrir Matt son sinn til að hann geti áttað sig betur á kynhneigð sinn.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Tónlistarkvöld **21.15** Smásaga: Á botni breðans **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Misskilningurinn **0.10**

Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Gettu Betur **21.00** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **20.10** *Fréttir*

FRÉTTALJÓS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
▶ **20.10** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjón fréttastofu NFS.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Alpine Skiing: World Cup St Moritz Switzerland **13.30** Figure Skating: European Championship Lyon France **14.00** Biathlon: World Cup Antholz Italy **14.45** Bobsleigh: World Cup St Moritz **15.45** Figure Skating: European Championship Lyon France **17.00** Football: African Cup of Nations Egypt **19.00** Figure Skating: European Championship Lyon France **21.30** Football: Top 24 Clubs **22.00** Snooker: the Masters London **0.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **2.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** The Really Wild Show **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** Chanel **20.00** Little Britain **20.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.00** Red Dwarf **21.30** Blackadder Goes Forth **22.00** Space **22.50** Cutting It **23.40** Radical Highs **0.00** Battlefield Britain **1.00** Around the World in 80 Treasures **2.00** Spanish Journey

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** Polar Bear Alcatraz **14.00** Megastructures **15.00** Hunter Hunted **16.00** Predators At War **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Explorations **18.30** Storm Stories **19.00** Elephants Of Kilimanjaro **20.00** Megastructures **21.00** Hunter Hunted **22.00** The Serpent **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Hunter Hunted **1.00** Explorations **1.30** Storm Stories

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Gods and Demons **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Supernatural **19.30** Big Cat Diary **20.00** Britain's Worst Pet **20.30** Animal Planet at the Movies **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Supernatural **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Britain's Worst Pet **1.30** Animal Planet at the Movies **2.00** The Snake Buster

**CLUB**

**12.20** Insights **12.45** Matchmaker **13.10** Fashion House **13.35** Other People's Houses **14.30** Retail Therapy **15.00** Crimes of Fashion **15.30** Crime Stories **16.30** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** Girly Ghostbusters **18.40** E-Love **19.05** It's a Girl Thing **19.30** The Villa **20.25** Cheaters **21.15** Sextacy **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Men on Women **23.00** Sextacy **0.00** Women Talk **0.30** Ex-Rated **1.00** Vegging Out **1.25** Sizzle **1.55** Loyd on Location


ÚTSALA
15-50% afsláttur
Allar vörur í verslun á útsölu
opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16













míra art HÚSGÖGN
BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300




KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Halldór Ásgrímsson fyrir að láta slag standa og koma í þáttinn til Strákanna.*



**LÁRÉTT 2** slátra **6** samþykki **8** besti árangur **9** þrá **11** guð **12** ófriður **14** rákir **16** ætíð **17** flýti **18** flana **20** í röð **21** þekkja leið.

**LÓÐRÉTT 1** útihús **3** hljóm **4** skeði **5** óhreinka **7** áköf þrá **10** knæpa **13** kæla **15** glufa **16** haf **19** bardagi.

**Lausn.**

**LÁRÉTT: 2** lóga, **6** já, **8** met, **9** ósk, **11** ra, **12** stríð, **14** rásir, **16** sí, **17** asa, **18** æða, **20** tu, **21** rata.
**LÓÐRÉTT: 1** fjós, **3** óm, **4** gerðist, **5** ata, **7** ástríða, **10** krá, **13** ísa, **15** rauf, **16** sær, **19** at.

allt tilboð
Alla föstudaga

## AÐ MÍNU SKAPI ÁGÚST BOGASON, GÍTARLEIKARI JAN MAYEN OG ÚTVARPSMAÐUR Á RÁS 2.

# Bonnie „Prince“ Billy, Kaupmannahöfn og Select-A-Disc

**Tónlist** Það er alltaf eitthvað nýtt í spilaranum hjá mér vinnunnar vegna, misgott eins og gengur og gerist. Hljómsveitin Æla og platan þeirra „Sýnum tillitssemi, ég er frávik“ er nokkuð sem útgefendur ættu að sjá sóma sinn í að gefa út. Þetta er frábær plata. Það sama gildir um hljómsveitina Reykjavík! Svo viðurkenni ég að ég er „sucker“ fyrir fullt af því sem þykir móðins í dag: Arcade Fire, Sufjan Stevens, Animal Collective, The Decemberists, The Television Personalities og svo er ég líka að fíla plötuna hans Sigga Ármann betur og betur.

**Bók** Þær eru nokkrar á náttborðinu mínu en varla er búið að lesa nema svona 50 síður í hverri. Þetta eru Kleifarvatn, Psychotic Reactions eftir Lester Bangs, Eleven Minutes eftir Paulo Coelho, Saga Rolling Stones og nú síðast byrjaði ég á ævisögu John Lennon.

**Bíómynd** Horfði á Jón Odd og Jón Bjarna á DVD. Merkilegt hvað sú mynd hefur elst vel. Á köflum virkilega illa leikin en samt yndisleg.



**Borg** Ég gæti nefnt fullt af svölum stöðum en mér bara líkar ágætlega í Reykjavík. En ég hef líka miklar taugar til Kaupmannahafnar þar sem ég bjó bæði sem barn og svo aftur sem ungur maður. Annars leitar hugurinn nú alltaf eitthvað út og ég gæti hugsað mér að búa víða erlendis þótt maður eigi eflaust eftir að enda sem gamall maður hérna heima.

**Búð** Ég er ekki það svalur að ég geti nefnt einhverja ofursvala búð sem ég elska meira en aðra. En ég fann mig vel í hjálpræðishernum í London á síðasta ári og þegar maður er staddur þar er líka gott að fara í Select-A-Disc og kaupa sér plötur. Hérna heima er alltaf gott að fara í heimsókn í Gallerí humar eða frægð! þar sem plötubúð Smekkleysu er til húsa. Þar er alltaf tekið á móti manni með faðmlögum og heitu kaffi.

**Verkefnið** Fyrst og fremst er ég að vinna að nýrri plötu með félögum mínum í Jan Mayen. Við erum þessa dagana að gera smá demo af því efni sem komið er en annars ætlum við að taka upp fljótlega og gefa út fyrri part sumars. Ég er ansi hræddur um þessi plata verði með því besta sem heyrst hefur, en hvað veit ég?




**SKARPHÉÐINN TRAUSTASON** Er einlægur aðdáandi The Kinks en forsprakki hljómsveitarinnar Ray Davies heldur tónleika hér landi um miðjan apríl. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

## SKARPHÉÐINN TRAUSTASON: THE KINKS VORU MÍNIR BÍTLAR

# Aðdáunin vex með árunum

Tónlistamaðurinn Ray Davies heldur tónleika í Laugardalshöll föstudaginn fjórtánda apríl. Verður þetta í fjórða sinn sem þessi fyrrverandi leiðtogi rokkgrúppunnar The Kinks kemur hingað til lands, en hann hélt eftirminnilega tónleika árið 2000 fyrir troðfullu húsi. Aðeins verður um þessa einu tónleika að ræða en Davies kemur hingað ásamt hljómsveit og mun flytja gömul lög í bland við ný. Hann gefur út sína fyrstu sólóskífu í febrúar.

The Kinks er talin vera einhver áhrifamesta hljómsveit síðari tíma en hún spilaði hér á landi árið 1965 í Austurbæjarbíói og aftur árið 1970. Þá var reyndar einn ákafasti aðdáandi hljómsveitarinnar ekki fæddur en hann hefur ekki látið ungan aldur stöðva sig heldur segir aðdáunina fara vaxandi með hverju ári.

Skarphéðinn Traustason, rúmlega tvítugur bæjarstarfsmaður, var í óða önn að skafa gangstéttir og tæma polla þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Heima hjá mér voru ekki til neinar Bítlaplötur heldur bara Kinksplötur svo að þeir urðu mínir „bítlar“,“ útskýrir Skarphéðinn þegar hann er krafinn skýringar á þessum áhuga og kennir foreldrum sínum alfarið um. „Ég hlustaði fyrst á gömlu plöturnar en hef síðan bætt mér upp það sem á vantaði og á núna allt safnið,“ bætir hann við. Ferill The Kinks er einn sá allra lengsti í rokksögunni en þeir störfuðu samfellt í yfir þrjátíu ár. „Þeir stöðnuðu aldrei og voru sífellt að leita á ný mið,“ segir Skarphéðinn og bætir við að stundum hafi þeir verið elskaðir en hljómsveitin hafi einnig kynnst óvild í sinn garð. „Þeir afrekuðu það meðal annars að vera „cult“-hljómsveit hjá Andy Warhol,“ bætir hann við og býr augljóslega yfir miklum fróðleik um bresku risana. „Þeir hafa haft mikil áhrif á bæði metal og brittpopp,“ segir hann.

Skarphéðinn var mættur í Laugardalshöllina fyrir sex árum þegar Ray spilaði þar og ætlaði að sjá hann í London þremur árum síðar. „Þeim tónleikum var hins vegar frestað eftir að hann var skotinn í mjöðmina í New Orleans,“ segir hann, en Davies ætlaði að handsama þjóf sem rændi veski kærustunnar hans. „Reyndar er nýja platan hans tileinkuð New Orleans vegna flóðanna sem þar urðu enda er Davies mikill áhugamaður um djassinn og borgina,“ segir Skarphéðinn.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nú hefur verið ákveðið hvaða átta lög hefja leikinn á fyrsta undanúrslitakvöldi Eurovision-keppninnar hér á landi sem verður í beinni útsendingu á Rúv 21. janúar. Alls munu fjögur lög komast áfram í úrslitin sem verða haldin þann 18. febrúar. Undankeppnirnar verða þrjár og því munu tólf lög keppa til úrslita í símakosningu.



Fyrsta kvöldið syngja Þóra Gísladóttir og Edgar S. Atlason lag Ómars Ragnarssonar, Stundin, staðurinn, Regína Ósk syngur lag Trausta Bjarnasonar, Þér við hlið, Íris Kristinsdóttir syngur eigið lag sem nefnist Ég sé, Matthías Matthíasson syngur lagið Sést það ekki á mér? eftir Sigurð Örn Jónsson, Friðrik Ómar syngur Það sem verður eftir Hallgrím Óskarsson, Gunnar Ólason úr Skítamóral syngur lagið María eftir Roland Hartwell, Maríanna Másdóttir syngur lag Ingva Þórs Kormákssonar, Í faðmi þér, og loks syngur Davíð Þ. Olgeirsson eigið lag sem nefnist Strengjadans.

Það bætist enn í frægðarhóp spurningaþáttarins Meistarans sem er á dagskrá Stöðvar 2. Kristján Guy Burgess, fyrrverandi fréttastjóri DV, tekur sæti Paolos Turchi, sem forfallaðist á síðustu stundu. Er Kristján nýkominn heim úr meistaranámi í alþjóðastjórnmálum og þjóðarrétti. Kristján er reyndar vanari því að vera hinum megin við borðið og spyrja menn spjörunum úr, en frægt er þegar hann rak sjálfan Árna Johnsen á gat í frægu fréttaviðtali. Kristján mun etja kappi við Hauk Harðarson í síðustu viðureign fyrstu umferðar 2.febrúar.



-fgg

SÚR HVALUR OG RENGI HARÐFISKUR OG HÁKARL
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.

# Uppbókað á hjónanámskeiðin

Hjónanámskeið sr. Þórhalls Heimissonar í Hafnarfjarðarkirkju hafa slegið í gegn en ellefu ár eru síðan pörum og hjónum gafst kostur á að sækja þau í fyrsta sinn. Að sögn Þórhalls hefur aðsóknin verið allt að því lygileg. „Þetta er í raun alveg ótrúlegt og námskeiðin eru alltaf jafn vel sótt,“ segir hann en uppbókað er í þau námskeið sem í boði eru núna og geta áhugasamir fyrst skráð sig í ágúst. „Það þýðir því ekkert að hringja eða senda tölvupóst, það er alveg fullt,“ segir Þórhallur en bætir við að hann sé alltaf að reyna fjölga þátttakendum á hvert námskeið þó að það sé mjög erfitt þegar hann er bara einn.

Hjónanámskeiðin eru ekki eingöngu hugsað fyrir pör sem þegar eiga í einhverjum vandræðum í sambúðinni heldur eru þau einnig fyrir pör og hjón sem vilja styrkja samband sitt. „Þetta er jákvætt námskeið sem hjálpar fólki að skoða sjálft sig,“ segir Þórhallur sem telur vinsældirnar stafi af því að ekki sé verið að segja fólki hvernig það eigi að haga sér heldur er verið að hjálpa því að finna sína eigin leið en bætir við að þetta sé langt í frá létt verk. „Það er aldrei auðvelt að ganga í gegnum slíka sjálfskoðun en þetta hjálpar fólki að horfast í augu við sjálft sig,“ segir hann.



**SR. ÞÓRHALLUR HEIMISSON** Hjónanámskeiðin hans hafa slegið í gegn hjá landsmönnum og um 7.500 manns hafa sótt þau á síðustu ellefu árum.

Alls hafa nú um 7.500 manns sótt hjónanámskeiðin og segir Þórhallur þetta vera fólk á öllum aldri úr öllum stéttum af öllu landinu. „Þó hafa samkynhneigðir verið eitthvað feimnir við að koma en þeir eru að sjálfsögðu velkomnir,“ segir Þórhallur. - fgg

# SKÓSPRENGJAN

## ÚTSALAN HEFST Í DAG KL. 10

# LÁGMARK 50% AFSLÁTTUR!

* OPIÐ SUNNUDAGINN FRÁ 12-15

PETER KAISER · ecco · ara · LLOYD · ZINDA

**DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR**




# Toppskórinn

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

**OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
**JÓNS GNARR**

## Kristilegur kærleikur

Það er lúmskur rígur á milli kristinna söfnuða. Margir álíta að þeir séu í „Hinum eina og sanna söfnuði“ en aðrir í misjafnlega röngum. Hvernig er hægt að vera á móti þeim sem í grundvallaratriðum trúa á það sama og maður sjálfur? Ég er kaþólskur en ég hef ekkert á móti mótmælendum, hvítasunnufólki eða aðventistum. Er þetta ekki allt bara kristið fólk sem trúir á sama Jesús og ég þótt það tilbiðji hann á ólíkan hátt?

**KRISTIN** trú er kærleikstrú. Hún gengur ekki út á ytra útlit heldur inntak. Ég held að þessi sundrung sé sprottin af hroka. „Ég er heilagari en þú!“ hugsunarhátturinn. Það er sérstaklega óviðeigandi því inntak þess að vera kristinn er að vera þjónn. Og kristinn söfnuður hefur fyrst og fremst skyldur við þá sem ekki eru í honum, týnda sauði.

**ALLIR** kristnir menn viðurkenna að kristinn maður á persónulegt samband við Jesús. Jesús er persónulegur guð. Hvað segir að hann þurfi að eiga eins samband við alla? Ég á til dæmis mjög mismunandi samband við vini mína. Og ég krefst þess ekkert að allir aðrir geri nákvæmlega það sama og ég.

**KRISTINN** maður hefur auðmýkt sig og er orðinn þjónn. Og ekki bara hvaða þjónn sem er. Hann á að reyna að vera góður þjónn. Á góðum veitingastað eru þjónarnir ekki að kýta úti í horni og rífast hver við annan og metast um það hver sé bestur og mestur heldur leggjast þeir á eitt við að þjónusta viðskiptavinina sem eru allir sem eru ekki þjónar.

**OG** góðir þjónar þurfa að hafa umburðarlyndi, þolinmæði og endalausa þjónustulund til að bera.

**KRISTNIR** menn eru eins og þjónar sem beðnir eru um að þjóna í veislu konungs. Þeim ber að standa saman og styðja hver annan. Ef þeir standa í sífelldum erjum eða metast um það hver þekki kónginn best og sé í uppáhaldi hjá honum, þá misferst þeim starf sitt hrapalega. Gestunum verður ekki þjónað til borðs. Veislan er ónýt. Allt er unnið fyrir gýg. Kóngurinn verður aðeins reiður út í lélegu, sjálfselsku þjónana. Og engum er skemmt nema óvinum kóngsins.

**HVER** þjónn er ólíkur trúflokkur og ber fram ólíka rétti handa mismunandi kúnnum. En allir réttirnir koma frá Kokkinum í Eldhúsinu. Maturinn er góður. En ef þjónustan er léleg þá koma engir kúnnar. ■





„Við mælum með Bridgestone loftbóludekkjum – eftir að hafa reynt þau í þrjá vetur“

*segja þeir Rúnar og Baldur Jónssynir – margfaldir Íslandsmeistarar í Rallyakstri*

VELJIÐ BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKK

15%–20% AFSLÁTTUR NÆSTU DAGA





- Meira öryggi og akstursánægja
- Mun betra veggrip
- Mun styttri hemlunarvegalengd
- Mikið skorin og mjúk
- Ónegld og hljóðlát
- Minna slit á malbikinu
- Umhverfisvænni



BETRA GRIP
DEKKJAÞJÓNUSTA I LÁGMÚLA 9
SALA: 5-333-999 [GSM: 896-0578]
Verkstæði: 5-333-997 [GSM: 899-2844]